

VII

SÆVAR MARINÓ CIESIELSKI ERLA BOLLADÓTTIR

A Nr. XXXI. Lagt fram í Sakadómi
Reykjavíkur 21/3 1977

G.Br.

Málsskjöl vegna ætlaðra
þjófnaðarbrota.

III. og IV. kafli ákæru 1-3

A Nr. XXXII Lagt fram í Sakadómi
Reykjavíkur 21/3 1977

G.Br.

Málsskjöl vegna ætlaðra
fjárvíka.

IV. kafli ákæru, 4

A Nr. XXXI Lagt fram í Sakadómi
Reykjavíkur 21/3 1977

G.Br.

SÆVAR MARINÓ CIESIELSKI
ERLA BOLLADÓTTIR

Málsskjöl vegna ætlaðra
þjófnaðarbrota.

III. og IV. kafli ákæru 1-3

Frá 1977 fyrir ófengilegum dómum seka-
sós Reykjavíkur með iðnverki í af héraði Hennrysyni,
sakadómu.

Fyrir ófengilegum

Rannsóknarvegna ætlaðra

Hengimárgarðabrota

Sævars Marinó Ciesielski

og

Erla Bolladóttir,

Frau eru lögg þessi skjöl;

Nr. 1-3 Skýrslur rannsóknarlúggregis

Pá komur fyrir dóminn kerði Sævar Marinó Ciesielski,
mið spalufangi, fæddur 6.7.1935 að Hórus-þóri, döfnarða-

hreppi, Árnæssýslu.

Með honum er mættur réttargæslumaður hans Jón Oddsson hrl.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74/1974.

Kærði segir að að kvöldi 24. mars 1974 hafi hann ætlað að fá að hringja í sælgætisverslun að Vesturgötu 53, en hann gat gengið þangað inn um dyr verslunarinnar. Þegar hann var kominn inn í verslunina, skall hurðin hins vegar í lás, þannig að hann gat ekki opnað og varð honum nú ljóst að enginn var í versluninni. Hann fór nú að leita að útgöngudyrum, en þá rakst hann á umslag á hillu bak við afgreiðsluborð, sem á stóð tala, þrjátíu og eitthvað þúsund. Tók hann umslagið og fór síðan út um afgreiðslulúgu með því að ýta út hlerum, sem fyrir henni voru. Í umslaginu reyndust vera peningar og ávísanir að fjárhæð nokkuð yfir 30.000 kr. Hann eyðilagði ávísanirnar en eftir voru u.p.b. kr. 32.000.oo í peningum, sem hann eyddi.

Lesin er fyrir kærða skýrsla hans hjá rannsóknarlögreglu á dskj. nr. 1, sem hann telur rétta að öðru leyti en því að upphæð ávíhana kunni að hafa verið hærri.

Kærða er kynnt framkomin bótakrafa frá Elínu Þórhallsdóttur og mótmælir hann henni ekki.

Vorið 1974 kom kærði nokkrum sinnum í skála Eimskipafélags Íslands við Sundahöfn, að kvöldi til þar sem hann þekkti two vaktmenn, sem þar voru, Ólaf Steffensen og Leif Jóelsson. Kærði varð þess þá áskynja að auðvelt var að ná í áfengi þarna á staðnum, þar sem aðeins burfti að fara yfir girðingu eða net í kringum áfengisborgðirnar. Eitt kvöld

í maí, er hann var þarna ölvaður fór hann yfir netið og tók 6 koníakspela, 2 vodkaflöskur og 3 whiskyflöskur, sem hann faldi síðan undir segli fyrir utan skálann. Fékk hann Albert Klahn Skaftason til að koma með sér daginn eftir og sækja þetta. Neytti kærði sjálfur einhvers af þessu áfengi, gaf Albert eitthvað og seldi eitt-hvað að því er hann minnir. Einhvern næstu daga, líklega á laugardagskvöldi, fór kærði aftur í skálann og hitti fyrst Ólaf en kvaddi hann síðan og gætti þess þá að lásinna á hurðinni væri opinn er hann fór út, þannig að hann kæmist inn aftur. Fór hann síðan inn aftur og tók áfengi, vodka, 60 briggja pela flöskur, sem hann setti í ferðatösku sem hann tók einnig þarna inni. Fór kærði síðan með þetta heim til sín í Álfheimi og seldi flöskurnar síðan Ottó Sigurðssyni daginn eftir fyrir 60.000 krónur.

Næsta kvöld fór kærði enn í skálann á sama hátt og fyrr og tók nú einn kassa af vodka, þ.e. 12 flöskur. Seldi hann þær sama manni fyrir kr. 12.000.oo.

Lesin er fyrir kærða skýrsla hans hjá rannsóknarlög-reglu á dskj. nr. 2, sem hann telur rétta að öðru leyti en því, að hann telur nú að hann hafi tekið áfengi þarna í fyrsta sinn á föstudagskvöldi.

Sumarið 1974 kom kærði í Farfuglaheimilið við Baldurs-götu hér í borg og ætlaði að hitta kunningja, sem hann hafði skilið við þar skömmu áður við drykkju, Þar var þá enginn en á leið sinni út sá kærði umslag með peningum er hann tók og reyndust vera kr. 30.000.oo. Eyddi hann þeim peningum. Einnig tók hann þarna þverflautu, sem hann létt Albert Klahn

fá, en hann telur að Albert hafi skilað henni til löggreglu.

Kærða er lesin skýrsla hans hjá rannsóknarlöggreglu á dskj. nr. 3, sem hann segir rétta.

Kærða er kynnt bótkrafa Farfugladeildar Reykjavíkur með dskj. nr. 3. Hann mótmælir henni ekki að öðru leyti en því, að hann telur að umrædd þverflauta sé komin til skila.

Kærði man óljóst eftir því að hafa tekið kvenveski í Tjarnarbúð á dansleik, er hann var með Erlu Bolladóttur og Kristjáni Viðari Viðarssyni. Hann tók nafn- eða ökuskríteini úr veskinu, en fleygði því síðan rétt hjá Tjarnarbúð, en hann tekur fram að hann muni lítið eftir þessu sökum ölvunar.

Hann telur að peningar hafi ekki verið í veskinu, en umrætt skírteini notaði ham síðar í sambandi við það, er hann og Erla sviku fé út úr Pósti og síma.

Hinn 6. mars 1974 var kærði staddur í afgreiðslu Flugfélags Íslands og var ólvaður, en hann hafði heyrt að oft væri auðvelt að ná þar í áfengispakka sem lægju þar í reiðuleysi. Rétt fyrir utan afgreiðsluna, nálægt þeim stað er farþegar ganga út í flugvélar, sá hann hvítan póstpoka og taldi hann af lögun pokans að í honum væru hljómplötur. Tók hann pokann undir hendina og hafði hann heim með sér í Álfheima, þar sem hann opnaði hann. Í honum voru ýmiss konar bréf og umslög. Í einu umslagi var eitthvað af erlendum gjaldeyri, sem kærði tók og einnig tók hann tvö ávísanahæfti á Búnaðarbankann, er hann og Erla notuðu síðan til að falsa ávísanir. Að öðru leyti notaði kærði ekki innihald pokans og skildi hann eftir í geymslu fjölbýlishúss nálægt heimili sínu, þar sem hann taldi að hann myndi finnast, en

hann þorði ekki að fara með hann út á flugvöll.

Kærða er lesin skýrsla hans hjá rannsóknarlöggreglu á dskj. nr. 4, sem hann segir rétta.

Kærða er kynnt bótkrafa Pósts og síma meðfylgjandi dskj. 4 og mótmælir hann henni ekki.

Kærði man óljóst eftir að Erla hafi farið með tékka, er hún falsaði, í sjoppu nálægt heimili þeirra í Álfheimum og keypt fyrir sælgæti og gosdrykki, er þau neyttu. Tékkinn hafi verið úr tékkhefti, er kærði komst yfir á Röðli.

Kærða er lesin skýrsla hans hjá rannsóknarlöggreglu á dskj. nr. 5, sem hann kveður rétta.

Kærði minnist þess að Erla hafi útfyllt tékka er þau keyptu happdrættismiða í bifreið í Bankastræti og hafi einhverjir peningar verið afgangs er þau hafi eytt.

Kærða er lesin skýrsla hans hjá rannsóknarlöggreglu á dskj. nr. 6, sem hann telur rétta.

Kærði kannast við að hafa framselt tékka að fjárhæð kr. 2.000.oo, er Erla falsaði með útgefandanafninu Björgúlfur Stefánsson. Tékkann seldi kærði í sölturni við Hlemmtorg, þar sem hann var að kaupa eitthvað.

Kærða er sýndur tékkinn með dskj. nr. 7. Kannast hann við að hafa framselt hann með nafninu Jón Sigurðsson.

Kærða er lesin skýrsla hans hjá rannsóknarlöggreglu á dskj. nr. 7, sem hann segir rétta, nema þar sé sú villa að haft sé eftir sér að Erla hafi stolið fyrrnefndum póst-poka.

Kærði man eftir því að Erla notaði ávísun úr sama hefti að fjárhæð kr. 5.000.oo til kaupa fyrir kærða flugu-

línu í versluninni Útilíf í Glæsibæ og einnig hafi hún keypt einhver matvæli.

Kærða er lesin skýrsla Erlu Bolladóttur hjá rannsóknarlögreglu á dskj. nr. 8, sem hann telur rétta.

Kærði segir að hann hafi vitað að Erla notaði tékka úr sama hefti að fjárhæð kr. 5.000.oo er hún útfyllti til kaupa á matvælum hjá Silla og Valda.

Kærða er lesin skýrsla Erlu Bolladóttur hjá rannsóknarlögreglu á dskj. nr. 9. Hann telur hana rétta, nema hvað Erla hafi sjálf haft umrætt hefti hjá sér, en hins vegar hafi hann vitað um útgáfu þeirra tékka úr umræddu hefti, sem hér hefur verið fjallað um.

Kærða er kynnt bótakrafa Silla og Valda á dskj. nr. 9, sem hann kveðst ekki mótmæla.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 15.10.

Dómpingi slitið.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hjörðís Þorsteinsdóttir

Jón Halldórsson

Ár 1977, föstudaginn 18. febrúar er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni, sakadómara.

Fyrir er tekið:

Framangreint mál.

Pá mætir í dominum kl. 11.00 Erla Bolladóttir, Stóragerði 29, Reykjavík, f. 19.7.1955 í Reykjavík.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74/1974.

Kærða segir að í mars 1974 hafi Sævar Marinó komið með póstpoka á heimili þeirra að Álfheimum 40, sem hann hafi sagst hafa tekið við afgreiðslu Flugfélags Íslands. Úr poka þessum hafi þau tekið nokkra tugi fær-eyskra króna, sem kærða skipti hjá símanum, þar sem hún starfaði. Einnig hafi þau tekið eitt ávíðanahefti, sem Björgúlfur Stefánsson hafi átt og hafi það verið á banka á Seyðisfirði. Að öðru leyfi hafi þau ekki nýtt sér innihald pokans.

Kærðu er lesin skýrsla hennar hjá rannsóknarlöggreglu á dskj. nr. 4 og segir hún hana rétta.

Sérstaklega aðspurð segir kærða að Sævar Marinó hafi haldið umræddu ávíðanahefti hjá sér og látið hana fá eyðublöð til að útfylla hverju sinni. Segir hún framburð Sævars Marinós um þetta, sem henni er kynntur vera rangan.

Kærða kannast við að hafa falsað two tékka úr ávíðanahefti Jóns Sólbergs Nóaonar við Útvegsbanka Íslands, en hefti þetta telur hún Sævar Marinó hafa stolið á Röðli.

Annan tékkann kr. 2.000.00 hafi hún notað er hún versl-aði við söluturn við Hálogaland og hafi Sævar Marinó ákveðið hvernig tékkinn skyldi útfylltur, þeði varðandi nöfn og upp-hæð, en hún framseldi tékkam með nafni Sólveigar Jónsdóttur.

Hinn tékkinn var að fjárhæð kr. 3.000.00 útfylltur á sama hátt og notaður til kaupa á happdrættismiðum hjá Krabba-meinsféluginu svo og til matarkaupa.

Kærðu eru sýndir tékkar með dskj. nr. 5 og 6 og kannast hún við að hafa útfyllt þá og framselt.

Kærðu eru lesnar skýrslur hennar hjá rannsóknarlög-reglunni ádskj. nr. 5 og 6, sem hún segir réttar.

Kærða kannast við að hafa útfyllt þrjá tékka úr ávíðanahefti Björgúlfss Stefánssonar við Útvegsbanka Íslands á Seyðisfirði.

Í fyrsta lagi hafi hún útfyllt tékka að fjárhæð kr. 2.000.00, sem Sævar Marinó hafi selt í sölturni við Hlemmtorg.

Í öðru lagi hafi hún útfyllt tékka að fjárhæð kr. 5.000.00, sem hún soldi í versluninni Útilíf í Glæsibæ, er hún keypti veiðilínu fyrir Sævar Marinó og lét hún hann hafa afganginn af peningunum.

Í þriðja lagi útfyllti kærða ávísun til Silla og Valda að fjárhæð kr. 5.000.00, er hún soldi í framan-greindri verslun í Glæsibæ við kaup á matvælum, en Sævar Marinó fékk afgang peninganna.

Kærðu eru sýndar ávíðanir á dskj. nr. 7, 8 og 9. Kannast hún við að þær séu fyrrnefndar ávíðanir og hafi hún útfyllt þær allar.

Kærðu eru lesnar skýrslur hennar hjá rannsóknarlög-reglu á dskj. nr. 7-9, sem hún segir réttar.

Kærðu er kynnt bótakrafa á dskj. nr. 9 frá verslun Silla og Valda, sem hún kveðst ekki mótmæla.

Upplesið, játað rétt.

Víkur frá kl. 11.46.

Dómþingi slitið.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hjörðís Þorsteinsdóttir

Vernharður Kristjánsson

Rannsóknariðgreglan í Reykjavík

Rétt endurrit staðfestir,

skrifstofu sakadóms Reykjavíkur, 1. mars 1977

l. ir.

Gjóvinnaðarlaðsíða



Þessi er posarinn er hvernig sinni skrifstofu héraðsins
en án hefur verið yfir daginn og þá ekki ekki með lei-
kve mikil er af peningum í posanum. Hérðu inga-
setti þó kann á sion stóð í fyrrikröðin nálgt mið-
nætti, en þegar afgræðisaufrólkja var til að ræsi
þá var ófálfanum, þó tóku vóðurinn svá dýrt af.

Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

Skýrsla

Priðu--daginn 26. mars 1974

Tekin af:

Gerti N. Bjarnasyni
löggreglum.

Efni:

rið inn í verslun að
sturgötu 53 og stolið
kr. 31.700,00 í pen-
gum.

Grunaðir:

ar Marinó Ciesielski
tubakka 10 Rvk.
6. 7. 1955.

Settur í varðhald:

Þá er kominn í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Elin Þórhallsdóttir eigandi sælgætisverslunarinnar að Vesturgötu 53 nér í borg til heimilis að Hlíðarhvammi 4 í Kópavogi sími 40185.

Hún skýrir frá því, að í fyrrinótt hafi verið stolið kr. 31.700,00 úr versluninni og var það uppgjörið fyrir s. l. sunnudag. Þá síðarihluta dagsins og par til lokað var, var að vinna við afgreiðslu í versluninni Hörður Ingi Torfason til heimilis að Lindarhvammi 11 í Kópavogi. Það er venja, að á hverju hvöldi eru allir peningarnir úr pemingakassanum, nema eitt hvæð af skiptimynt, látið í bréfpoka, sem síðan er láttinn bak við vörur á hilluhátt upp á vegg í herbergi inn af versluninni.

Utan á pokann er hverju sinni skrifað hversu mikil salan hefur verið yfir daginn og þá ~~xafmírátt~~ um leið hve mikið er af peningum í þókanum. Hörður Ingi setti pokann á sinn stað í fyrrakvöld nálegt miðnætti, en þegar afgreiðslustúlka kom til starfa í gärmorgunn, þá var pokinn með öðlu í, horfinn.

Ekki er mögulegt að sjá framan úr versluninni eða inn um glugga hennar hvar pokinn er láttinn. Sgo virðist segir Elín, að hér hafi einhver kunnugur verið á ferð, því ekki hafi vérið snert við neinu öðru og engin ummerki í versluninni sem bentu til þess að leitað hefði verið par. Stúkan sem kom til vinnu í gäermorgunn gat til dæmis ekki merkt það, að þar hefði verið gengið um fyrr en hún uppgötvaði hvarf pokans. Þá var farið að athuga málid nánar og kom þá í ljós, að lúga í hruðinni var aðeins opin og óhreinindi/bentu til þess, að annaðhvort hefði gluggi eða lúgan staðið opin yfir nóttina, eða stigið hefði verið á borðið. Lúga sú, er hér um ræðir, er í hurðinni síðan afgreitt var þar í gegn, en nokkuð langt er síðan því var hætt. Ekki telur Elín nein merki þess hafa verið, að lúgan hafi verið þvinguð upp og varla hafi neinn getað gengið þarna um nema hafa lykil að dyrnum sjálfum. Elín segir, að Hörður Ingí hafi gengið frá lúgunni á venjulegan hátt á sunnudagskvöldið og þá bannig, að ekki er gerlegt að opna hana nema innanfrá án þess að brjóta nokkuð.

Elín segir, að svo hafi verið komið, að hún hafi haft grun um, að einhver taki ófrjálsri hendi peninga eða vörur úr versluninni. Þetta hafi t. d. komið fram í mynd óvneju-legrar rýrnunar við vörutalningu. Nú fyrir ~~ca.~~ 3 vikum létt Elín skipta um skrá í hurðinni og segir hún, að ekki hafi aðrir lykil að versluninni nú, en hún og tvær stúlkur, sem þar vinna. Aftur á móti sé einn lykill geymdur í versluninni sjálfri og hann sé þar á sínum stað. Lykil þennan notar starfsfólkið til að opna á sunnudagsmorgnum.

Einsog fram er komið telur Elín að hér hljóti einhver mjög kunnugur að vera á ferð, en ekki kveðst hún geta grunað

kvíslitileg kl. 13,45 er mettar til skýrslutáku yngluða.

Skýrslan til hafið til Grýtubakka í Hvík. F. 6.7.1961. Þóttu

neinn sérstakan á fyrir verknaðinn.

E. N. Bjarnason
E. N. Bjarnason

löggreglum.

Upplesið, staofest:

Elin Pórhallsdóttir
Elin Pórhallsdóttir

Þ. Á Vesturgötu móti við húð nr. 53. Við þessa bíðstöð er salgjósverðum. Það minnist þess að klukkun hafur verið um 24,00, en Það var að húða eftir starfisvagni nr. 2, en Það hán að Það var á leið í Alþingi, þar sem Það bjó með þetta leytti. Það minnist þó ekki að Það gekk að sigraðið og yruðu misgjösversjuparinnar og tökk i burðarmálum og að dýrnar upplust. Það gekk inn í veralundina og lokaði húðinni á eftir mið og minnist þess að þá lastist húð. Það gekk inn fyrir afgreiðsluborðið og tökk að leita mér að útganguleið og sá að Það breyfði til ókassar til þessa að finna útganguleiðina. Það minnist þess að Það var kominn báran til við sjálfa afgreiðsluna fann Það örðunum bréfþóka, sem á stóð honum þrjátíu og eftthvað þúsum. Það tók þokun og hélít áfram að reyna að finna leið til þess að komast út úr húsinu. Það veitti því athygli að að stórus glugga sem snýr að Vesturgötunni var gluggi sem hafði verið notuháð til þess að afgreiða folk sem var úti á götu. Alveg við útgangnuðum eru að Það plána, sem Það gat hreyft og við það var megt að hreyfja gluggarn til og þannig komst Það út og dróg Það síðan gluggan aftur eins og hún hafði verið. Það fór strax að Vesturgötu 24 og þar hafði Það vildið, en eftan fór Það að Álhelium, þar sem Það bjó. Það þangað kom velj leitvæði manir sem voru í þokunum, en Það var ekki oppboðipa á ávisumum, hélíðar að þauur hafi verið að upphaf 200,00 krónur og að hin hafi verið að upphaf 500,00 krónur og að þær hafi verið á landabárkum og línefð abækum. Þeim gerau viltái Það til eigin þarfat.

Síðslutóku kl. 14,10.

Upplesið, staofest:

Vottar:

Elin Pórhallsdóttir

Ólafur M. Gisselsson

Rvík.13.lo.1976, kl.13,45 er mættur til skýrslutáku gæslufanginn Sævar M.Cisielski, til heimilis að Grýtubakka lo Rvík. f. 6.7.1955. Honum er kunngert tilefni skýrslutökunnar sem er vegna þjófnaðar og innbrots að Vesturgötu 53. Gætt er ákvæða l.mgr.40. gr. laga um meðferð opin-berra mála. Áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá.

" Eg minnist þess að fyrir löngu síðan var ég staddur á biðstöð S.V.R. á Vesturgötu móts við hús nr.53. Við þessa biðstöð er sælgætisverslun. Eg minnist þess að klukkan hefur verið um 24,00, en ég var að bíða eftir strætisvagni nr.2, en ég man að ég var á leið í Álfheimi, þar sem ég bjó um þetta leyti. Eg minnist þess að ég gekk að afgreiðslum dyrum sælgisisverslunarinnar og tók í hurðarhúninn og að dyrnar opnuðust. Eg gekk inn í verslunina og lokaði hurðinni á eftir mér og minnist þess að þá læstist hún. Eg gekk inn fyrir afgreiðsluborðið og fór að leita mér að útgönguleið og man að ég hreyfði til ölkassa til þess að finna útgönguleiðina. Eg minnist þess að er ég var kominn baka- til við sjálfa afgreiðsluna fann ég brúnan bréfpoka, sem á stóð honum þrjátíu og eitthvað þúsuns. Eg tók pokann og hélt áfram að reyna að finna leið til þess að komast út úr húsinu. Eg veitti því athygli að á stórum glugga sem snýr að Vesturgötunni var gluggi sem hafði verið notaður til þess að afgreiða fólk sem var úti á götu. Alveg við útgöngudyrnar sá ég pinna, sem ég gat hreyft og við það var hægt að hreyfa gluggann til og þannig komst ég út og dróg ég síðan gluggan aftur eins og hann hafði verið. Eg fór strax að Vesturgötu 24 og þar hafði ég viðvöl, en síðan fór ég að Álfheimum, þar sem ég bjó. Er þangað kom reif ég tvær ávísanir sem voru í pokanum, en ég man ekki upphæðina á ávisununum, héld þó að önnur hafi verið að upphæð 200,00 krónur og að hin hafi verið að upphæð 500,00 krónur og að þær hafi verið á Landsbankann og Búnaðabankann. Peningana notaði ég til eigin þarfa!"

Skýrslutöku lauk kl.14,lo.

Upplesið, staðfest:

Sævar M. Cisielski

Vottar:

Skýrsluna tók:
Rúnar Sigurðsson

Sævar M.Cisielski

Rúnar Sigurðsson, lögr.maður.

p.31.jan.1977.

Haraldur Henrysson, sakadómari hefur óskað eftir því að kæranda málsins yrði gefinn kostur á því að koma að kröfum á hendur hinum seka í bessu málí.

Í dag barst skrifleg krafa frá kæranda, Elínu Þórhallsdóttur, eiganda sélgætissölunnar, Vesturgötu 53 dags. 28.jan.1977. Þess er krafist að hinn seki greiði kr. 31.700.00, sem hann er talinn hafa tekið. Enn fremur er krafist refsingar eins og lög mæli fyrir.

Gisli Guðmundsson, leysi sér að fá meira fullar lötur í síðan því er clausat af innbrotti í verðslun sína að Vesturgötu 53, Reykjavík sélfara um Gisli Guðmundsson kr. 31.700.00, sem var einn löggreglum.

Bonfremur fer eg fram á at refsingu vorði framfjalt með einkvert.

Vicus
Elín Þórhallsdóttir
Mín Þórhallsdóttir
Bíðarhvassmi 4
Kópavogi
Sími 40185.

Reykjavík 28. janúar 1977.

Rannsóknarlöggreglan í
Reykjavík
Borgartúni 7

v/ hr. rannsóknarlögr.m.
Gísli Guðmundsson.

Með tilvísun til samtals míns við hr. rannsóknarlöggreglumann Gísla Guðmundsson, leyfi ég mér að fara fram á fullar bætur á tjóni því er hlaust af innbroti í verzlun mína að Vesturgötu 53, Reykjavík aðfara nótt 25. mars 1974 þ.e.a.s. kr. 31.700.00, sem var sala sunnudagsins.

Ennfremur fer ég fram á að refsingu verði framfylgt lögum samkvæmt.

Virðingarfyllst,
Gísli Guðmundsson,

Elin Þórhallsdóttir

Hlíðarhvammi 4,

Kópavogi

sími 40185.

old

16

Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

Skýrsla

Fimmtu daginn 14.10. 19 76 Kl. 20,50

Tekin af: Rúnari Sigurðs-
syni, lögr.m.

er tekin til skýrslutöku gæslufanginn Sævar Marinó Cisielski, til heimilis að Grýtubakka 10 Rvík. f. 6.7.1955. Honum er kunngert tilefni skýrslutökunnar, sem er vegna þjófnaðar á áfengi úr skála Eimskipafélags Isl. við Sundahöfn. Gætt er ákvæða l.mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mala. Áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá.

Efni: Þjófnaður á
áfengi úr skála
E.I. við Sunda-
höfn.

" I apríl 1974 fór ég að vegja komu mína í skála Eimskipafélags Íslands sem er við Sundahöfn, en erindi mitt þangað var að hitta kunningja mína, sem þar voru vaktmenn, en þeir heita Leifur Jóelsson og Ólafur Steffensen. Eftir að hafa komið þarna i nokkur skipti fór ég að stimpla klukkur sem voru í skálanum, en þær þurfti að stimpla á ákveðnum tímum á nótturni. Vaktmennirnir sofnuðu oft á verðinum og því gerði ég petta fyrir þá. Á ferðum mínum um skálann fór ég að veita eftirtekt ýmsum vörum, þ.a.m. áfengi sem mér virtist vera auðvelt að komast yfir. Þar sem ég var atvinnulaus á þessu tímabili og peningaburfi ákvað ég að reyna að komast yfir áfengi þarna í skálanum og gera úr því peninga.

I byrjunum maí er ég var að spimpla klukku fór ég upp stæðu og yfir girðingu sem var í kringum áfengið. Ég tók í þetta skipti, en ég man að það var laugardagskvöld, 6 pela af Concag, 2 fl. Vodka og 3 flöskur af Whisky. Læet ég petta í svartan plastpoka, en fór síðan með petta út úr skálanum og léð petta við eitt hornið undir segl sem þar var.

Eg dvaldi síðan í skálanum alla nóttina og um hádegi næsta dag hafði ég samband við Albert Klahn Skaftason, en ég var þá heima hjá mér í Álfheimum og einnig man ég að þetta var á sunnudegi. Albert kom til míni á Toyotubifreið föður síns og fórum við síðan og sóttum áfengið. Albert ók mér síðan heim með þetta, en fyrir viðvikið lét ég hann hafa eina flösku af Vodka. Svo var það nokkrum dögum síðar að ég hafði samband við Ottó Sigurðsson, Bergþrógrugötu 27 Rvík, en mér var kunnugt um það að faðir hans Sigurður Hákonarson, til heimilis að sama stað gerði nokkuð af því að kaupa áfengi. Ég spurði Ottó að því hvört faðir hans væri ekki reiðubúinn að kaupa áfengi, en ég vildi ekki segja honum frá því að ég ætti áfengið sjálfur og lét því liggja að því að ég væri aðeins millögongumaður í málínu. Ottó svaraði þessu strax játandi. Það var ákveðið að Sigurður Fðengi hverja flösku á 1000,00 krónur. Strax um kvöldið þann sama dag og ég hafði talað við Ottó lagði ég leið mína aftur í vöruskálann og var einn míns liðs. Þá var Ólafur Steffensen vaktmaður. Um kl. 01,00 fór ég með Ólafi að spimpla klukkurnar og opnaði ég þá hurð sem er á vöruskálanum í nosk-austur horni hans. Eftir að við Ólafur höfðum farið hringinn fór ég heim, en kom síðar um nóttina, þar sem ég vissi hvenær Ólafur færu aftur hring um skálann gat ég haft mína hentugsem og verið viss um að Ólafur yrði míni ekki var. Ég fór síðan inn um dyrnar sem ég hafði opnað og fljótlega kom ég auga á stæðu, sem í voru ferðatöskur og tólm ég tvær töskur. Ég vil geta þess að ég hafði náð sambandi við Albert Klahn Skaftason, en áður hafði ég fyllt töskurnar af áfengi, en það voru fimm kasaar alls, sem í voru 12 flöskur og fór þrjátíu flöskur í hvora tösku. Ég hafði geymt töskurnar á þeim stað þar sem áfengið var geymt og eftir að Albert var kominn að Sundahöfninni, lét ég hann bíða við Korngeymslurnar á meðan ég fór inn til þess að sækja töskurnar. Ég var búinn að segja honum að er hann sái hurðina opnast skyldi hann koma og aka bifreiðinni aftur á bak að hurðinni, en ég vill geta þess að það var skip í höfninni, en þannig var að geymsligámur var þannig staðsettur að auðvelt var að felax bifreiðina þannig bak við hann að hann sást ekki frá skipinu. Um leið og ég opnaði hurðina kom Albert á bifreiðinni og ók henni aftur á bak að hurðinni og setti ég aðra töskuna í farangursgeymslu bifreiðarinnar en hina inn í bifreiðina. Haldið var strax í Álfheima, en þar var farið með áfengið inn og hélt Albert á því með mér. Ég man að ég lét Albert hafa eina flösku af Whisky og sagði honum að ég mundi láta hann hafa peninga síðar. Næsta kvöld hafði ég samband við Ottó Sigurðsson og var ákveðið að hann kæmi inn í Álfheima og sækti vínið, sem hann gerði, og greiddi mér andvirði vínsins. Hann var á Volkswagen bifreið sem hann hafði til umráða. Ég man að ég fékk greitt fyrir vínið 60.000,00 krónur.

Nokkru síðar fór ég aftur í vöruskálann, en það var á sunnudegi og þá tókst mér að komast yfir einnig kaasa af Vodka, sem ég lét Sigurð Hákonarson einnig hafa.

Ég sá um að koma áfenginu til hans og greiddi hann mér andvirði þess á staðnum, en ég fékk fyrir þetta 12000,00 krónur. Samtals léti ég Sigurð hafa 72 flöskur og fékk samtals 72000,00 krónur fyrir magnið. Það sem ég tók í fyrstu ferðinni notaði ég til eigin þarfa. Ég get ekki gert grein fyrir því hvað varð af töskum þeim sem ég tók og tel að við Erla Bolladóttir höfum notað þær til eigin þarfa." Skýrslutöku lauk kl. 21,45.

Upplesið, staðfest:

Sævar M. Cisielski

Sævar M. Cisielski

Skýrsluna tók:

Rúnar Sigurðsson

Rúnar Sigurðsson, lögr.maður.

"Ég tel að það hafi verið viku seinni að ég fór miðan og nefndum ófengi og móttí þá aftur ófengi fyrir Sevar sem hafa hafi komist yfir. Í það skipti tók óg örugg fengsleðasor, en ég veitt ókai óvæð með vuru nargjá flöskur í töskum, en óg hef hevvt eftir Sevari að ófengur hafi verið órtentu alls með óvæð ósk-jarna. Töskuminn varð fluttar heila til Þóvare i Alþheimi. Þy setti hevnt fyrir, en þó settar verið að ég hafi rengjá sína flöskum fyrir óskum. Þó man séð Sevar rök söskunarit um nánari hrað og kassana. Þó er hafal orð að því virð mig að hafa atleidil að seiðju ófengi, en nánar er ófengi óskuminn um það hvort það var sem keypti það af honum."

Skýrslutöku lauk kl. 18,20

Upplesið staðfesti
Albert R. Hoffmann
Albert R. Hoffmann
Sjálfstæði

Skýrsluna tók:
Rúnar Sigurðsson
Rúnar Sigurðsson, lögr.maður.

Rvík.15.lo.1976, kl.18, lo er mættur til skýrslutöku á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Albert Klahn Skaftason, til heimilis að Laugavegi 46A f. 16.2.1955. Mætta er kunngert tilefni skýrslutökunnar. Gætt er ákvæða l.mgr.4o. gr. laga um meðferð opinberra mála. Áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá.

" Eg man að það var í máimánuði árið 1974 að ég minnist þess að hafa aðstoðar Sævar M.Cisielski við að koma í burtu fráskála Eimskipafélags ~~vinna~~ Islands við Sundahöfn áfengi sem hann hafði stolið þar. I fyrsta skipti man ég að hann ~~kunnum~~ með þrjá kassa, sem í eru 12 flöskur, og var þetta af tegundinni Vodka. Eg man að ég ók Sævari heim til sín með þetta, en hann bjó þá í Álfheimum. Hann tók two kassa, en ég fékk einn kassa fyrir viðsikið. Eg man að Sævar kom með áfengi út um hurð, sem er á ~~sustur~~ hlið skálans alveg við norðurgafl hans.

Eg tel að það hafi verið viku seinna að ég fór aftur að nefndum skála og sótti þá aftur áfengi fyrir Sævar sem hann hafi komist yfir. I það skipti tók ég tvær ferðatöskur, en ég veit ekki hvað það voru margar flöskur í töskunum, en ég hef heyrt eftir Sævari að flöskurnar hafi verið áttatíu alls sem hann tók þarna. Töskurnar voru fluttar heim til Sævars í Álfheimana. Eg ~~hékk~~ ekkert fyrir, en þó getur verið að ég hafi fengið eina flösku fyrir viðvikið. Eg man að Sævar tók töskurnar út um sömu hurð og kassana. Hann hafði orð á því við mig að hann ætlaði að selja áfengið, en mér er ekki kunnugt um það hver það var sem keypti það af honum."

Skýrslutöku lauk kl.18, 20

Upplesið, staðfest:

Albert Klahn Skaftason

Skýrsluna tók:

Rúnar Sigurðsson, löggreglum.

Rvík. 16.10.1976 kl. 10,50 er mættur til skýrslutöku á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Sigurður Snævar Hákonarson, til heimilis að Bergþórugötu 27 Rvík. f. 13.11.1929. Mætta er kunngert tilefni skýrslutökunnar sem er að mætti er grunaður um að hafa keypt áfengi af Sævari M.Cisielski. Gætt er ákvæða 1.mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Aminntur um sannsögli skýrir hann svo frá.

" Eg vil ekki neita því að áfengi það sem Sævar hefur talað um að ~~henni~~ hafi komið inn á heimili mitt. Eg kannast þó ekki við að mótttekið verulegt áfengismagn frá Sævari. Hinsvegar vil ég geta þess að ég hef lánað sonum mínum peninga, sem þeir hafa notað til eigin þrfa og þá má vera að annar sonur minn hafi keypt petta magn af Sævari, en ég get ekki fullyrt það. Eg man ekki eftir að hafa séð verulegt áfengismagn á flöskum að heimili mínu. Eg hef verið mér sjálfur nógur um áfengi!"

Skýrslutöku lauk kl. 11,15.

Upplesið, staðfest:

Sigurður Snævar Hákonarson

Skýrsluna tók:

Rúnar Sigurðsson, löggreglum.

Rvík. 16.lo.1976, kl.14, lo er mættur á skrifstofu rannsóknar-lögreglunnar Ólafur Friðjónsson Stephensen, nemi, til heimilis að Hagamel 23 Rvík. f. lo.2.1949. Mætta er kunngert tilefni skýrslu-tökunar og áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá.

" Eg var vaktmaður hjá Eimskipafélagi Íslands veturinn 1974 og var ávallt á vakt í Sundaskála. Eg minnist þess að Sævar M.Cisielski kom nokkrum sinnur í heimsókn til mínn. Eg veit ekki til þess að Sævar hafi tekið heitt í skálanum, en ég man að í eitt skipti fannst mér eitthvað hafa verið átt við þann stað þar sem áfengi var geymt í skálanum og man ég að ég kannaði þetta mál. Eg spurði Sævar hvort hann hefði tekið eitthvað, en hann neitaði því og man ég að við fórum þrír og leituðum fyrir utan skálann, m.a. undir seglum sem voru við skálann, en fundum ekki neitt og afskrifaði ég þá þetta. Eg man að Sævar bauðst til þess að fara og stimpla klukkur sem voru um skálann og við urðum að stimpla á ákveðnum tímum, en ég neitaði honum alltaf um það."

Skýrslutöku lauk kl. 14,25.

Upplesið, staðfest:

Ólafur F. Stephensen

Ólafur Friðjónsson Stephensen

Skýrsluna tók:

Rúnar Sigurðsson

Rúnar Sigurðsson, lögreglu

Rvík. 16.lo.1976, kl.15,55 er mættur til skýrslutöku hjá rahnsóknar-löggreglunni Ottó Sigurðsson, nemi, til heimilis að Bergþórugötu 27 Rvík. f. 11.4.1954. Mætta er kunngert tilefni skýrslutökunnar, sem er að mætti keypti nokkurt áfengismagn af Sævari M.Cisielski á árinu 1974. Gætt er ákvæða l.mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá.

" Eg viðurkenni að hafa keypt nokkurt magn af áfengi af Sævari M.Cisielski, en ég man ekki hvenær það var. Eg minnist þess að hafa fengið þetta í ferðatösku. Eg get hinsvegar ekki gert grein fyrir því hvað þetta var mikið magn, en áfengið var af tegundinni Vokda. Eg man að ég greiddi Sævari 1000,oo fyrir flöskuna. Eg átti þessa peninga sjálfur sem ég notaði til þess að greiða áfengið. Eg notaði áfengi þetta til eigin þarfa og gaf nokkuð af því til kunningja minna. Eg vil taka það fram að faðir minn Sigurður Hákonarson fékk ekkert af víninu. Eg man að ég náði í áfengið heim til Sævars, en hann bjó þá að Álfheimum í kjallara þar. Hinsvegar man ég ekki hvernig við Sævar komum þessu í kring, hvort ég hitti Sævar og hann bauð mér vínið, eða hvort hann hringdi til míni vegna þess." Skýrslutöku lauk kl. 16,lo

Upplesið, staðfest:

Ottó Sigurðsson

Ottó Sigurðsson

Skýrsluna tók:

Rúnar Sigurðsson

Rúnar Sigurðsson, löggreglum.

Miðvikudaginn 20. 10. 1976 kl. 11:40 er mættur á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Bjarni Þór Þorvaldsson, sjúklingur, til heimilis að Bergþórugötu 27, Reykjavík, nnr. 1240-3151, fæddur 19. 9. 1953 í Reykjavík.

Honum er kynnt tilefni yfirheyrslunnar, sem er að spyrja hann um samskipti hans við Sævar M. Cisielski. Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Eftir það áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá: "Eg vil nú skýra frá því að ég aðstoðaði Sævar einusinni við að stela áfengi í Sundaskála.

Upphafið var það að hann kom til mínum og bað mig að aka sér inn í Álfheimi, en hann bjó þar þá. Eg gerði það og ók honum á bifreið bróður míns, en það var M-Benz fólksbifreið. Sævar fór inn heima hjá sér og ég með honum. Hann hringdi eitt símtað heima hjá sér og fannst mér hann vera að tefja tímann. Síðan fórum við inn að Sundaskála, þar sem ég stöðvaði bifreiðina nokkuð frá stórrri rennihurð, en á henni var lítil hurð til að ganga inn um. Sævar fór inn um litlu dyrnar og sá ég ekki hvort hún var ólæst eða hvort hann opnaði hana með lykli. Eftir smá stund kom hann aftur með einn kassa af áfengi. Meðan hann var að þessu þá beið ég í bifreiðinni.

Eg man nú, að er Sævar kom heim til mínum þá sagði hann mér frá að hann ætlaði að stela áfengi í Sundaskálanum og bað mig um að aka sér gegn því að ég fengi eina flösku fyrir. Mér þótti það illa borgað en féllst þó á það. Hann talaði um að selja Otto Sigurðssyni áfengið, sem hann stæli, en Otto á heima í sama húsi og ég. Sævar fór frá mér til að tala við Otto og tel ég að þeir hafi samið um þessi kaup.

Pegar Sævar var kominn með áfengið út í bifreiðina þá var ekið heim á Bergþórugötu, en ég stöðvaði þó nokkuð frá heimili mínu. Þar fékk ég eina áfengisflösku svo sem um var samið, en Sævar fór með afganginn, ll flöskur inn til Ottos. Við Sævar skyldum svo parna og vildi hann ekki hafa mig vitni að því er hann léti Otto hafa áfengið. Hins vegar var Sævar búinn að segja mér það áður en við lögðum af stað, að Otto ætlaði að kaupa áfengið. Þetta áfengi var af tegundinni Vodka Vibrova. Eg fékk ekki annað í minn hlut af þessu þýfi en eina flösku og er mér ekki kunnugt um hvað Sævar fékk greitt fyrir hitt.

Otto sagði mér, eftir það sem að framan er greint frá, að

hann hefði fengið áfengi frá Sævari og hefði það verið í tveim ferðatöskum. Hann hefði greitt fyrir áfengið, en fengið ferðatöskurnar ókeypis. Ekki talaði hann um hve mikið áfengi var um að ræða. Eftir að Sævar var handtekinn s.l. veturná þá heyrði ég Otto tala um að hann hefði fleygt töskunum, er hann heyrði um handtökuna.

Ekki man ég frá fleiru að segja í þessu sambandi. "

Grétar Sæmundsson

Grétar Sæmundsson
lögreglum.

Upplesið staðfest,

Bjarni Þór Þorvaldsson
Bjarni Þór Þorvaldsson

26/1 1977.

Að beiðni Gunnlaugs Briem sakadómara kannaði ég hjá Braga K. Guðmundssyni deildarstj. í tjónadeild Eimskipafélags Íslands hvort gerðar yrðu fébótakröfur á hendur þeim seku í máli þessu sem hér um ræðir vegna áfengispjófnaðarins.

Bragi gat þess að ekki yrðu gerðar fébótakröfur á hendur mönnum þessum enda taldi hann það tilgangslaust.

Um refsihlið mál eins tjáði hann sig um á þann hátt, að hann léti það opinbera um þá hlið mál eins.


Hellert Jóhannesson
lögreglum.

26/1 1977.

Rannsóknarläggreglan i Reykjavík

Að beiðni Gunnlaugs Briem sakadómara kannaði ég hjá Braga K. Guðmundssyni deildarstj. f tjónadeild Eimskipafélags Íslands hvort gerðar yrðu fébótakröfur á hendur þeim seku í málí þessu sem hér um ræðir vegna áfengispjófnaðarins.

Bragi gat þess að ekki yrðu gerðar fébótakröfur á hendur mönnum þessum enda taldi hann það tilgangslaust.

Um refsihlið mál eins tjaði hann sig um á þann hátt, að hann léti það opinbera um þá hlið mál eins.



Hellert Jóhannesson

läggreglum.

Félagum og þá með fálföldum ófálfingum
viðin þótt tilheverga hafi óslíðan verið ófálfing
út hvernig geyr vomin fregnar. Allt ófálfingum
havað Maríus þára gefið Álfreiðri Þórði Guðmundsson
Álfreið geti ófálfum hafa ó sínum ófálfum
þótt síðar verið með óslíðan ófálfingum.

LJ

27

Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

Skýrsla

Föstu--daginn 8. okt. 1976

Tekin af:

Eggerti N. Bjarnasyni
löggreglum.

Efni:

Pjófnað á peningum og
hljóðfæri úr Farfuglaheimi-
linu hér í borg.

Grunaðir:

Sævar Marinó Ciesielski
Grýtubakka 10 Rvk.
F. 6. 7. 1955.

Setir í varðhald:

Sævar Marinó Ciesielski kvíkmyndagerðamaður til heimilis að Grýtubakka 10 hér í borg, fæddur 6. 7. 1955 hefur viðurkennt, að hafa um mitt sumar 1974 stolið úr starfsmannahúsi Farfuglaheimilisins hér í borginni nokkurri peningaupphæð.

Sævar Marinó telur, að þar hafi verið um að ræða ca. kr. 30.000,00. Auk þess stal Sævar Marinó hljóðfæri (þverflautu) í sama sinni og af sama stað.

Peningunum segist Sævar Marinó hafa eitt í eigin þágu, allavega hafi ekki öðrum verið kunnugt um hvernig þeir voru fengnir. Hljóðfærið segist Sævar Marinó hafa gefið Albert Klahn Skaftasyni.

Atvik þetta mun ekki hafa á sínum tímanum eða síðar verið kært til rannsóknarlöggreglunnar.

E. N. Bjarnason
löggreglum.

Rvík. 14, lo 1976, kl. 21,50 er tekin til skýrslutöku gæslufanginn Sævar M.Cisielski, til heimilis að Grýtubakka lo Rvík. f. 6.7. 1955. Mætta er kunngert tilefni skýrslutökunar, sem er vegna þjófnaðar á peningum í Farfuglaheimilinu. Gætt er ákvæða l.mgr. 40. gr. laga um meðferðum þinnberra mála. Aminntur um sannsögli skýrir hann svo frá.

" Eg tel að það hafi verið í júnímánuði 1974 að ég lagði leið mína í starfsmannabústað Farfuglaheimilisins, en staffsmannahúsið er bakhús og er gengið inn í það frá Bladursgötu. Æg man að Guðjón Skarphéðinssona var með mér. Við Guðjón höfðum komið þarna í nokkur skipti, en við vorum að hitta stúlkur sem þarna voru en ég man ekki hvað þær heita. Þarna lagði leið sína nokkuð mikið af fólki, sem ég þekkti orðið nokkuð. Æg man að þetta var á laugardagskvöldi og þarna var saman komið nokkuð mikið af fólki, en þá var önnur stúlkan, sem vann þarna fyrir aðra stúlku, en hún var á förum til FRakklands. Æg man að það var haft um hönd áfengi. Það var ákveðið að fara í Þjóðleikhúskjallarann. Æg man að ég þurfti að ganga frá og er ég kom aftur var allt fólkið farið, en húsið var opið og gekk ég því inn. Er ég kom í eldhúsið sá ég hvað umslag lá og út úr því stóðu peningar. Æg tók umslagnum og og stakk því í vasa minn. I stofu fann ég flautu(hljóðfæri) og tók ég hana einnig og man ég að ég léti Albert Klahn Skaftason hafa hana sem greiðslu fyrir hjálpinu er ég var að stela áfengi í sundaskálanum. Æg man að ég taldi peninga þá sem í umslaginu voru og minnir mig að það hafi verið á bilinu 28000,00 til 30000.00 krónur í því. Æg fór síðan í Þjóðleikhúskjallara, en það var þá lokað þetta kvöld og fór ég því niður í Tjarnarbúð. Æg notaði síðan peninga þessa til eigin þarfa."

Skýrslutöku lauk kl. 22,05.

Upplesið, staðfest;

Sævar M.Cisielski

Skýrsluna tók

Rúnar Sigurðsson, löggreglum.

Rvík. 15.10.1976, kl. 18,25 er mættur til skýrslutöku á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Albert Klahn Skaftason, til heimilis að Laugavegi 46A Rvík. f. 16.2.1955. Mætta er kunngert tilefni skýrslutökunnar og áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá.

" Eg minnist þess að hafa mótttekið frá Sævari M.Cisielski þverflautu. Eg get ekki greint frá því hvenær þetta var og mérvar ekki kunnugt um það hvar hann hafði fengið hana. Þessi flauta var í minni eigu þar til í sumar að ég létt stúlkuna hafa hana, en hún heitir Ólöf Pétursdóttir. Mér hefur verið sagt frá því núna hvaðan þessi flauta sé kominn og er ég reiðubúinn til þess að henni aftur og mun ég gera það við fyrsta tækifæri. Eg vil taka það fram að Sævar hafði ekki orð á því við mig ~~hvað~~ hvar hann hefði fengið flautuna!"
Skýrslutöku lauk kk. 18,30

Upplesið staðfest:

Albert Klahn Skaftason

Albert Klahn Skaftason

Skýrsluna ták:

Rúnar Sigurðsson

Rúnar Sigurðsson, löggreglum.



FARFUGLADEILD REYKJAVÍKUR

(ICELANDIC YOUTH HOSTEL)

Laufásveg 41 Sími 24950 P.O. Box 1045 Giro 10450 Reykjavík Ísland



30

Reykjavík. 16.2.1977

Farfugla Æild Reykjavíkur leifar sér hér með að gera
bótakröfur á hendur Sævari Marino, Vægna þjófnaðar á
Farfuglaheimilini Laufásveg 41, 1974.

Um var að ræða ca. kr. 30,000 og hljóðfæri (þverflautu.)

Virðingarfyllst
Farfugla Æild Reykjavíkur

Þorsteinn Magnússon

Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

Skýrsla

Priðjudaginn daginn 16-4- 19 74.

Tekin af:

Nirði Snæhólm,
aðalvarðstj.

Kom á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar
 Árni Þór Jónsson, tilh. Fjölnisvegi 13,
 yfirdeildarstjóri hjá póstmestara í Rvík. 26000.

Hann tilkynnir eftirfarandi:

Miðvikudagskvöldið þann 10. þ.m. fékk
 eg vitneskju um að það vantaði póstpoka frá
 Seyðisfirði, afgreiðslunúmer 75. Þetta var
 verðbréfa-poki með 19 verðbréfum. Dags. 6-4-74.
 sem mun vera dagsetning er pósturinn fer frá
 Egilsstöðum, en þaðan átti hann að koma með
 flugvél frá Flugfélagi Íslands til Reykjavíkur,
 dagsetningardaginn. Eg veit ekki hvort það
 hafa komið fleiri en ein flugvél frá Egilsstöðum
 þennan dag. Þennan morgun kom frá Egilsstöðum
 skrá nr. 74, dags. 5-4. og var tekin upp í Rvík.

6.4. kl. 0745. Það getur ekki hafa verið þetta,
 og um leið skrá frá Egilsstöðum nr. 93 og 94.
 en skrá nr. 95 frá Egilsstöðum er tekin upp í
 Reykjavík, 7.4. kl. 0800. Skrá 75 frá Seyðisfirði
 hefði því átt að fylgja þarna með.

Grunaðir:

Erla Bolladóttir
 Stóralagerði 29 Rvk.
 f. 19/7 1955

Savar M. Ciesielski
 Grýtubakka 10 Rvk.
 f. 6/7 1955

Settur í varðhald:

W. I. ekki same
 lestu

lo. þ.m. og þá létt Jóhannes Gíslason leita að pokanum hjá þeim í Reykjavík, en hann fannst ekki og daginn eftir bað eg Pétur Maack um að athuga með pokann.

Þann lo.leituðum við einnig í öllum póstbílum okkar og í húsinu sjálfu, án árangurs. ~~þannum~~

I dag hringdi eg svo á Egilsstaði og talaði við Björgvin Lúthersson, póst og símstöðvarstjóra þar, og kom þá í ljós að Einar Sigurðsson, starfsmaður póstsins hafði kvittað á sendingarskrá frá Seyðisfirði, þar sem þessi glataði poki var skráður á, og sett pokann í kerru, eða á vagn, með öðrum pósti sem átti að fara til Reykjavíkur, og hann sagði að sendingarskrá í tvíriti, frá Seyðisfirði, hefði fylgt þessum pósti til Reykjavíkur, og var annað þeirra í dag, á skrifstofu Flugfélagsins, kvittað af Einari, eins og hann sagði, en engin kvittun manns í Reykjavík á blaðinu, sem átti að vera, ef þetta hefði verið móttekið hér.

I dag var leitað í flugstöðvarbyggingunni og pósthúsini á Egilsstöðum, en pokinn fannst ekki.

I þókanum voru auk 19 ábyrgðarbréfa, 37 póstávisanir og 7 póstgíróseðlar og þrjú blöð úr spari-merkjabók, eigandi Hrafnhildur Borgórsdóttir, kr. ll. 440.- í allt. Eitt blað til Margrétar Jónsdóttur, kr. 5.600.- og eitt blað Torfi R. Matthíasson, kr. 3.000.-

Eftir því sem eg bezt veit, þá er ekki vitað hvort þessi poki hefur nokkurntíman farið í flugvélina á Egilsstöðum. Ljósrit af skrá nr. 75. til 77 fylgja hérmeð, ásamt nafnalista yfir viðtakendur ábyrgðabréfa og ávísana.

Það kvittar enginn fyrir móttöku á póstinum

í flugvélina á Egilsstöðum, eða það sézt a.m.k. ekki.

Mér var sagt að kvittanir hefðu því miður fallið niður á Egilsstöðum.

Upplesið, játað rétt. Árni Þór Jónsson.

N.Snæhólm.

Miðvikudaginn 17-4. Í dag hringdi eg í pósthúsið á Seyðisfirði og talaði við Helgu Sigurðardóttur, póstkonu. Hún sagði mér að pósthúsínu hefði verið lokað laugardaginn 6.p.m. kl.1300, en þá hefði hún verið búin að útbúa verðbréfapoka þann er hér um ræðir, og bílstjórinн hefði tekið við honum og farið með hann til Egilsstaða, því pósturinn hefði átt að fara með flugvél frá F.Í. kl.1500. Sagði að það hefði bara verið þessi eini poki, og hún hefði kvittun bílstjórans fyrir honum.

Eg fór þá út í Flugfélagsafgreiðslu og talaði við Sverrir Jónsson, stöðvarstjóra. Hann sagði að á laugardaginn 6.p.m. hefðu komið tvær flugvélar frá Egilsstöðum án millilendingar, til Reykjavíkur.

TF% FIM frá Egilsstöðum kl.1609, lending hér kl.1730.

TF- TIK frá Egilsst. kl.1642, lending hér kl.1813.

Með vélunum hefðu komið 6 kg. af pósti frá Egilsstöðum.

Sennilega frakar með seinni vélinni. TF-FIM hefði svo farið til Ísafjarðar og TF-TIK til Akureyrar. Þá sagði hann að daginn eftir, þ.e. á sunnudeginum 7. hefði komið flugvél frá Egilsstöðum og með henni 1 kg. af pósti.

Ekki væri vitað hverskonar póstur þetta væri, þar sem

ekkert væri um það á skránum, og ekki væri heldur kvittað á skrárnar af viðtakanda í pósthúsínu hér, enda ekki alltaf gert.

Pá sagði Sverrir mér og einnig Haraldur Helgason, bílstjóri þeirra, sem var í frii þessa helgi, að búið væri að leita að umræddum poka allstaðar hjá þeim, þar sem nokkur möguleiki væri á að hann gæti verið, en án árangurs.

Eg hringdi í Árna Þór og lét hann vita af þessu, en hann ætlar að hringja í pósthúsin á Akureyri og Ísafirði, til að athuga hvort möguleiki væri á að umræðaður pokí hefði í ógáti flækst þangað með öðrum varningi.

Annars þarf að senda lögreglunni á Egilsstöðum afrit af málinu, ef sá möguleiki væri fyrir hendi að pokinn hefði flækst þaðan með einhverju farartæki út á austfirði. t.d. með Austurflugi, hafi þeir verið í flugi á laugardag, 6.eða sunnudaginn 7. hafi pokinn horfið þá daga, en ekki seinna, sem hlýtur að vera mjög ólíklegt.

N. Snæhólm.

19-4-74. Í dag hringdi Árni Þór Jónsson og sagði að búið væri að leita á Akureyri og Ísafirði, en pokinn hefði ekki fundist þar.

N. Snæhólm.

Rvík. 13.lo.1976, kl.16,25 er tekin til skýrslutöku gæslufanginn Sævar M.Cisielski, til heimilis að Grýtubakka lo Rvík. f. 6.7.1955. Honum er gert kunnugt um tilefni skýrslutökunnar, sem er vegna gruns um þjófnað á póst-bréfapoka frá Flugfélagi Isl. Gætt er ákvæða l.mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá.

" Eg minnist þess að það var árið 1974, að ég var staddur út við afgreiðslu Flugfélags Isl. við Reykjavíkurflugvöll að ég veitti athygli hvítum póstpoka, en poki þessi var fyrir sunnan hús það sem Flugfélagið hefur aðstöðum sína í. Eg tók poka þennan og setti hann undir hendina en gekk síðan í gegnum húsið og út og sem leið liggur þar sem Hafskip hefur afgreiðslu sína, en það er það sem Tívoli var í eina tíð. Það fór ég að aðgæta betur með pokann og sá þá að þetta var ábyrðarpóstpoki. Eg vil geta þess að ég hafði ekki farið í þeim eriddagjörðum að stela þessum poka. Eg fór strax með pokann í Alfheimi, þar sem ég bjó á þessum tíma.

Er við Erla sambýliskona míni opnuðum pokann í Alfheimunum kom í ljós græn umslög, ávísanuhefti og einhver bréf, sem voru merkt ~~balka~~, en við rifum þessi bréf upp. Einnig voru þarna einhver önnur bréf, sem ~~xix~~ við töldum að gætu verið peningar í. Eg man að við skoðuðum í bréfin í gegnum ljós og sáum að í þeim voru m.a. erlendir peningar og rifum við þá umslögin upp og tókum peningana úr þeim.

Eftir að hafa granskoðað í pokann og hirt allt það sem við töldum að hægt væri að koma í umferð og ná út peningum, vorum við að hugsa um að skila pokanum, en síðan var hætt við það og settum við hann undir kommóðu, en síðan fór ég með hann í annað hús þarna skammt frá og þar setti ég hann í horn á sorpgeymslu, í þeirri ~~xix~~ von að hann fyndist er sorphreinsunarmenn losuðu tunnur sem þar voru, en mér er ekki kunnugt um það að pokinn hafi fundist. Við töldum það og áhættusamt að fara aftur með hann út á Reykjavíkurflugvöll og því var hann settur í sorpgeymsluna í staðinn.

Ég veit ekki hvað það voru mörg ávísanuhefti, em við tókum úr pokanum, en þar voru m.a. yfirstríkaðar ávísanir, og kynnti mig mér það að aðeins eigandi ávísananna gæti leyst þær og var því ekki reynt að leysa þær út, en varðandi ávísanuheftin þá man ég að ég reif eitt þeirra, en annað setti ég inn í

hátalara sem er við útvarpstæki sem er í eigu Alberts Klahn, en ég hafði hljómburðartæki hans að láni á þessu tímabili. Æg man með vissu að Erla var með two hefti, en þó kann að vera að hún hafi haft fleiri þó svo að ég muni það ekki. Erla hafði þessi hefti alveg í sinni vörslu og sá um að skrifa allar ávísanir úr þeim. Æg vill geta þess að það stóð á umslögunum hver væri eigandi að ávísunarheftunum og hafði Erla alveg eftirlit með því að hún notaði rétt nafn, það er að segja nafn þess sem hafði staðið utan á umslaginu, en síðan bjó hún til nöfn er hún framseldi ávísanirnar. Æg man að hún notaði mikið heimilisföng í háhýsunum, Sólheimum og Vestur og Austurbrún, og tel ég að það ætti að vera hægt að finna þessar ávísnair með því að hafa þessi heimilisföng í huga. Æg man eftir nokkrum ávísunum sem við notuðum og vil skýra frá því eftir því sem ég man. A Aski við Suðurlandsbraut tel ég að við höfum selt þrjár ávísanir, ein hafi verið seld í kvöldssölu, sem er í Álfheimunum, rétt við Langholtsveg, ein hafi verið seld í kvöldssölu sem er við vesslunina Heimakjör í Sólheimum, ein var seld í kvöldssölu sem er við Gnoðavog, tvær voru seldar hjá Silla&Valda, önnur í Glæsibæ, hin í Austurstræti, tvær voru seldar í Kokkhúsið við Lækjargötu, þrjár voru seldar og keyptir fyrir happdrættismiðar í bílhappdrættum, ein var selt í sportvöruverslun í Glæsibæ, ein í kaffistofu sem er í Glæsibæ og eitthvað af ávísunum var selt til að komast í kvíkmyndahús. Þessar ávísanir voru yfirleitt skrifðar að upphæð 2000,00 eða 5000,00, nema þær sem voru notaðar í kvíkmyndahús, þær voru að upphæð 500,00 krónur. Æg vill geta þess að á sumardaginn fyrsta var ég handtekinn af lögreglunni og færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu, en ég var grunaður um ávísanafals. Þá var tekið af mér peningaverskið, en í því voru nokkrir happdrættismiðar, sem ég hafði keypt fyrir falsaðar ávísanir, en þetta veski hef ég ekki fengið aftur. Æg man að það var svart veskið en minnist þess ekki að annað hafi verið í því en happdrættismiðarnir, allavega ekki peningar. Æg minnist þess að það var Gísli Pálsson lögreglimmaður sem handtök mig og einnig m innist ég eftir að hafa séð Pál Eíríksson faðir hans parna.

Ég vil geta þess að þessar ávísanir sem ég hef grein frá að við hefðum selt geta verið úr ávísanahefti, sem Erla stal frá föður sínum Bolla Gunnarssyni, en ég óska þess að það verði haft í huga ef allar þessar ávísanir skyldu ekki finnast.

Mér hafa verið sýndar nokkrar ávísanir og kannast ég við þær allar og er þetta skrift Erlu Bolladóttur. Ég tel að ég hafi skipt þeim erlenda gjaldeyri sem við fundum í banka. Ég hef nú skýrt frá aðild minni að málí bessu.

Skýrslutöku lauk kl.17, 30.

Upplesið, staðfest:

Saints, N. Lio. ielsa

Sævar M.Cisielski

Vettuvan

Skyrsluna tók:

Rúnar Sigurðsson, lögr.m.

Laugardaginn 16. okt. 1976 kl. 11:45 er mætt til yfirheyrslu í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Erla Bolladóttir, núverandi gæslufangi, fædd 19/7 1955 í Reykjavík.

Mættu er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar, en það er þjófnaður á pósthópi frá ~~Íslensk~~ afgreiðslu Flugfélags Íslands á Reykjavíkurflugvelli. Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og áminnt um sannsögli skýrir hún svo frá: " Það var einhvern tíman um voruð 1974 að Sævar kom heim og hefði hann þá meðferðis gráan poka og minnir mig að stimplað hafi verið á pokann með rauðu og bláu bleki. Þegar þetta skeði áttum við heima að Alfheimum 40, Rvík.


Sævar sagði mér hvar hann hefði fengið pokann, og kvaðst hann hafa stolið honum í afgreiðslu Flugfélagsins á Reykjavíkurflugvelli. Þetta var pósthópi með ~~Íslenskspítix~~ alskonar verðmætum í, svo sem yfirstrikuðum ávísunum erlendum peningum og einnig var þar ávísunarhefti frá Útvegsbankanum á Seyðisfirði.

Sævar oppnaði pokann og fórum við yfir innihald hans og tókum við erlendu peningana, sem ég skipti síðar meir í íslenzka peninga og ávísunarheftið frá Útvegsbankunum og skrifaði ég 3 ávísanir úr því hefti.


Sævar reyndi að afla sér upplýsingar um það hvort hann gæti notað sér þær ávísanir, sem voru yfirstrikaðar og veit ég fyrir vist að hann fór meðal annars til kunningja síns Guðjóns Skarphéðinssonar til þess að spyrja hann ráða í þeim efnunum.

Sævar geymdi alltaf ávísunarheftið og þegar hann ætlaði að selja ávísanir úr því ~~um~~, létt hann mig skrifa þær heima hjá okkur, en síðan var farið út og þær seldar og man ég eftir því að hafa selt 1 ávísuma hjá veral. Silla og Valda í Glæsibæ kr. 5.000.oo, 1 ávísun í verzl. Útilíf að fjárhæð kr. 5.000.oo og Sævar seldi 1 ávísun að fjárhæð kr. 2.000.oo í sölутurninum á Hlemmtorgi og framseldi hana sjálfur, en ég var þó einnig búinn að skrifa aftan á þá ávísun.

Pósthópinn var lengi geymdur undir kommóðu í herberginu sem við höfðum á leigu í Alfheimunum, en Sævar fór síðan út með pokann og að því er ég best veit fór hann með pokann í sorpgeymslu einhvers fjölbýlishúss við Alfheimi og skildi hann þar eftir, með því innihaldi sem var í honum upphaflega að undan skildu ávísunarheftinu og erlendu peningunum."

Yfirheyslu lauk kl. 12:20.
Kottur:
Haraldur Arnason

Sigurður Eggertsson
lögreglum.

Upplesið, staðfest.
Erla Bolladóttir.



dagurinn

PÓSTUR OG SÍMI

L E I Ð R E T T I N G

39

Komustimpill

Póstsendingaskrá

Nr.

75.

Sendipósthús

Rt. Bj.


Ákvörðunarpósthús

Póstflytjandi

F.J.

Dags.

6. 4. '24.



Nr.	Teg. send.	Verð Kr.	aur.	Viðtökupóststöð	Ákvörðunarpóststöð	Aths.
1	753	ab			R1	
2	767	-			-a-	
3	754	-			-u-	
4	752	-			-a-	
5	765	-			-u-	
6	759	-			-m-	
7	761	-			-a-	
8	762	-			-m-	
9	5966	-	7.904.-	R5 - ff -	R5	reb
10	870	-			R1	
11	871	-				
12	871	-				
13	873	-				
14	874	-				
15	875	-				
16	876	-				
17	877	-				
18	878	-				
19	879	-			KW.	
20					KBL.	

Afgrætt

Móttekið

Pótsendingaskrá

76.


Nr.

Komustimpill

Sendipósthus

50

Ákvörðunarpósthus



Póstflýtjandi

4

Dags.

8-4-74

Nr.	Teg. send.	Verð Kr. aur.	Viðtökupóststöð	Ákvörðunarpóststöð	Aths.
-----	---------------	------------------	-----------------	--------------------	-------

883	10				
884	11	2x			

Pótsendingaskrá

74.

Nr.

Komustimpill

Sendipósthus

St.

Ákvörðunarpósthus


R

Póstflýtjandi

F.S.

Dags.

5-4-74



Nr.	Teg. send.	Verð Kr. aur.	Viðtökupóststöð	Ákvörðunarpóststöð	Aths.
1 847	Ca				
2 848	11				
3 849	11				
4 850	11				
5 855	11				
6 853	21				
7 854	11				
8 858	11				
9 859	11				
10 860	11				
11 861	1				
12 862	11				
13 863	11				
14 864	2				
15 865	1				
16 866	11				
17 867	11				
18 869	1 ex				
19					
20					

Afgreitt

Móttakið

Afgreitt

Móttakið

nr	Viðtakandi	Sendandi	Innihald
753	Davíð S Jónsson	Útvesbankinn	
767	Hans Petersen	"	
754	Landsbankinn	"	
752	Ásbjörn Ólafsson	"	
765	Björgólfur Stefánsson	"	
759	Konráð Ó Sævaldsson	"	
761	Útvegsbanki hagfræðideild	"	
762	"	"	
5966	Veltir	Sveinn Guðmundsson Enursent R-5	
870	Endursk Skyldusp	Pósthús	
871	Póstgíróstofan	"	
781	?	?	
873	Lífeyrissjóðr verzlunarm.	Fiskvinnslan	ávísun rúm 31.000.00
874	Húsnæðismálastofnun Ríkisins	Bæjarskrifstofan	Lánsumsókn
875	Anders Nyborg Danmark	"	190 danskar kr
876	Endurskoðun Tollreikninga	Tollgæslan	?
877	Tollgæslustjóri	"	?
878	Ragna Skúladóttir	Sigr Stefánsdóttir	ávísun 25.000.00
879	Hallbjörg Ólafsdóttir Danmark	Stefanía Magnúsdóttir	Peningar 120 norskar

4
1

þá með sambærilegum þessum
vara í þenningum fyrir
fimbul-1971

Ímblæðar
innlendar póstávisanir

Póstafreidslun

Mánuður

Nr.	Innb. dag.	Sendaði	Viðtakandi	Útborgunarstaður	Ath. Flutt	Upphæð		I þennan dálk má ekki skrifla
1812	5/4	Apothekis	Snýpluður	R	þýðia	64000	-	
1813	"	"	'Ami Þórkelsdóttir	"	"	40.000	-	
1814	"	Pósthús	Tollpósdófan	"	"	5610	-	
1815	"	Skíparsmíðasíða	Gjónskum og fólknum	"	Pf	2809	-	
1816	"	'Ami Jónsson	Era	"	"	21355	-	
1817	"	Kim Nielsen	Gimblaðarannsóknir	"	"	557	-	
1818	"	'Ami Jón Sigurðsson	Fóruðarvöfur	"	"	17.238	-	
1819	"	Adalbjörn Haraldsson	Alþjóða lifninggsorði	"	"	6225	-	
1820	"	Bogi P. Árasen	Talkim	"	Pf	857	-	
1821	"	Skíparsmíðasíða	Völundar	"	"	48001	-	
1822	"	Anna M. Haraldsdóttir	Óskar Þólm Gunnarsson	"	"	150	-	
1823	"	Haraldur Þórarinsson	"	"	"		-	
1824	"	Jóni Dan	Íluarsinsíkun	R	"	1705	-	
1826	"	Sigrún Hafsteinsdóttir	Hondar um bláð	"	"	1515	-	
1827	"	Björn Guðnlaugsson	Kosir	"	"	7280	-	
1828	"	Boas Jónsson	Víkingar	"	"	6600	-	
1829	"	Kari Ólafsson	Hljómar	Kf	ph	1895	-	
1830	"	Krek	Oskar Óskarsson	R	"	5165	-	
1831	"	Guðni Kristjánsson	TSG	"	"	1895	-	
1832	"	Guðrún Magnúsdóttir	Verið	"	"	1072	-	42
				Flyt:				

Nr.	Innb.dag.	Sendandi	Viðtakandi	Útborgunarstadir	Ath. Flutt	Upphæð	Mánuðar
1833	5/4	Jalgaður Ólafsdóttir	Geyrir	R.	pk	798	-
1834	.	Klara Guðný Þórssdóttir	Gluggaljöld	.	.	1394	.
1835	.	Helgi Jalgaður	Jón Halldórr	.	.	5343	.
1836	.	Valur Harðarsm	Haskáups	.	.	4105	.
1837	.	Kristján Þorðarson	P. Blefannsson	.	.	1769	.
1838	.	Þekur Sigurðsson	Frimerkjasaðan	.	.	1290	.
1839	.	Sigurður Ó. Þórðarson	Bókuþórasar Jóhann	A.	.	375	.
1840	.	Sigurður Mikaelsson	Íslenskabankinn	R	Spa	12500	.
1841	.	Guðrún Þóðardóttir	Bólin fel. Þorðarskjum	.	Pk	1587	.
1842	.	Bleim Blefannsson	Ríkisféhingið	.	.	400	.
1844	.	Frigimundur Þorláksson	Arni Jónasson	.	.	9269	.
1845	.	Björn Þorvaldsson	Glerargymnasíð	.	Pk	1070	.
1846	.	Bessiðja Jóhannsd.	Skólastúðun Þorláksson	.	.	2146	.
1847	6/4	Jón Sigurðsson	P. Blefannsson	.	.	6226	.
1848	.	Sigurður Sigurðsson	.	.	.	6982	.
1849	.	Borgþús Jóhannesson	Veðð Handíkankans	.	.	31577	.
1850	.	Maria Jónsdóttir	Frimerkjasaðan	.	.	129	.

Skrá

þúr sparimerkjablöð áframsend post- og símamálastjórninni í **Gögn** mánuði 19^{th.}

Sauðárkrúp.

Gögn

mánuði 19^{th.}

Frá

postafgreiðslu

Máttóku- dagur	Númer spar- merkjabókar	Nafn bókareiganda	Kr.
5.4.	62703.	Hrafnhildur. Þorláksson d.	2480.-
	4 "	"	6200.-
	"	"	2760.-
48791.	Alengirsl Jónsdóttir.	5600.-	
48792.	Fonji R. Mælhiasson	<u>3000.-</u>	
			20.040.-

11 1 14

GÍRÐ-SEÐML
VIÐSKIFTAREIKNINGUR

ÚT

Nr. 549316 B

45


3933-6303-01 74-01
Fundið 1974-03-22 APRIL 1974 03-03 KR. 4.000
Fundið 1974-03-23 APRIL 1974 03-03 KR. 4.400

NELGA ÆGURDARDOTTIR
AUSTURMEÐUR AS
SEYDISFIRDI



GREÐSLA-SÝR HIPP-ÖTTISMÍLI
VIÐSKIFTARSKJALV
VIÐSKIFTARSKJALV

Greðsla-sýr hipp-öttismíli
Viðskiptarbanki, nr. 300070 B



INNBORGUNARSEDILL
fyrir orlofsfé

x Nr. 7813

Nafn og heimili greibanda	
Síldarverksmiðjur ríkisins	
Seyðisfirði.	
Nafnnr. 8110-7742	
PÓSTUR OG SÍMI PÓSTGÍROSTOFNA SEYÐISFIRDI	Uti af reikning n.
GJÖRD SVO VEL AD GREIDA AF REIKNING GIÐNU 1974	KR. 10-134
Kari Suauasson.	
UNDÍRSKRIFT GREIBANDA VIÐ MILLIFÆRSLU	

Ebi 271 50000x3 473 PJH

GÍRÐ-SEÐILL
VIDSKIPTAREIKNINGUR

DT

Grefðsla fyrir hoppdrættismiða
móttekin með þakktum. Nr. 309960 B

GREIBANDA	NÚMUR GREIDANDA
HELT SIGURDARCGITIS	74126
POSTUR OG SÍMI	74125
SEYDISFIRDI	74123
5. APRIL 1974	
AD GÖRDA AF REIKNINGI MINUM	
Karl Smáradóttir.	
UNDIRSKRIFT GREIDANDA VID MILLIFÆRSLU	

GÍRÐ-SEÐILL
VIDSKIPTAREIKNINGUR

46

Aðalgreiðsla hefur séð 22.3.1974 kl. 00
Gjörðu svo vel.

KR. BT
AA NE 155

GREIBANDA	NÚMUR GREIDANDA
Postur og Sími	74126
SEYDISFIRDI	74125
GJÖRÐ SVO VEL - 5. APRIL 1974	
AD GÖRDA AF REIKNINGI MINUM	
Karl Smáradóttir.	
UNDIRSKRIFT GREIDANDA VID MILLIFÆRSLU	



INNBORGUNARSEDILL
fyrir orlofsfé

Nr. 78722

Nafn og heimili greiðanda	
Skíraða miðastöð Austfjörða í Seyðisfirði	
PÓSTUR OG SÍMI SEYDISFIRDI	Út af reikningi nr.
GJÖRÐ SVO VEL AD GREIDA AF REIKNINGI 5. APRIL 1974	11604
Karl Smáradóttir.	KR.
UNDIRSKRIFT GREIDANDA VID MILLIFÆRSLU	



INNBORGUNARSEDILL
fyrir orlofsfé

X

Nr. 7882

Nafn og heimili greiðanda

Nestagart Seyðisfjörðar
Seyðisfirði

Nafn og heimili greiðanda	
Nestagart Seyðisfjörðar Seyðisfirði	
PÓSTUR OG SÍMI SEYDISFIRDI	Út af reikningi
PÓSTGÍRÓSTOFAN - 5. APRIL 1974	
GJÖRÐ SVO VEL AD GREIDA AF REIKNINGI MINUM	
Karl Smáradóttir.	KR.
UNDIRSKRIFT GREIDANDA VID MILLIFÆRSLU	

Útvegsbanki Íslands

47

Útlánið á Seyðisfirði

SÍMNEFNI:
„ÚTVEGGSBANKI“



Seyðisfirði.

19

Innihald bréfa:

Davíð S. Jónsson & Co. : 2 vöruvíxlar samp. af Verzl. E.J.Waage
og Baldv. Trausta Treransspur.
Símanns kr. 25.867,oo

Hans Petersen h/f : Filmur í framköllun

Landsb. Íslands. : Ávisun að upphæð kr. 98.000,oo

Ásbj. Ólafsson : Vöruvíxill samp. Baldv. Tr. Stefánsson
kr. 17.043,oo

Konráð Ó. Sævaldsson h/f ? 3 víxlar samþykktir af
Friðjóni Þorleifssyni, Nesk.
samtals kr. 450.000,oo + kostn og vextir

Útvegsbanki Íslands meðal annars ávíisanabréf með tveimur
ávísunum santals kr. 64.127,oo

auk tilkiningabréfa o.fl.

sennilega annað ávíisanabréf dags. 3/4
með ávísunum samt. 362.808,40

Þ. 3. febr. 1977.

Gunnlaugur Briem sakadómari, hefur óskað eftir því, að Pósti og Síma, gæfist kostur á að koma skaðabótakröfum að í málinu. Af því tillefni hafði undirritaður samband við, Gissur Erlingsson, umdæmisstjóra Póst og Síma á Seyðisfirði.

Hann sagði að skaði stofnunarinnar í peningum hefði orðið kr. 2.700,00 og væri þess krafist að hinir seku yrðu dæmdir til að greiða þá fjárhæð. Símskeyti liggur fyrir frá umdæmisstjóranum dags. í dag. Hið opnbera er látið um refsihlið málsins.

Erl. Guðmundsson
löggreglum.

nnnn

sf12/9

seydisfirdi 51 3 1102

1977 II 3

11:56

al 49

sakadomur reykjavíkur c/o gisti guðmundsson
reykjavík

skirskotun dagsimtals postur og simi hefur greitt skadabætur
kr 2700 vegna hvarfs postpoka sem kært var 16 apríl 1974
stop gerd er krafa um endurgreidslu upphædarinnar asamt
vöxtum ur hendi þeirra sem reyndust valdir ad hvarfi bessa
postpoka

gissur o erlingsson umdæmisstjóri posts og sima

col 2700 16 1974

S. 50

Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

Skýrsla

föstu-daginn 26. 7. 1974 kl. 11.50 kom á skrif-

Tekin af:Ágústi Jónssyni,
löggreglum.

Sigurbirni V. Eggertss.

Efni:

Tékkafals kr. 2.000,-

Grunnöðir:mla Bolladóttir,
tóragerði 29, Rvík.,
edd 19/7 1955.
avar M. Ciesielski
ytubakka 10, Rvík.,
ddur 6/7 1955.

áfh. S. S.I.

Settur í varðhald:

stofu rannsóknarlöggreglunnar Kristján Sæmundsson, verzlunarmaður, tilh. Arkarholti 13, Mosfellssveit, símiá vinnistað: 36250. Mætti leggur hér fram tékka nr. A 449870 á Útvegsbanka Íslands, að upphæð kr. 2.000,00 á reikning nr. 2218. Tékkinn er stílaður á handhafa, útgefinn þ. 20. 4. 1974 af Jóni Sólberg Nýasyni og framseldur af Sólveigu Jónsdóttur, Sólheimum 27 og Kr. Sæmunssyni. Tékki þessi var endursendur frá bankanum, vegna þess að hann er falsaður. Mætti skýrir svo frá:

¶ "Eg rek sölturninn við Hálogaland, þ.e. við Gnoðarvog 44-46. Tékki sá sem ég legg hér fram kom inn í sölturninn hjá mér, en éf veitti honum ekki sjálfur viðtöku, og veit því ekki hvað hefur verið keypt fyrir hann.

Eg talaði við húsvörðinn í Sólheimum 27 og spurði fyrir um Sólveigu Jónsdóttur. Hann sagðist kannast við stúlku með þessu nafni og hún kæmi þarna oft, en hefði þó ekki lögheimili þar. Annað veit ég ekki um þennan tékna.

Eg geri þá kröfu að sá sem falsaði tékkann greiði mér andvirði hans, kr. 2.000,00. Aðrar kröfur geri ég ekki."

Upplesís, staðfest.

Ágúst Jónsson,
löggreglum.

Kristján Sæmundsson.

Laugardaginn 16. okt. 1976 kl. 14:08 er mætt til skýrslutöku í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Erla Bolladóttir, núverandi gæslufangi, fædd 19/7 1955 í Reykjavík.

Mættu er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar. Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og áminnt um sannsogli skýrir hún svo frá: "Mér hefur nú verið sýndur tékki nr. A 449870 frá Útvegsbanka Íslands spr.r. 2218 útg. til handhafa þann 20/4 1974 af Jóni Sólberg Nðasyni að fjárhæð kr. 2.000.oo, framseldur af Sólveigu Jónsdóttur, Sólheimum 27, Rvík.

Ég kannst við að hafa skrifað allt á framhlið tékkans og einnig nafn framseldjanda Sólveig Jónsdóttir, Sólheimum 27, Rvík., á bakhlið tékkans. Ég skrifaði á tékka pennan fyrir Sævar M. Ciesielski, þáverandi sambýlismann minn og hef ég áður skýrt frá tilkomu tékkans í mali nr. 2081/74.

Ég soldi tékka pennan í söluturninum við Hálogaland og keypti ég vörur fyrir hluta af andvirði tékkans og mismunin fékk ég greiddan til baka í peningum. Ég og Sævar nutum góðs að því sem keypt var, en ég létt Sævar hafa peninga þá, sem ég fé til baka.


Ég er fús til þess að greiða andvirði tékkans, en ég á enga peninga núna og veit ekki hvenær ég eignast þá."

Yfirheyrslu lauk kl. 14:20.

Upplesið, staðfest,

Erla Bolladóttir

Erla Bolladóttir.



Sigurbj. V. Eggertsson
lögreglum.

Rvík. 16.lo.1976, kl.18,55 er tekin til skýrslutöku gæslufanginn Sævar M.Cisielski, til heimilis að Grýtubakka lo Rvík. f. 6.7.1955. Mætta er kunngert tilefni skýrslutökunnar, sem er vegna gruns um þjófnað á ávisunarhefti og fl. Gætt er ákvæða l.mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá.

"Mér hefur verið birtur tékki nr.449870, að upphæð kr.2000,00 útg.20.4.1974 undirskriafður af Jóni Þólberg Nðasyni, reikn.nr.2218, framseljandi Sólveig Jónsdóttir, Sólheimum 27 Rvík. Eg kannst við tékka þennan og að Erla Bolladóttir sambýliskona míni útfyllti hann. Eg man að tékki þessi var seldur í sölturni við Gnoðavog og tel ég að við höfum keypt gosdrykki fyrir einhvern hluta upphæðarinnar. Eg tel að ég hafi fengið þetta tékkhefti frá einhverjum veskispjófi, en ég man ekki hverjum, en ég man ekki eftir því að hafa stolið þessu tékkhefti sjálfur. Það er eins og mig minni að ég hafi fengið þetta tékkhefti í hendurnar á salerni á veitingahúsinu Röðli. Eg veit að heftinu hefur verið stolið. Eg hef gefið lögregluskýrslu þar sem ég skýri frá því að lögreglan handtók mig og var ég þá með avert peningaveski sem í voru happdrættismiðar. Eg tel að veskið geti verið það sem tékkheftið var í, en það er nú í vörslu lögreglunnar. Eg tel að þessir tékkar geti verið úr hefti því sem ég reif og hef greint frá í skýrslu sem af mér hefur verið tekin."

Skýrslutöku lauk kl. 19,05

Upplesiðstaðfest:

Sævar M.Cisielski

Skýrsluna tók:

Rúnar Sigurðsson, lögreglum.

RE

Útvegsbanki Íslands 5 23
29

REYKJAVÍK

A Nr. 449870

KR. 2.000.00

GREIDID GEGN
TÉKKA PESSUM

Ólandháfa

KRÓNUR

tvö þíusund tránumur

REYKJAVÍK,

20.4.

1974.



SPARISI.
REIKN.NR.

2218.

Jón Silberg Níðason

54
Aldini Þeisattátt
Hótel Þingvallavatn 27
Tæk.
þar semmumur



29/1 1977.

Að beiðni Gunnlaugs Briem sakadómara talaði 'eg við Kristján Sæmundsson Arkarholti 13, Mosfellssveit vegna umrædds tékkafals.

Eg gerði honum grein fyrir efni málsins og spurði hann að því, hvort hann gerði bótakröfu á hendur þeim seku í málínus.

Kristján svaraði því til, að hann væri fyrir löngu búinn að afskrifa umræddan tékka og taldi hann tilgangslaust að gera kröfur í málínus, og félli hann frá því.

Hann gat þess að lokum að þeim seku verði refsað lögum samkvæmt vegna brotsins.


Hellert Jóhannesson
lögreglum.

Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

Skýrsla

Mivðiku----daginn 8. maí 1974

Tekin af:

Eggerti N. Bjarnasyni
lögreglum.

Pá er komin í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar f. h. Krabbameinsfélags Reykjavíkur, Ásbjörg Ívarsdóttir, til heimilis að Hvassaleiti 6 hér í borg sími ~~828008~~ 82008.

Efni:
Tékkafals.

Ásbjörg leggur hér fram tékka nr. A 449871 að fjárhæð kr. 3.000,00 á sparisj.reikn. nr. 2218 í Útvegsbangka Íslands Rvk.. útgefinn til handhafa þann 25. 4. 1974 af Jóni Sölberg Nýasyni og framseldan af Sólveigu Jónsdóttur Sólheimum 27. Ung stúlka keypti happadrættismiða fyrir hluta tékkafjárhæðarinnar, en fekk mismuninn greiddan í peningum. Við framvísun í greiðslubanknum kom í ljós, að tékkinn er falsaður og úr hefti tilkynntu stolnu. Frekar veit Ásbjörg ekki um tilkomu tékkans.

Grunaðir:
Erla Bolladóttir,
Stóragarði 29, Rvík.,
fædd 19/7 1955.
Sævar M. Ciesielski,
Grýtbakka 10, Rvík.,
fæddur 6/7 1955.

Sama vel, örði
seima?


Sættir í varðhald:

s. 57 - 59

Ásbjörg gerir kröfu til þess, að útgefandi og/eða framselgandi tékkans verði dæmdur til þess að endurgreiða fjárhæð hans, en ekki tekur Ásbjörg afstöðu til refsikröfu.


E. N. Bjarnason
lögreglum.

Upplesið, staðfest:


Ásbjörg Ívarsdóttir

20. maí 1974. Samkvæmt upplýsingum fengnum í Útvegsbanka-Íslands, þá er eigandi heftis þess, sem tékki þessi er úr, Jón Sólberg Nóason til heimilis að Grænuvöllum 2 á Selfossi, sími 99-1223.. Hann hafði tilkynnt heftið glatað í bankann rétt fyrir miðjan apríl-mánuð s. l. ~~Fékk~~ Heftið var í veski og í veskinu auk heftisins, persónuskilríki Jóns, ~~xxxxxx~~ Úr hefti þessu munu hafa komið 4 tékkar í bankann, falsaðir.

Eg undirritaður hef talað við Ingimundu Þorvaldsdóttur móður Jóns, en Jón er um þessar mundir staddur á Ísafirði. Hún tjáði mér, að Jón hefði tapað veski sínu skömmu fyrir s. l. ~~Fékk~~ Páska og þá þegar tilkynnt til bankans, því í veskinu var tékkahefti á Útvegsbanka Íslands. Auk þess voru persónuskilríki Jóns í veskinu og einn útfylltur tékki, sem eitthvað hafði mislukkast. Ingimunda sagði mér, að Jón myndi hafa glatað veskinu í samkomuhúsinu Röðli og tilkynnt um það til bankans þegar daginn eftir. Ekki taldi Ingimunda, að Jón myndi geta veitt neinar frekari upplýsingar um hvorft tékkaheftisins.

E.N. Bjarnason
E. N. Bjarnason

lögreglum.

Laugardaginn 16, okt. 1976 kl. 13:40 er mætt til skýrslutöku í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Erla Bolladóttir, núverandi gæslufangi, f. 19/7 1955 í Reykjavík.

Mættu er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar. Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og áminnt um sannsögli skýrir hún svo frá: "Mér hefur hér verið sýndur tékki nr. A 449871 frá Útvegsbanaka Íslands, spr.r. 2218, útg. til handhafa þann 25/4 1974 af Jóni Sólberg Nðasyni, framseldur af Sólveigu Jónsdóttur, Sólheimum 27, Rvík..

Eg kannast við að hafa skrifað allt á framhlið tékkans svo og nafn framseljanda á bakhlið. Tékka pennan léti Sævar Ciesielski mig hafa og útfylla fyrir sig og man ég eftir því að vorið 1974, að mig minnir, kom hann heim með seðlaveski, sem hann kvaðst hafa stolið og var tékkhefti í veskinu, ásamt persónuskilríkjum.

Íg man eftir því er ég seldi tékka pennan og keypti happdrættismiða í bifreið, sem stóð í Bankastræti. Eg keypti miða fyrir kr. 1.000.00 og fékk ég mismunin greiddan til baka í peningum. Sævar var með mér þegar ég keypti umrædda happdrættismiða og naut góðs að þeim peningum sem ég fékk til baka og reyndar léti ég hann hafa peningana og miðana."

Yfirheyrslu lauk kl. 13:55.

Upplesið, staðfest,

Erla Bolladóttir

Erla Bolladóttir.


Vottur:

E.N. Bjarnason.


Sigurbj. V. Eggertss.

lögreglum.

Erla hefur fallist á að greiða fjárhæð tékkans kr. 3.000.00 en kveðst ekki eiga neina peninga núna og ekki vita hvenær hún eignast þá.


Sigurbj. V. Eggertsson.
lögreglum.

Upplesið, staðfest.

Erla Bolladóttir.

Erla Bolladóttir

Rvík. 16.lo.1976, kl. 18,40 er tekin til skýrslutöku gæslufanginn Sævar M.Cisielski, til heimilis að Grýtubakka lo Rvík. f. 6.7.1955. Mætta er kunngert tilefni skýrslutökunnar, sem er vegna gruns um þjófnað á peningaveski og fl. Gætt er ákvæða l.mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá.

" Mér hefur verið sýndur tékki nr. 449871, frá Útvegsbanka Ísl. í Reykjavík, að upphæð 3000,00 krónur, útg. þann 25.4.1974 sparisj. reikn.nr.2218 undirskrifað af Jóni Sólberg Nóasyni, framseldjanedi Sólveig Jónsdóttir, Sólháima 27. Eg kannast við ávisun þessa og er þetta skrift sambýlsikonu minnar Erlu Bolladóttur. Eg man það að ég bað hana um að skrifa þessa ávisun fyrir mig, sem hún gerði. Hvaðan þetta ~~ávisunarhefti~~ hefur komið get ég ekki tjáð mig, nema ég veit að það er stolið. Eg man að það voru keyptir happdrættismiðar fyrir eitthvað af upphæðinni og að það hafi verið á sumardaginn fyrsta. Eg hef áður gefið lögregluskyrslu um það er lögreglan handtók mig og tók þá af mér ~~veski~~ en í því voru happdrættismiðar, en þeir voru í svörtu veski og tel ég það hugsanlega geta verið veski það sem ávisunarheftir var í. Eg tel að nafn eiganda heftisins hafi verið skrifað á það, og einnig er hugsanlegt að skilríki hafi verið í veskinu. Hvort þetta er hefti það sem ég reif, og hef áður sagt frá í skýrslu sem af mér hefur verið tekin get ég ekki sagt til um"

Skýrslutöku lauk kl.18,55.

Upplesiðmstaðfest:

Sævar M. Cisielski

Sævar M.Cisielski

Skýrsluna tök:

Rúnar Sigurðsson

Rúnar Sigurðsson, löggreglum.

RE

Útvegsbanki Íslands

60
20
629

REYKJAVÍK

A Nr. 449871

KR. 3.000.00

GREIDID GEGN
TÉKKA PESSUM

KRÓNUR



SPARISI.
REIKN.NR.

2218

REYKJAVÍK,

25.4.

19 74.

Jón Silberg Neason

61
S. enj. 1. 1974
Jón Silberg Neason
KRABBS
REYKJAVÍK
Ísland
F. H. Þróunabrunnileið.



14/1 1977.


Að beiðni Gunnlaugs Briem sakadómara talaði ég við Ásbjörgu Ívarsdóttir Hvassaleiti 6, starfsstúlku hjá Krabbameinsfélagi Reykjavíkur varðandi umrætt tékkafals.

Ég spurði hana um það hvort gerðar yrðu kröfur í málínú á hendur þeim seku.

Hún kvað það hafa orðið að samkomulagi hjá stjórn Krabbameinsf. Reykjavíkur að gera ekkert frekar í þessu máli.

Engar bótakröfur yrðu gerðar, en afstöðu til refsihliðar málsins var ekki tekin.

Hellert Jóhannesson



Reykjavíkur 17. 2. 1974

Bippe Mork
63

Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

Skýrsla

Miðvikudaginn daginn 31-7- 1974.

Fekin af:

Nirði Snæhólm,
aðalvarðstj.

Kom á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar

Bippe Mork, tilh. Skólavörðustíg 29, sími 15137.

Hún tilkynnir eftirfarandi:

Eg vinn við afgreiðslu í Söluturninum við Hlemmtorg. Eg er hér með tékka á Útvegsbanka Íslands, útibúið á Seyðisfirði, D Nr. 11776 á handhafa kr. 2.000.- Spr. r. 5178 útg. 26-6-1974 af Björgúlfí Stefánssyni og framselta af honum. Mig minnir að eg hafi tekið við þessum tékka, en þó man eg það ekki fyrir vist, en eg man ekkert eftir þeim sem var með tékkann og ekki man eg heldur hvað keypt var fyrir hann. Tékkinn var lagður í banka, en svo varð að innleysa hann, þar sem í ljós kom, að sögn bankans, að hann var falsaður.

Sólveig Eiríksdóttir, eigandi turnsins hefur falið mér að leggja tékkann fram og kæra þetta. Hún krest þess að fá upphæðina kr. 2.000.- greidda ef til þess seka næst.

Upplesið, játað rétt. Bippe Mork.

N. Snæhólm.

Bippe Mork

Laugardaginn 16. okt. 1976 kl. 12:45 er mætt í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Erla Bolladóttir, núverandi gæslufangi, fædd 19/7 1955 í Reykjavík.

Mættu er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar. Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mál og áminnt um sannsögli skýrir hún svo frá: "Mér hefur nú verið sýndur tékki númer 11776 á Útvegsbanka Íslands, útibúið á Seyðisfirði, spr.r. 5178 útg. til handhafa þann 26/6 1974 af Björgólfí Stefánssyni að fjárhæð kr. 2.000.oo, framseld. af Björgólfí Stefánss. s. 82567, Rvík..

Eg kannst við að hafa skrifað allt sem stendur á framhlið tékkanns og einnig nafn framsekjandans Björgólfss Stefánssonar. Tékka þennan létt Sævar mig skrifa í herbergi okkar að Alfheimum 40, og var hann úr tékk hefti, sem hann tók úr póspokum sem hann stal á afgreiðslu Flugfélagsins á Reykjavíkurflugvelli. Sævar seldi tékka þennan í sölurninum við Hlemmtorg og kannst ég við skrift hans á bakhlið tékkanns, þar sem hann hefður skrifað nafnið Jón Sigurðsson, 30727.

Eg er fús til þess að greiða andvirði tékkans, en ég á enga peninga nú og veit ekki hvenær ég eignast þá."

Yfirheyslu lauk kl. 12:58.

Upplesið, staðfest.

Erla Bolladóttir

Erla Bolladóttir.

Vottur:

Haraldur Arnason


Sigurbj. V. Eggertss.
lögreglum.

Rvík. 16.lo.1976, kl.18,20 er tekin til skýrslutöku gæslufanginn Sævar M.Cisielski, til heimilis að Grýtubakka lo Rvík. f. 6.7.1955. Mætta er kunngert tilefni skýrslutökunnar, sem er framsal á fösluðum tékka. Gætt er ákvæða l.mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Aminntur um sannsögli skýrir hann svo frá.

"Mér hefur verið birtur tékki nr.11776, á Útvegsbanka Isl. á Seyðisfjörði að upphæð kr.2000,oo, en ávísunin er seld þann 26.6. 1976 undirskrifuð af Björgúlfri Stefánssyni, en sparisj.reikninsnúmer er 5178. Eg kannast við það að hafa framselt þessa ávísun, en þá notaði ég nafnið Jón Sigurðsson og símanúmerkið 30727. Bæði nafnið og símanúmerið er alger tilbúningur. Ávísun þessi er úr bréfapostpoka þeim, se, Erla stað við afgreiðslu Flugfélags Isl. Erla útfyllti ávísunina og notar sama nafnið sem mun vera eigandi heftisins og eins framseldi hún mér þessa ávísun með því sama nafni. Eg man ekki hvað ég keypti fyrir þessa upphæð. Hinsvegar man ég eftir að hafa sált þessa ávísun í Söluturninum við Hlemmtorg!"


Skýrslutöku lauk kl. 18,30

Upplesið, staðfest:

.....

Sævar M.Cisielski

Skýrsluna tók:

.....

Rúnar Sigurðsson, lögreglum.

SE

Útvegsbanki Íslands, 241

SEYDISFIRDI

D Nr. 11776

KR. 2000,- 66

GRE'DID GEGN
TÉKKA ÞESSUM

KRÓNUR



SPARISI.
REIKN.NR.

5178

SEYDISFIRDI,

26/6

1974

Hanthafa

Sjóþusund krónur 00,00

Björnolfur Sleifnsson

67 Björnolfur Sleifnsson
S: 82567

Rúk:
Jón Sigurðsson
Björnolfur Sleifnsson

SANITAS HF.

Síður her í útreining
Læra 9/7 '74 eg var

Fyrir hendi
Björnolfur Sleifnsson

[Handwritten signature]

SEYDISFIRDI

14/1 1977.

Að beiðni Gunnlaugs Briem sakadómara talaði ég undirrtaður við Sólveigu Eiríksdóttur, sem nú dvelur að Gunnarsstöðum Hörðudalshreppi, Þalasýslu, og spurði hana að því hvort hún gerði kröfur á hendur þeim seku í máli bessu.

Sólveig kvaðst ekki gera kröfur til bóta í máli bessu og gat bess, að hún væri búin að afskeifa umræddari tékka.

u Afstöðu til refsihliðar málsins kvaðst hún ekki taka.

Nánari skýring á því, að Sólveig Eiríksdóttir kemur inn í mál þetta er sú, að hún rak umræddan söluturn til 1/8 1974 og afgreiðslustúlkan hjá henni Bippe Mörk tilkynnti tékkafalsið til rannsóknarlöggreglunnar eins og fram kemur.

Hellert Jóhannesson

löggreglum.

Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

Skýrsla

Föstudaginn daginn 18-lo- 1974.

Tekin af:

Nirði Snæhólm,
áðalvarðstj.

Kom á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar
Bjarni Sveinbjarnarson, tilh. Dallandi 10,
sími 30755.

Hann tilkynnir eftirfarandi:

Einhverntíman síðast í júní s.l.
var sold í Verzluninni Útilíf í Glæsibæ, ávisun
á Útvagabanka Íslands, útibúið á Seyðisfirði,
D Nr. 11777 á handhafa kr. 5.000.- útg. 28-6-74.
Spr.nr. 5178, af Björgúlfri Stefánssyni. Framseld
af Sigurbjörnu Aðalst. Austurbrún 4 Rvík.

Það er ekki vitað hver soldi ávisunina
og ekki hvað var keypt fyrir hana. Ávisunin var
lögð inn í banka, en síðan varð fyrirtækið að
innleysa hana, þar sem í ljós kom að hún var
fölsuð.

Þess er krafist að sá sem falsaði tékkann,
og eða soldi hann í Útilíf, verði dæmdur til að
greiða upphæðina kr. 5.000.- og verði refsæð.

Upplesið, játað rétt.

Bjarni Sveinbjarnarson.

N. Snæhólm.

Jón Guðmundsson

Laugardaginn 16. okt 1976 kl. 12:23 er mætt til skýrslu-töku í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Erla Bolladóttir, núverandi gæslufangi, fædd 19/7 1955 í Reykjavík.

Mættu er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar. Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð óþinberra mála og áminnt um sannsögli skýrir hún svo frá: " Þær hefur nú verið sýndur tékki númer 11777 frá Útvegsbanka Íslands á Seyðisfirði útg. til handhafa þann 28/6 1974 af Björgólfri Stéfánssyni að fjárhæð kr. 5.000.00, framseldur af Sigurbjörgu Aðalst., Austur-brán 4, Rvík..

Eg kannst við að ~~þú~~ hafa allt bæði á framhlið ávísunarinnar og nafn framseldjanda á bakhlið hennar. Ávísun þessa fékk ég úr ávísunarhefti, sem Sævar Ciesielski stal úr póstspoka, er hann tók hjá afgreiðslu Flugfélagsins á Reykjavíkurflugvelli.

Eg seldi ávísun þessa í verzl. Útilíf í Glæsibæ og man ég að einhver varnigur var keyptur og afganginn fékk ég greiddan í peningum til baka.

Eg er fús til þess að greiða andivirði ~~þú~~ ávísunarinnar, en ég á enga peninga nú sem stendur og veit ekki hvenær ég eignast þá."

Yfirheyrslu lauk kl. 12:35.

Upplesið, staðfest,

Erla Bolladóttir

Erla Bolladóttir.

Sigurbj. V. Eggertss.
lögreglum.

SE

Útvegsbanki Íslands 241

SEYDISFIRDI

71

D Nr. 11777

KR. 5000,-

GREIDÍÐ GEÐN
TÉKKA PESSUM

KRÓNUR



SPARISI. 5178
REIKN.NR.

Sandkær

Júlíusprímur Krónur 5%oo

SEYDISFIRDI, 28/6

1974

Björnulfur Stefansson

Sigurður Ólafsson
Austurbærinn 4
Reykjavík

72



29/1 1977.

Að beiðni Gunnlaugs Bræm sakadómarar hafði ég samband við Bjarna Sveinbjarnarson Dalalandi lo, sem rekur verslunina Útilif í Glæsibæ vegna nefnds tékkafals.

Ég gerði honum ljóst efni málsins og innti hann eftir því hvort hann gerði bótakröfur á hendur þeim seku í málínu.

Hann kvaðst telja það tilgangslaust að gera skaðabótakröfu í málí þessu og fellur hann frá henni.

Hann gat um það að lokum, að hann léti það opinbera um refsihlið málsins.

Hellert Jóhannesson
Hellert Jóhannesson
lögreglu.

Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

Skýrsla

Miðvikudaginn 12. mars 1975.

Tekin af: Magnúsi

Eggertssyni,
yfirlögr.þj.

Frá útibúi Útvegsbanka Íslands á Seyðisfirði fékk rannsóknarlöggreglan þær upplýsingar að hefti það sem blaðið er úr, sem meðfylgjandi ávísun er skrifuð á, hefði fengið maður, sem Björgólfur Stefánsson heitir og væri fluttur til Reykjavíkur og hefði bankareikningur hans á Seyðisfirði verið fluttur í Útvegsbankann hér í Reykjavík.

Efni: Fölsun á ávísun.

Frá Útvegsbankanum hér fékk eg undirritaður þetta staðfest og enfremur var upplýst að reikningur Björgúlfss hér, sem er nr. 2464, hafi verið stofnaður 12.6.1974, en hafi ekkert verið notaður síðan í júlí 1974.

Grunaðir:

Srla Bolladóttir,
tóragerði 29, Rvk.,
edd 19/7 1955.Svar M. Ciesielski,
rytbakka 10, Rvk.,
eddur 6/7 1955.

Settur í varðhald:

"same leður
anna bordi

aff. 576

Svo sem fram kemur í meðfylgjandi bréfi Silla & Valda, er aðeins ein Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir á Þjóðskrá og hún á heima á Rauðalæk 39, ~~xx~~ og hefir átt þar heima síðan 1970.

Nauðsynlegt er að senda málið til Keflavíkur og leita upplýsinga hjá Björgúlfri Stefánssyni.

Magnus Eggertsson

28/11/74

75

Ég undirritaður Silli & Valdi,
sem er eigandi tékka nr. 11778, útbú Útvegsbankar Seyðisfjörður
á Spansjóðsreitum nr. 5178
að fjárhæð kr. 5.000.⁰⁰
útg. af Björgólfí Stefánssyni
geri hér með kröfum til að útgefandi tékkans verði dæmdur til að greiða mér
fjárhæð hans. Seljandi ávisunav er Sigrubjörn Adalsteins
dóttir, Austurbúin 4, skr. framsal á leikkann.
Hin einasta Sigrubjörn Adalsteins dóttir, skr. uppl.
Namtalsskiptoður er skráð at Raudaledi 39,
f. 9. 2. 1947. — Skr. meðf. brefi útvegsbankar er
Ávisunum talin fólöut, en hin fylgir hér með.
Kröfuleyring þessi er í trúini q. óskast annarat
eintakit endursamt með árikum um móltóku

Reykjavík, 11. ág 1974

Silli & Valdi

Til

Sakadóms Reykjavíkur.

Laugardaginn 16. okt. 1976 kl. 13:03 er mætt til skýrslu-töku í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Erla Bolladóttir, núverandi gæslufangi, fædd 19/7 1955 í Reykjavík.

Mættu er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar. Gætt er ákvæða l. mgr. 40. g. laga um meðferð opinberra mála og áminnt um sannsögli skýrir hún svo frá: "Mér hefur nú verið sýndir tékki á Útvegsbanka Íslands, útibúið á Seyðisfirði, nr. 11778, spr.r. 5178, útg. ~~Silla og Valda~~ af Björgólfí Stefánssyni að fjárhæð kr. 5.000.oo þann 28/6 1974, framseldur af Sigurbjörðu Aðalsteinsd. Austurbraún 4, Rvík.

Ég kannast við að hafa skrifað allt á framhlið tékkans, svo og nafn framseljanda á bakhlið tékkans. Tékka pennan létt Sævar mig hafa til þess að skrifa fyrir sig á og hafði hann fengið hann úr tékkhefti, sem hann stal úr póstspoka. Ég seldi tékka pennan í verzl. Silla og Valda í Glæsibæ og keypti ég matvöru fyrir hluta af andvirkni tékkans, en afganginn fékk ég greiddan til baka í peningum.

Ég er fús til þess að greiða andvirkni tékkans, en ég á enga peninga núna og veit því ekki hvenær ég get greitt það."

Yfirheyrlu lauk kl. 13:15.

Upplesið, staðfest,

Erla Bolladóttir
Erla Bolladóttir.

Vottun
Haraldur Arnason

Sigurbj. V. Eggertsson.
lögreglum.

Silli og Valdi
Silli og Valdi
Silli og Valdi

Björgólfurste fárisjan
Björgólfurste fángjan

28.6 '74

28.6 '74

5000 00

5000 00

fimm þúsund kronur 00/100

fimm þúsund kronur 00/100

fimm þúsund kronur 00/100

Sigurbjörn Adalsteinsdóttir
Efströðum 4

Rithandarsýnishorn Björgólfss Stefánssonar, Háholti 13,
Keflavík, tekið þann 27. ágúst 1975.

J.H.

3517/78

Bæjarfógeti Seyðisfjarðarkaupstaðar
Sýslumáður Norður-Múlasýslu

78

Seyðisfirði,
23. febrúar 1976

Hjálagt sendast yður, herra yfirsakadómari,
skýrslur rannsóknarlöggreglunnar í Reykjavík, svo og
önnur gögn þ.á.m. endurrit úr sakadómsbók Norður-
Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar allt út af
innistæðulausum tékka úr hefti Björgólfss Stefánssonar,
sem í meðfylgjandi bréfi sýslumannsins í Gullbringu-
sýslu og bæjarfógetans í Keflavík og Grindavík er
talinn til heimilis að Háholti 13, Keflavík, en er nú
búsettur í Reykjavík, óvist hvar, samkvæmt upplýsingum
vinar hans, Sævars Garðarssonar. Þar sem hugsanleg
vitni eru einnig í Reykjavík þótti rétt að senda yður
gögnin.

Virðingarfyllst,
Enslí L. Þórssen
ftr.

Yfirsakadómari
Reykjavík

SAKADÓMUR REYKJAVÍKUR
MÓTTEKIÐ 1196/76



Bæjarfógeti Nr. 2310 Þann 19.1.75

Gjaldar. Þann 10.

SÝSLUMAÐURINN Í GULLBRINGUSÝSLU
BÆJARFÓGETINN Í KEFLAVÍK OG GRINDAVÍK

Vatnsnesveg 33 - Sími (92) 1922

GK/hh

79

Keflavík, 12. september 1975.

Hjálagt sendast yður, herra bæjarfógeti, skýrslur rannsóknarlöggreglunnar í Reykjavík og Keflavík ásamt kærubréfi Sveins Snorrasonar út af innistæðulausum tékka úr hefti Björgólfss Stefánssonar, Háholti 13, Keflavík.

Er þess beiðst, að tekna verði skýrslur af Sævari Garðarssyni, Seyðisfirði, starfsmönnum Útvegsbankans á staðnum og fleirum, ef ástæða þykir en málínú síðan ráðstafað.

Umræddur tékki og rithandarsýnishorn nefnd s Björgólfss fylgja bréfi þessu.

Tj. T. Kristjánsson
en.

Bæjarfógetinn,
Seyðisfirði.

Ljósrit:

Sveinn Snorrason, hrl.,

5000. -

Silla og Valda
fimm þúsund krónur 00/100 —
80

28/6 74

5178 Björnölfur Stefansson

Sigurbjörn Hölskensd

Russeybrúin 4

Rvk

Ríkhandskriftshorn Lævarr Þorðarsonar,
Leyfisfjöldi, fækist 12. febrúar 1976.
Lævi ls. Þóleifsson.

REYKJAVÍK
ÓPNUÐA VÍÐA
POSTUR OG SÍMI

G

18. marz

75

Póstur og Sími

Seyðisfirði

I aprílmánuði sl. glataðist póstpoki frá Seyðisfirði til Reykjavíkur. I póstpoka þessum voru eftirtalin ábyrgðarbréf frá oss, en þau eru farð inn og kvittað fyrir þeim í póstkvittunarbók þann 5. apríl 1974:

- nr. 752 Ásbjörn Ólafsson, Reykjavík
- " 753 Davíð S. Jónsson "
- " 754 Landsbaanki Íslands "
- " 759 Konráð O. Sævaldsson "
- " 761 Útvegsbanki Íslands, hagfrd. Rvík
- " 762 Útvegsbanki Íslands, Reykjavík
- ~~763~~ 765 Björgúlfur Stefánsson "
- " 767 Verslun Hans Petersen h/f "

Þar, sem bréf þessi hafa ekki enn komið fram, fórum vér hér með fram á það að þau verði bætt oss að fullu.

Virðingarfyllst

Guðmundur Kr.

Vinur Björgólfss á Seyðisfirði sem um getur í meðfylgjandi skýrslu heitir Sævar Garðarsson, verslunarstjóri í matvöruverslun Bröttuhlið.

HG.

Guðmundur Kr.

Reykjavík, 22. júlí 1975.

Rannsóknarlögðugjónin í Keflavík, Ólfusbergshöfuði
Sveins Snorrasons og Guðrúnar

SKÝRSLA

Hér með framsendist yður, herra bæjarfógeti, kæra Sveins Snorrasonar f.h. Sillá & Valda út af innistæðulausum tékka Björgólfs Stefánssonar, og fylgir bréfinu tékkinn og skýrsla rannsóknarlöggreglu, en skv. henni er útgefandi tékkans búsettur að Háholti 13 í Keflavík.

Hallðor Þorláksson

Til

bæjarfógetans í Keflavík

- Samrit: Sveinn Snorrason hrl. -

Nr. Lagt fram í Sakadómi
Keflavíkur/Gullbringusýslu

Rannsóknarlögreglan í Keflavík, Gullbringusýslu og Grindavík

SKÝRSLA

Tekin af: Miðvikudaginn 27. ágúst 1975, kl. 12,50 er mættur á skrifstofuna Björgólfur Stefánsson, Háholti 13, Keflavík, f. 7/12 1951 í Reykjavík. Mætta er gert ljóst tilefni skýrslutökunnar og áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá. Jafnframt er mætta sýndur tékki nr. kk 11778, við Útvegsbanka Íslands, Seyðisfirði, að upphæð kr. 5,000,00.

Um: "Ég kannast ekki við að hafa gefið út tékka pennan og ekki kannast ég við undriskrift mína á honum. Ekki viet ég um tilkomu tékkans, en sumarið 1974 var ég staddur í Reykjavík og hringdi ég þá til Seyðisfjarðar í vin minn og bað ég hann um að fara í Útvegsbankann þar og fá fyrir mig tékkahefti og senda mér það, en í bankanum hafði ég tékka viðskipti. Þessi vinur minn fór í bankann og bað um að mér yrði sent tékkahefti. Síðan skeði það að ég fékk bréf frá Seðlabanka Íslands, þar sem mér var tjáð að ég hefði farið yfir á ávr. reikningi mínum. Því Eg fór þá í Seðlabankann og er ég fékk að sjá tékkann, þá kannaðist ég ekki við að hafa gefið hann út. Síðan hafði ég samband við Útvegsbankann á Seyðisfirði og var mér þá tjáð að þeir hefðu sent mér tékkahefti, sem ég síðan aldrei fékk.


Grunaðir: Síðar frétti ég á Seyðisfirði að einn póstpoki hafi glatast þar og tel ég fullvist að tékkahefti mitt hafi verið í poka þessum. Ekki kannast ég neitt við nafnið Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir, sem skrifð er aftaná tékkann.

Settir í varðhald: Tékka þann sem var í Seðlabankanum þurfti ég ekki að greiða, þegar ég hafði skýrt þar frá málavöxtum. Ég hef nú skýrt satt og rétt frá því ~~xx~~ sem ég veit um mál þetta."

Skýrsluna tók.


John Hill,

Upplesið staðfest.


Björgólfur Stefánsson

Endurrit

sakadómsbókar Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Ár 1976, fimmtdaginn 12. febrúar kl. 18.35 var sakadómur Seyðisfjarðar settur á skrifstofu bæjarfógeta og haldinn þar af Gisla G. Ísleifssyni, fulltrúa með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Beiðni sýslumannsins í Gullbringusýslu og bæjarfógetans í Keflavík og Grindavík um rannsókn vegna innstæðulauss tékka.

Skjöl málsins eru í dóminum.

Þá er mættur sem vitni, Sævar Garðarson, f. 6.2. 1951, verzlunarmaður, til heimilis Bröttuhlíð 8, Seyðisfirði.

Áminntur um sannsögli.

Dómarinn kynnti vitninu tilefni vitnaleiðslunnar og biður vitnið að gefa sýnishorn af rithönd sinni og samþykkti hann það fúlklega. Fylgir sýnishornið með.

Vitnið segist þekkja Björgólf Stefánsson. Björgólfur hafi verið hér á vertíð 1974 og þegar hann fór var hann ekki búinnað fá uppgert og bað vitnið að flýta fyrir því, að uppgjör fengist. Eftir því sem vitnið man bezt talaði hann við Trausta Magnússon, útgerðarmann, og bað hann að hraða uppgjöri. Síðan hugsaði vitnið ekki frekar um þetta og reiknaði með, að útgerðarmaðurinn geggi frá uppgjörinu.

Vitnið man ekki eftir því, að Björgólfur bæði man að senda sér tékkahefti og þar af leiðandi ekki eftir að hafa sent honum slikt hefti, en það hlyti að vera sér minnisstætt, ef hann hefði verið að senda Björgólfí eitt hvað. Vitnið vill þó ekki þvertaka fyrirþetta, þar sem vitnið var á þessum tíma verslunarstjóri og því ýmsir hringt í vitnið í hinum og þessum erindum, sem ekki væri svo lagt á minnið til langa tíma.

Í janúar 1975 segist vitnið hafa komið í hús bak við City Hótel í Reykjavík, sem tilheyrir Vesturgötu, en númerið veit vitnið ekki. Þar bjó Björgólfur Stefánsson í íbúð með stúkku, sem Sigurbjörg hét, en vitnið veit ekki um föðurnafn. Þá minntist Björgólfur ekki á þetta tékkamál. Í október s.l. var vitnið í Reykjavík og bjó í sama húsnæði og Björgólfur og fór Björgólfur þá að nefna þennan tékka í því bili, sem þeir voru að fara út í það. Þar sem vitnið kannan dist ekkert við þetta, hlustaði hann lítið á þetta tal og féll það því niður og var ekki minnst á það meira.

Upplesið, játað rétt bókað.

Sævar Garðarsson.

Vitnið vék frá kl. 19.05.

Sakadómi slitið:

Vottar:

Kristbjörg Erlendsdóttir

Gísli G. Ísleifsson, ftr.

Ari Bogason

Ár 1976, miðvikudaginn 18. febrúar kl. 11.00 var sakadómmar Seyðisfjarðar settur í skrifstofu bæjarfógeta og haldinn af Gísla G. Ísleifssyni, fulltrúa með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Beiðni sýslumannsins í Gullbringusýslu og bæjarfógetans í Kelflavík og Grindavík um bannsókn vegna innstæðulauss tékka.

Fyrir dóminn er kominn ^sem vitni Björn Sigtryggsson, bakka-gjaldkeri, 38 ára að aldri, til heimilis Múlavegi 31, Seyðisfirði.

Áminntur um sannsögli.

Skjöl málsins liggja frammi og er vitninu kynnt þau.

Vitnið segir, að hinn 4. apríl 1974 hafi verið sent tékkhefti í ábyrgðarpósti til Björgólfss Stefánssonar c/o Karl Júliusson, Aðalstræti 12, Reykjavík. Þessi Karl hafði samband við vitnið sem er gjaldkeri Útvegsbanka Íslands hér og bað um að tékkheftið yrði sent. Þetta tékkhefti glataðist, eins og ljósrit ber með sér, sem vitnið afhendir dómaranum og veit vitnið ekki til að neitt hafi komið fram úr póstpoka nefndum í ljósritinu. Vitnið sggir, að Guðmundur Gíslason, fulltrúi í bankanum, hafi vegna þess sent annað tékkaheffi í almennum pósti. Eftir því sem vitnið hefur rannsakað í bankanum mun tékkheftið vera sent á tímabilinu frá 19. - 22. apríl 1974. Enginn tékki úr þessu tékkhefti hefur komið fram til bankans. Þetta tékkhefti var saat með sömu utanáskrift og hið fyrra.

Að gefnu tilefni segir vitnið, að öruggt sé, að Sævar Garðarson hafi ekki fengið meitt tékkhefti hjá bankanum á reikning Björgólfss Stefánssonar.

Loks tekur vitnið fram, að aðeins einn tékki hafi komið í bankann úr öoru en áðurgreindum tékkheftum, eftir þetta og svo annar á tékkayeðublaði, sem Björgólfur Stefánsson hafi fengið gefið í aðábankanum í Reykjavík í samráði við bankann hér.

Hinn 12. júní 1974 var reikningur Björgólfss ~~sendur~~ hér að beiðni hans og var innstæðan send í samráði við aðalbankann á nýgáð ávisanarekkning þar.

Upplesið, játað rétt bókað.

Björg Sigtryggsson

Vottar:
Kristbj. Erlendsd.
Ari Bogason

Sakadómi slitið kl. 11.45.

Gísli Gíslieifsson

Rétt endurrit Staðfestir:
Seyðisfirði, 23. febrúar 1976.

Hildi L. Þórhins
H.

SE

Útvegsbanki Íslands **241**
SEYDISFIRÐI **88**

D N° 11778

KR. 5000,-

GREIDÍÐ GEGN
TÉKKA PESSUM

KRÓNUR



SPARISI.
REIKN.NR. 5178

SEYDISFIRÐI,

28/6

1974

Björnolfur Stefánsson

Superleiðig Atakstewurst
Austurvöllur 4
Reykjavík
89

Legist inn á **útvegshús** voru
nr. 74 við **Austurvöllur** í Reykjavík
Alftheimur 74.

SILLA & VALDI

1974
C. E. M.

Þ.7.febr.1977.

Gunnlaugur Briem sakadómari, hefur óskað eftir því,
að forsvarmanni Silla & Valda, yrði gefinn kostur á
því að koma að kröfum í málinu.

I dag ræddi undirritaður við, lögfræðing fyrirtækisins,
Svein Snorrason hrl. og innti hann eftir kröfum á hendur
himur seku. Hann sagði að sú krafa væri gerð, að þau
sem parna voru að verki verði dæmd til að greiða fjár-
hæð tékkans, kr.5000,oo ásamt áföllnum kostnaði. Hið
opinbera er látið um refsihlið málsins.

Cislí Guðmundsson
lögreglum.

80

91

A Nr. XXXII Lagt fram í sakadómi
Reykjavíkur 21/3 77

ÓGZ.

E N D U R R I T

ú r

S A K A D Ó M S B Ó K R E Y K J A V Í K U R

---ooo000ooo---

Ár 1977, föstudaginn 28. janúar er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgatúni 7 af Haraldi Henryssyni, sakadómara.

Fyrir er tekið:

Dómsrannsókn vegna

ætlaðra fjárvika

Sævars Marinós Ciecielskis

og

Erlu Bolladóttur.

Fram eru lögð þessi skjöl:

Nr. 1-2 Rannsóknarlöggregluskyrslur

- 3 Bréf Póst- og símamálastjórnar.

Þá mætir í dóminum Erla Bolladóttir, Stóragerði 29,

A Nr. XXXII Lagt fram í Sakadómi
Reykjavíkur 21/3 1977

G.Br.

**SÆVAR MARINÓ CIESIELSKI
ERLA BOLLADÓTTIR**

Málsskjöl vegna ætlaðra
fjárvika.

IV. kafli ákæru, 4

f. 19.7.1955 í Reykjavík.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74/1974.

Kærða kannast við að hafa hinn 23. ágúst 1974 svikið kr. 475.000.oo út úr pósthusinu við Langholts-veg ásamt Sævari Marinó Ciecielski. Hún hafi á þessum tíma starfað sem fjarritari hjá Pósti og síma og hafði starfað þar frá því í september 1972. Hún segir að Sævar Marinó hafi beðið sig að ná með einhverju móti út fé hjá Pósti og síma og hafi henni þá hugkvæmst að gera það á þennan hátt. Hún kveðst einhvern tíma síðdegis þennan dag hafa hringt frá Hjallavegi 31 í 06 og lést vera starfsstúlka á símstöðinni í Grindavík. Las hún fyrir skeytti, sem stíluð voru um að greiða skyldi til Unnar Jökulsdóttur, Sólheimum 25, samtals kr. 475.000.oo en greiðandi væri Hraðfrystihús Grindavíkur. Undirskrift á skeytin var gefin upp Steinunn Stefánsdóttir. Voru skeytin fimm að tölu, og hljóðuðu fjögur upp á kr. 100.000.oo en eitt upp á kr. 75.000.oo. Kærða segir að það hafi verið stúlka að nafni Ragnheiður, sem tekið hafi við skeytunum í 06 og hafi hún ekki látið uppi neinar efasemdir þegar kærða las skeytin fyrir né spurt nokkurs.

Kærða segir að Sævar Marinó hafi á meðan símtalið fór fram notað hátalara til að suð heyrðist í símanum.

Kærða átti ekki hlut að því að sækja umrætt fé í Langholtsútibú Pósts og síma, en þangað átti að senda skeytin. Hún kveðst hafa heyrt það síðar hjá Sævari Marinó, að stúlka að nafni Guðrún Anna hafi náð fínu út. Skeytin

voru send á föstudagi en féð var ekki leyst út fyrr en á mánudegi. Sá kærða þegar Sævar kom heim með kr. 375.000.oo, en hann kvaðst hafa greitt þeim, sem tók féð út kr. 100.000.oo. Kærða vissi að af þessu fé lánaði Sævar Marinó Vilhjálmi Knudsen kr. 300.000.oo og lagði kr. 60.000.oo til bílakaupa með Kristjáni Viðari Viðarssyni. Afganginn af fínum mun hann og hafa notað í eigin þágu.

Kærðu eru sýnd símskeytin með dskj. nr. 1. Kannast hún við að þau séu skeytti þau, er hún las fyrir umrætt sinn.

Lesin er fyrir kærðu skýrsla hennar hjá rannsóknarlögreglu frá 18. desember 1975 á dskj. nr. 1 og segir hún þar rétt greint frá í öllum atriðum.

Kærða segir að síðar hafi Sævar Marinó krafist þess af sér að hún sviki á sama hátt fé út úr Pósti og síma á ný. Hún hafi neitað þessu í fyrstu en þar hafi komið að hún lét undan. Voru þau stödd heima hjá móður Sævars Marinós, að Grýtubakka 10, og hringdi kærða þá í 06 og kvaðst vera á símstöðinni í Grindavík og las fyrir skeytti, fimm að tölu, um greiðslu á samtals kr. 475.000.oo til Guðrúnar Sigríðar Jónsdóttur, en greiðandi væri maður að nafni Jón. Kærða man ekki nú, hvert föðurnafn hans var sagt. Undirskrift á skeytunum var sögð Steinunn Stefánsdóttir. Hún segir að nafn móttakanda, Guðrún Sigríður Jónsdóttir, hafi verið tilgreint að fyrirsögn Sævars Marinós, svo sem verið hafði einnig um nafn Unnar Jökulsdóttur í framangreindu tilviki. Engar spurningar voru bornar upp við kærðu, þegar hún las upp umrædd skeytti. Hún segir að Sævar Marinó hafi viðhaft sömu tilfæringar við símtalið og í fyrra tilvikinu.

Kærða segir að skeyttið hafi átt að sendast í pósthúsið í Umferðarmiðstöðinni. Ekki hafi verið ætlunin í upphafi að hún sækti þetta fé, en þar sem Guðjón Skarphéðinsson, sem Sævar Marinó ætlaði að fá til þessa hafði brugðist hafi hann fengið hana til þess að fara í umrætt pósthús og hafi hann afhent henni nafn skírteini með nafni Guðrúnar Sigríðar Jónsdóttur. Þegar hún kom á pósthúsið í Umferðarmiðstöðinni reyndist ekki nægilegt fé þar fyrir hendi til að greiða út umræddar póstávísanir, og var henni vísað á aðalpósthúsið. Pangao vildi hún hins vegar ekki fara af ótta við að þekkjast. Kvaðst hún vera að fara austur á Selfoss og bað um að skeytin yrðu send þangað. Fór hún þangað ásamt Sævari Marinó næsta dag. Fékk hún þar á pósthúsínu greidda ofangreinda fjárhæð með ávísun á Landsbanka Íslands, Selfossi, og kvittaði hún fyrir á skeytin með nafni Guðrúnar Sigríðar Jónsdóttur. Ávísunina leysti hún þá þegar út í framangreindum banka og framseldi með sama nafni.

Kærða telur að umrætt fé hafi Sævar Marinó notað til eigin þarfa, yfir kr. 300.000.00, en hinu hafi þau eytt sameiginlega.

Kærðu eru sýnd fimm skeyti og ljósrit af ávísun á dskj. nr. 2. Segir hún skeytin vera þau skeyti, sem hún las fyrir umrætt sinn. Kannast hún og við áritun sína á þau, með nafni Guðrúnar S. Jónsdóttur, svo og að framsal sitt á ávísunina með sama nafni.

Lesin er fyrir kærðu skýrsla hennar hjá rannsóknarlögreglu frá 19. desember 1975 á dskj. nr. 2 og segir hún

þar rétt greint frá.

Kærðu er kynnt krafa Póst- og símamálastjórnar á dskj. nr. 3. Hún kveðst ekki mótmæla kröfunni. Hins vegar sjáí hún sér ekki fært að greiða hana nú, en hún muni reyna að ná samkomulagi um greiðslu hennar.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá.

Dómpingi slitið.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hjördís Þorsteinsdóttir

Guðmundur T. Guðmundsson

Ár 1977, miðvikudaginn 16. febrúar er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni, sakadómara.

Fyrir er tekið:

Rannsókn vegna

ætlaðra fjárvika

Sævars Marinós Ciecielskis

og

Erlu Bolladóttur.

Frammi liggja áður framlögð skjöl, nr. 1-3, en lögð eru fram:

Nr. 4-6 Endurrit úr sakadómsbók.

Þá mætir í dóminum Sævar Marinó Ciecielski, nú gæslufangi, fæddur 6.7.1955, Stóra-Hofi í Gnúpverjahreppi, Árnessýslu.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74/1974.

Kærði kannast við það, að hann hafi ásamt Erlu Bolladóttur svikið kr. 475.000.oo út úr Pósti og síma í ágúst 1974. Hann segir að Erla hafi starfað hjá Pósti og síma og hafi hún tjáð sér að hún vissi um aðferðir til þess að ná út peningum þar. Hann segir að sig hafi um þetta leyti vantað peninga til að lána kunningja sínum, u.p.b. kr. 200.000.oo. Erla hafi þá stungið upp á því að hún næði út þessum peningum frá Pósti og síma. Kærða er tjáð að Erla hafi borið að hann hafi lagt að henni að gera þetta, en hann kveður það rangt. Kærða er bent á að skv. skýrslu hans hjá rannsóknarlöggreglu hafi hann átt hér frumkvæði við Erlu, en hann telur að sá framburður hafi byggst á því að honum hafi verið tjáð hvað Erla hafi sagt um þetta áður.

Kærði segir að Erla hafi hringt frá heimili þeirra á Hjallavegi í ritsímann og hafi hún sagst vera á símstöðinni í Grindavík og væri með skeyti um peningasendingu frá einhverjum ákveðnum útgerðarmanni í Grindavík. Viðtakandi átti að vera Unnur Jökulsdóttir, og átti að senda peningana í Langholtsútibú Pósts og síma. Ekki man kærði hver ákvað hvaða nöfn skyldu notuð í þessu sambandi, en heldur að þau hafi athugað eitthvað með nöfn í Grindavík. Hann telur að hann hafi stungið upp á nafni Unnar Jökulsdóttur út í bláinn. Kærði segir að fjárhæðin, sem hér um ræddi, hafi verið kr. 475.000.oo í 5 póstávísunum.

Kærði segir að á meðan Erla talaði í símann umrætt

sinn, hafi hann útbúið són á plötuspilara til að láta líta svo út að slæmt samband væri, en Erla hafi sagt að svo væri um símtöl utan af landi. Kærði segir að umrætt símtal hafi átt sér stað á föstudagi, en ekki hafi tekist að ná út peningunum þennan dag. Hann kveðst hafa beðið Guðrúnu Önnu Guðmundsdóttur að leysa út féð og hafi hún gert það og fengið kr. 100.000.oo fyrir. Hann telur að Erla hafi vitað um þetta. Hann kveðst hafa lánað kr. 300.000.oo af þessu fé Vilhjálmi Knudsen, sem samþykkti víxil fyrir þeirri fjárhæð til u.p.b. 6 mánaða og fékk Erla víxilupphæðina greidda, að frádregnum kr. 90.000.oo, er kærði fékk. Þær kr. 75.000.oo, sem eftir voru, runnu til bílkaupa en það fé tapaðist.

Kærða er lesin skýrsla hans hjá rannsóknarlögreglu 11. janúar 1975 á dskj. nr. 1. Segir hann hana rétta að öðru leyti en því að hann hafi ekki lagt að Erlu að svíkja út fé á þennan hátt.

Sérstaklega aðspurður segir kærði að hann hafi breytt nafnskírteini Guðrúnar Önnu greint sinn.

Kærða eru sýnd skeytin meðfylgjandi dskj. nr. 1, og telur hann að þar sé um að ræða skeyti þau, er Erla sendi umrætt sinn.

Kærði segir að í októbermánuði sama ár hafi þau Erla verið orðin peningalaus og þá hafi hann stungið upp á því að þau svikju út peninga á sama hátt af Pósti og síma. Hafi það orðið úr að Erla hringdi í ritsímann frá heimili móður kærða að Grýtubakka 10. Hafi Erla haft klút yfir símanum til að skapa verra samband en hann kveðst ekki

hafa verið viðstaddir símtalið, og hann hafi ekki útbúið són í þetta skipti. Þau ræddu um að þetta yrði sama fjárhæð og fyrr, kr. 475.000.oo og átti að senda peningana í póstútibúið í Umferðarmiðstöðinni. Erla hafi átt að ná í peningana og hafi átt að nota nafn, sem var á nafnskírteini, er kærði hafði stolið í Tjarnarbúð eða ökuskírteini, en mynd af Erlu var sett í það. Þau hafi nú farið í Umferðarmiðstöðina en þá hafi peningarnir ekki verið komnir þangað. Bað Erla þá um að þeir yrðu sendir í pósthúsið á Selfossi. Þau hafi síðar farið þangað austur og Erla hafi farið í pósthúsið og leyst út umræddar póstávísanir. Hafi hún fengið greitt með ávísun, er hún framseldi og leysti út í Landsbankanum á Selfossi.

Kærði segir að þau Erla hafi eytt þessum peningum sameiginlega, m.a. keypt Land Rover bifreið, dvalið á Hótel Loftleiðum og farið til Kaupmannahafnar.

Kærða er lesin skýrsla hans hjá rannsóknarlöggreglu 11. janúar 1976 á dskj. 2. Kannast hann við undirskrift sína og segir hana rétta.

Kærða er kynnt bótakrafa á dskj. nr. 3. Hann mótmælir henni ekki, en kveðst ófær um að inna umrædda greiðslu af höndum nú.

Upplesið, játað rétt.

Víkur frá.

Dómpingi slitið.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hjördís Þorsteinsdóttir

Gunnlaugur Sigurðsson

Rétt endurrit staðfestir,

skrifstofu sakadóms Reykjavíkur, 1. mars 1977

L. u.

Jón Ingi Þálsdóttir



Nr. 1 Lagt fram í sakadómi
 Reykjavíkur 28.1.6977
 100

Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

Skýrsla

Föstudaginn daginn 8-11- 1974.

Tekin af:

Nirði Snæhólm,
aðalvarðstj.

Efni: Fals og svik.
Kr.475.000.-

Grunaðir:

Sævar Marinó Ciesielski.
Erla Bolladóttir.
Guðrún Anna Guðmundsd.

Settur í varðhald:

Guðrún Anna Guðmundsd.
Sama lehus
sami borgi?

Þann 6.p.m. barst rannsóknarlöggreglunni kæra dags.5.p.m. frá Póst og Síamálastjóra varðandi fals og svik á kr.475.000.- Þann 23/8-1974 kl.1650 hafði verið hringt, að haldið var frá símstöðinni í Grindavík og send 5 simskeyti, fjögur samhljóðandi og á kr.100.000.- hvort, en það 5.á kr.75.000.- Sendandi sagður vera Steinunn Stefánsdóttir, Grindavík og móttakandi Unnur Jökulsdóttir, Sólheimum 25, postrestante.

Upphæðirnar áttu að greiðast, eða afgreiðast í Langholtsútibúinu.

Þann 26/8-74. kom í Langholtsútibúið kvenmaður til að sækja peningana, sem áttu að vera innborgaðir í pósthusið í Grindavík, frá Hraðfrystihúsi Grindavíkur. Tékki var þá gefinn út fyrir allri upphæðinni kr.475.000.- sem viðkomandi fékk síðan greiddan í Landsbanka Íslands, Langholtsútibúinu. Viðkomandi kvittaði á öll skeytin 5, með nafninu Unnur Jökulsdóttir, 8247-9995 nafnnúmer. A sama hátt var tékkinn frámseldur.

Við endurskoðun kom í ljós að skeyti þessu eru ekki bókuð í Grindavík og virðast aldrei hafa verið send þaðan, þó svo geti verið, þ.e. frá símstöðinni.

Þá er þess fyrst að geta, að nafnúmerið sem notað hefur verið, er falsað. Ekki til.

Samkvæmt þjóðskrá, er aðeins ein Unnur Jökulsdóttir, til á Íslandi, og hún býr á Lindarbraut 2, Seltjarnarnesi, f. 7-6-1955, n.n. 9012-1162.

Í Sólheimum 25, er því engin með nafni sem líkist þessu.

Eftir því er Ólafur Karlsson, endurskoðandi hjá Póst og Sínamálastjóra, sagði mér, voru á vakt í símstöðinni í Grindavík þann 23. ágúst s.l. þær:

Dröfn Vilmundardóttir, talsímakona,

Arnarhrauni 9, f. 21-6-1956. N.N. 1642-8726.

A vakt föstud. 9-16 og mánud. 13-19.

Kolbrún Einarsdóttir, Túngötu 12.

f. 3-10-1943. N.N. 5657-1248.

föstud. 13-1630. mánud. 9-12.

Hildur Gunnarsdóttir, Túngötu 10,

f. 8-5-1955. N.N. 4098-9803.

föstud 1630-1900. mánud. 13-16.

23. ágúst er föstudagur og 26. er mánudagur.

Stöðvarstjóri er Fjóla Jóelsdóttir, f. 21-6-1914.

Þá sagði Ólafur mér að láðst hefði í Langholts-útibúinu að kanna hvort umrædd upphæð hefði verið greidd inn í pósthúsið í Grindavík, áður en borgað var út.

Einnig væri því haldið, fram að viðkomandi hefði sýnt nafnskírteini, eða einhver persónuskilríki er hún undirritaði plöggin innfrá.

Þá sagði Ólafur að þetta gengi þannig fyrir sig, að móttökustúlkan í símstöðinni hér, sem í þessu tilviki var R.R. sæti með heyrnartækin á sér. Viðkomandi hringdi inn skeytin og stúlkan vélritaði þau upp og síðan væru þau send í R-I. P.e. aðalpósthusið og svo þaðan inn í pósthusið v.Langholtsveg.

Sagði að hægt hefði verið að hringja hvaðan sem var, hér úr borginni, eða nágrenni og segja að það væri frá Grindavík. Skeytin hefðu því átt að greiðast þar.

Sá sem sendi skeytin hefði orðið að gefa upp "Póstávisun 3281 Pósthús Reykjavík Langholtsútibú, Grindavík lo2 23 23/8 74 16.20," og svo textan. Til að láta líta út eins og þetta væri sent frá símstöð, eða pósthusi. Því hefði viðkomandi orðið að kunna þetta, en það ættu flestir á pósthusum og símstöðvum að kunna.

N.Snæhólm.

ll-ll-74. Í dag fór eg inn í pósthusið R-4. Langholtsútibú og talaði við Ingólf Þórarinsson, útibústjóra. Hann sagðist aldrei hafa séð umræddan kvenmann. Sagði að það væri þannig, að stundum er greiða atti út stórar upphæðir, kæmu stúlkurnar innfyrir til sín, til að vita hvort ekki væri hægt að greiða út með tékka. Hann sagði að þannig hefði það verið í þetta sinn, en þá hefðu þær Fanney Helgadóttir, Dvergabakka 12 og Ingibjörg Guðmundsdóttir, Laugarnesvegi 76, verið í afgreiðslunni. Sagðist ekki munu hvor þeirra hefði

afgreitt þetta. Sagði að láðst hefði að hringja í Grindavík til að athuga hvort upphæðin hefði verið greidd inn þar.

Pá talaði eg við Fanneyju. Hún sagðist ekkert muna eftir þessu, og því ekki muna hvort hún hefði afgreitt umrædda stúlkuna og látið hana kvitta á símskeytin 5. Fanney sagði að það væri alveg öruggt að svona stór upphæð hefði alls ekki verið greidd út nema viðkomandi sýndi nafnskírteini. Sjálf sagðist hún myndi hafa látið nægja að sjá að nafnið væri rétt.

Pá talaði eg við Ingibjörgu. Hún sagðist heldur ekki muna eftir því hvort hún hefði afgreitt skeytin og látið stúlkuna kvitta á þau. Sagði að það ætti alls ekki að eiga sér stað að símstöð taki á móti svona skeytum í síma. Það ætti að senda með þau og þá væri tryggt að búið væri að borga inn á sendistöð. Sagðist a.m.k. hafa lært þetta þannig og þannig hefði þetta verið gert í Vestmannaeyjum.

N. Snæhólm.

ll-ll-74. Þá er mætt í máli þessu
Unnur Þóra Jökulsdóttir, tilh. Lindarbraut 2, Seltjarnarnesi,
f. 7-6-1955, sími 23537 og 17610.

Mætta skýrir aðspurð svo frá.

Eg man ekki til að þekkja neinn í pósthúsínu í Reykjavík, eða símstöðinni og ekki heldur í Grindavík og ekki heldur í pósthúsínu á Seltjarnarnesinu.

I mai 1973 vann eg í hálfan mánuð í Hraðfrystihúsi Grindavíkur. Eg man ekki hvort þar

þá nokkur Steinunn. Eg held að stúlkurnar parna hafi bara verið aðkomufólk. Eg kynntist engum af staðarfólki. Eg held að þetta hafi verið fyrrihluta mánaðarins. Það var aðallega ein stúlka, sem eg var með, en það var Póra Gunnarsdóttir, sem átti heima einhverstaðar á Hagamelnum, en pabbi hennar vann hjá póstinum. Hún giftist Grikkja í fyrra og eg held þess vegna að hún hafi farið úr landi.

Eg held að eg hafi ekki notað pósthúsið á meðan eg var parna, en eg hringdi nokkrumsinnum frá símstöðinni. Eg þurfti að panta símtal, svo eg held að eg hafi orðið að gefa upp nafn. Eg man að eg fékk einusinni pakka í pósti. Mig minnir að póstur og sími sé í sama húsi.

Þegar eg skrifa nafnið mitt, þá skrifa eg yfirleitt einnig Póra, en nafnið skrifa eg á þrennan máta, eins og eg er búin að sýna hér. Eg kannast ekkert við skriftina á nafni mínu á skeyti því, sem mér er nú sýnt hér og hef ekkert heyrt talað um mál þetta áður, og veit ekkert um það.

Fyrir um það bil tveimur árum síðan glataði eg nafnskírteininu mínu og eg held meira að segja að eg hafi glatað tveimur, en þó man eg það ekki. Eg gæti alveg eins hafa glatað skírteininu í Kaupmannahöfn árið 1971, en þá glataði eg buddunni minni með skilríkjum í og ekkert fannst aftur. Eg var ekki með nafnskírteini í fyrra. Eg er viss um að eg var búin að glata því áður.

Upplesið, játað rétt. Unnur Jökulsdóttir.

Unnur Póra Jökulsdóttir.

12-ll-74. Í dag fór eg suður í Grindavík og talaði við Fjólu Jóelsdóttur, stöðvarstjóra í Pósti og Síma í Grindavík. Hún sagðist ekki hafa heyrt neitt um mál þetta fyr en fyrir stuttu síðan, er Evelín sem væri í endurskoðun hjá Pósti og Síma í Reykjavík, hefði hringt og spurst fyrir um 5 símskeyti. Hvort hún hefði sent þau þann 23.ágúst s.l. Henni hefði fundist númerin vera of há. Fjóla sagðist hafa flett þessu upp og komist að þeirri niðurstöðu að skeypinn hefðu ekki verið send í gegn hjá þeim. Sagðist síðan hafa verið kölluð til Reykjavíkur í sambandi við þetta.

Sagðist vera búin að hugsa mikið um þetta síðan, og komast að þeirri niðurstöðu að engin af hennar starfsfólki myndi hafa gert þetta. Einnig að stúlkur hennar myndu ekki hafa farið til Reykjavíkur þann 26.ágúst, eftir því er hægt væri, en það hefði verið daginn fyrir daginn, sem hún fór sjálf í sumarfri.

Þá sagðist Fjóla ekki skrifa nafn og heimilisfang móttakanda í skeysi þegar sent væri í Postrestante, eins og væri í þessum skeytum og sínum stúlkum hefði verið kent þetta á sama hátt. Ef hinsvegar einhver afhenti inn skeysi skrifaoð á pennan hátt, þá yrði það sent þannig.

Sagði að Dröfn væri búin að vinna þarna í ár, Hildur í um eitt og hálft ár og Kolbrún í 4 ár. Sagðist þekkja þær út og inn. Engin þeirra í slarki. Sagði að ekki væru tekin nöfn á fólk sem kæmi og hringdi úr sjálfri símstöðinni, em það væri gert ef hringt væri t.d. frá Hraðfrystistöðinni. Sagði að Hraðfrystihúsið gerði lítið af því að senda senda peninga fyrir fólk sitt og ekki stórar upphæðir.

Sagðist ekki muna til að hafa séð undirskriftina á símskeytunum áður en hún sá hana hjá Pósti og Síma í Reykjavík.

Þá talaði eg við Dröfn Vilmundardóttir, og fékk rithandarsýnishorn hennar. Bæði hennar nafn og Unnar. Dröfn sagðist ekkert vita um þetta og ekki hafa séð þessa hönd áður, eða Unnar á skeytunum. Sagðist ekki nota nafn og heimili sendanda, ef hún útbyggi símskeyti og sendi á Póstrestante.

Talaði við Hildi og fékk rithandarsýnishorn hennar. Bæði nafn hennar og Unnar. Hún gat heldur ekki gefið neinar upplýsingar. Sagðist ekki hafa séð nafn Unnar eða rithönd áður. Aðspurð sagðist hún ekki nota á póstrestante-símskeyti, nafn og heimili mftakanda, því þá væri ætlast til að viðkomandi fylgdist sjálfur með þessu og spryrðist fyrir um sendinguna.

Fjóla athugaði í pakkamóttökubók, hvort Unnur Jökulsdóttir, hefði fengið sendan pakka þangað í maí 1973. Svo var ekki. Hún hefði hinsvegar geta fengið pakka sendan með bíl og tekið við honum niðurfrá.

M.Snæhólm.

13-11-74. við eftirgremslan Hraðfrystihúsi Grindavíkur, kom í ljós að Unnur Jökulsdóttir, vann þar frá 4. maí til lo. maí 1973. Þar vann engin Steinunn.

N.Snæhólm.

6-12-1975 yfirheyrði undirritaður á heimili hans,
Hrífunesi í Skaftártungu, Árna Þ. Jónsson, bónda 59
ára að aldri.

Hann skýrir aðspurður svo frá eftir að vera
birt tilefni yfirheyrlunnar:

Í fyrra haust talaði eg við Ráðningarskrifstofu Landbúnaðarins, til að vita hvort eg gæti fengið ráðskonu í gegnum skrifstófuna. Það voru nokkrar stúlkur, sem vildu ráða sig og eg fékk nöfn þeirra og talaði við þær, og þar á meðal Guðrunu Önnu Guðmundsdóttur, sem hér um ræðir. Það varð úr að eg tók Guðrúnu, en það hefur verið í kringum þann 26. september. Æg talaði við hana í síma og var búinn að tala við hana áður. Eg var áður búinn að auglýsa eftir stúlku. Eg var búinn að afla mér upplýsinga um Guðrúnu, hjá konu, sem var móðir konu, sem Guðrún hafði verið barnfóstra hjá.

Það var svo þann 26. september, sem Guðrún kom hingað austur með rútunni, og var ein og með dótið sitt með sér. Guðrún var afskaplega niðurbrotin að sjá og auðséð að eitthvað andlegt var að henni, en þetta var í fyrsta sinn er eg sá hana, nema hvað eg hafði séð hana mörgum árum áður, er hún var barnfóstra. Hún hefur kanske verið um fermingu þá. Þegar Guðrún kom hér, var eg að útbúa mig til að fara til Víkur, í sambandi við árásarmál á mig, en það hafði verið ráðist á mig á samkomu hér, daginn áður og eg ætlaði í því sambandi að fara til sýslumannsins. Guðrún vildi koma með mér til Víkur, en eg ætlaði að koma sama dag til baka, en þegar við fórum, þá hittist þannig á að sandurinn var alveg ófær, og það endaði með að við urðum veðurteppt í Vík. Við gistum hjá Garðari og Kristín, en mig minnir að þau búi á Mánabrautinni. Garðar ólst upp hér og við biðum fyrst þarna til að vita hvort veðrinu slotaði ekki, en það endaði með að við gistum. Guðrún tók það sérstaklega fram við ráðninguna, að hún vildi sem minnst vera hinni. Vildi heldur vinna útiog vera við smölun er því skipti.

Daginn eftir, þann 27. var sandurinn ennþá ófær og svo var það fljótlega eftir hádegismatinn að Guðrún sagðist ætla að fara suður í sand og urð sér til hressingar og það gerði hún. Svo var það þannig, að um kl. 2000 úm kvöldið, var eg boðinn í mat til annarra hjóna. Það var

R. Þ. J.

svo einhverstaðar milli kl. 2100 og 2200, sem eg fór til baka til Garðars og þá sá eg Guðrúnu standa við gaflinn á bílaverkstæðinu, um 400 til 500 metra frá húsi Garðars, og var þar ein. Mér datt ekki í hug er eg sá stúlkuna, að þetta væri Guðrun, en sá sem ók mér, ók svolítið nær til að athuga hver þetta væri, en stúlkun færði sig þá aðeins til og gekk í áttina að sjónum. Þegar eg kom til Garðars, var mér sagt að Guðrún hefði ekki komið í kvöldmat, en farið út skömmu áður og sagst ætla að ganga út í nóttina. Skömmu áður hafði Guðrún farið út í verzlun og keypt sykur fyrir það sem hún hafði af peningum og gefið Kristínii.

Eg var búinn að tala heilmikið við Guðrúnu og mér fannst hún vera vel heima í öllu og greinilega vel gefin, og við vorum búin að tala saman um hvað tæki við eftir dauðann, og hún virtizt hafa áhuga á því. Þarna þann 27. fór hún að lýsa fyrir mér sérstökum stað, sem hún hafði fundið daginn áður, þar sem plastdúnkarnir væru. Það væri svo heillandi að standa þar og brosti þegar hún var að tala um staðinn.

Það var svo í kringum miðnættið, sem eg hringdi til Reykjavíkur í Austurbrún 3, frekar en 4 en Halldóra Thoroddsen, vinkona hennar bjó þar og eg spurðist fyrir um hvort það gæti verið að Guðrún hefði farið í bæinn. Konan sem eg talaði við, sagði að það væri útilokað, því það væri ekki líkt Guðrúnu. Það var svo hring í björgunar-sveitina og leit sett í gang. Það leitaði fjöldi manns. Guðrún fannst svo þann 30 kl. 1200, í flæðarmálínu rétt hjá svokölluðum bás, eða austan við hann, út við klettana, en það er staðurinn, sem hún hafði lýst fyrir mér. Það voru engir áverkar á Guðrúnu og hún var alveg klædd, í úlpú og skóm. Það voru öll föt á henni. Við vorum öðruhvoru áður búnir að leita í básum, svo líkið hefur komið barna upp um morgunin, en þá var alveg sléttur sjór. Guðrún var þannig, að hún hefur verið uti í sjó en ekki föst í neinum klettum. Guðrún var ekki með nein skilríki á sér, en kr. 27.- og tannbursta, enda var hún ekki með veski. Um eftirmiðdaginn var svo farið með líkið í sjúkrabílnum til Reykjavíkur og eg fór með bílnum.

R. B. J.

Það var farið með líkið til krufningar í Rannsóknarstofu Háskólags. Eg hringdi í foreldra Guðrúnar er hún týndist og sagði þeim frá því.

Eg vissi ekki til að Guðrún færi á Hótelis, eða að hún hitti nokkurn í Vík, á meðan hún var þar.

Þrátt fyrir að Guðrún virtist mjög niðurbrotin, gat hún samt brosað inn á milli. Hun talaði ekki um að hún væri hrædd, eða að hún gæti átt von á einhverjum á eftir sér. Eg get heldur ekki sagt að neitt hafi bent til þess að Guðrún væri hrædd. Þetta virtist vera innibyrgð sorg, eða eitthvað svoleiðis.

Leitarmennirnir komu með hund með sér og í því sambandi var aðeins litið í fatnað Guðrúnar, en hann var allur hreinn og samanbrotinn, svo það var talið útlokað að nota hann, og því var sengurfatnaðurinn notaður.

Eg fór ekki í gegnum dót Guðrúnar og veit því ekki hvað hún var með, en hún virtist vera pannig, að hún mætti ekki vamm sitt vita.

Eftir þetta afhenti eg Bjarna, föðurbróðir Guðrúnar, dót hennar.


Semsagt þá varð eg ekki var við neitt í fari Guðrúnar, sem bent gæti til að hún ætti von ~~á~~ hættu, eða að einhver myndi ætla að gera henni mein.


Síðast er eg talaði við hana í síma í Reykjavík var Guðrún búin að stytta verutíma sinn hjá mér, niður í two til þrjá daga, en til að byrja með ætlaði hún að vera tvær til þrjár vikur. Hún sagði að hún hefði nú heldur ætlað sér Snæfellsnesið, eða Vestfirðina, en ætlaði samt að slá til og koma austur.

Eg man það núna að Guðrún var með eitthvert sár, eða skinnlos á vöðfanum fyrir ofan vinstri þámal fingur, og það var þrútið og bólgið og Guðrúnu leið illa í þessu og var að plokka það öðruhvoru.

Upplesið, játað rétt. Arni P. Jónsson.

N. Snæholm.





Rétt er að geta pess, að meðan á samtali okkar Árna stóð, ráðfærði hann sig öðruhvoru við dagbók er hann hafði fært á s.l. ári, og þar á meðal um atburð þennan, svo ætla má að hann fari rétt með dagsetningar og önnur atriði, sem menn myndu annars gleyma, eða rugla á annan hátt.

N. Snæholm.

N. Snæholm.

8. des. 1985 kl. 19:30 er mætt í skrifstofu rannsóknar-lögreglunnar sem vitni í máli þessu Unnur Þóra Jökulsdóttir nemandi í 6 bekk C í Mentaskólanum í Reykjavík, fædd 7. 6. 1955 í Rvk., til heimilis að Sólvallagötu 12 hér í borg sími 16934, (lögheimili að Lindarbraut 2 á Seltjarnarnesi).

Eftir að mættu hefur verið gerð þjórs viðnaskyldan skýrir hún fá eftirfarandi: Eg hef hér áður mætt í máli þessu og skýrði þá frá því, sem ég þá vissi um mál þetta. Ca. ~~ik~~ einni viku eftir að ég ~~mátti~~, þá heyrði ég nánar frá því, hvernig mál þetta væri tilkomið.

Í bekk með mér í skólanum er stúlkja, sem hitir Guðbjörg Thoroddsen til heimilis að Vesturbrún 4 hér í borginni. Á einhvern máta barst það í al milli okkar, að manf mitt hafði verið notað við að svíkja fé út úr símanum. Um þetta hafði þá eitt-hvað verið alað í skólanum, en þó ekki mikið. Eg ~~hild~~, að frett um fjárvíkin hafi þá verið búin að koma í dagblöðum. Við þetta tækifæri sagði Guðbjörg mér, að hún hefði það eftir bróður sínum, Jóni Sigurði Thoroddsen, að ungur maður Sævar Cieselski hefði staðið að þessum fjárvíkum. Að sögn Guðbjargar, þá hafði Jón Sigurður ekki sagt henni, að Sævar hefði beinlinnis staðið að fjárvíkunum, heldur hefði hann gefið það í skin við Jón Sigurð. Ekki man ég nánar hvað við ræddum um þetta, en ég er alveg viss um, að Guðbjörg sagði mér þetta.

Mér var kunnugt um, að sambýliskona Sævars var á þessum tíma Erla Bolladóttir og þekkti ég hana nokkuð. Eg vissi ~~siggi~~ einnig, að Erla hafði unnið hjá Pósti og Síma og gerði ég því mér í hgarlund, að hún hefði vitað hvernig hægt væri að svíkja peninga út hjá þeirri stofnun. Annað hafði ég ekki fyrir mér varðandi hlutdeild Erlu, en þessar hugrenningar mínar.

Um þetta mál hef ég ~~ekkertxfrekur~~ enga frekari vitneskju,

Yfirheyrlsu lauk kl. 21:55.

Upplesið, staðfest:

Vottur:
Sigurbj. V. Egertsson

Unnur Þóra Jökulsdóttir

Unnur Þóra Jökulsdóttir

J. N. Björnsson
leg. m.

8. des. 1975 kl. 22:00 er mætt sem vtini í máli þessu Guðbjörg Thorddsen nemandi í 6. bekk C í Mentaskólanum í Reykjavík, til heimilis að Vesturbrún 4 hér í borg sími 33394, fædd 20. 10. 1955 í Rvk.

Eftir að mættu hefur verið gerð ljós ítnaskyldan og þar á meðal réttur hennar til þess að neita að bera vitni vegna skyldleika hennar við aðila málsins, þá skýrir hún frá eftirfarandi: Einhvern tímann á s. l. vetri þá las ég í dagblöðum borgarinnar, að töluvert há fjárhæð hefði verið svikin út hjá Pósti og Síma. Í því sambandi man ég, að staðirnir Selfoss og Umferðarmiðstöðin hér í borginni, voru nefndir, og held ég, að ég hafi einnig lesið það í blöðunum. Ég get ekki ímyndað mér hvaðan ég hef það annarsstaðar frá.

Í bækum með mér var stúlka, sem heitir Unnur Þóra Jökulsdóttir. Hún sagði mér, ~~eftirkælda fólk~~, að nafn hennar hefði verið notað í sambandi við fjárvíkin. Ekki gat hún þó gefið mér neina skýringu á því hvernig á því stæði, enda er ég þess fullviss, að hún vissi ekkert um það.

Um svipað leiti barst petta í tal milli míns og Jóns Sigurðar Thoroddsen bróðir míns, en ekki man ég tildraugin að því. Hann sagði mér, að kunningi hans Sævar Ciehelski hefði staðið að fjárvíkunum, en ekki nefndi Jón Sigurður neitt hver gæti hafa verið með Sævari við þessa iðju, í það minnsta man ég ekki eftir því. Á þessum tíma voru þeir Jón Sigurður og Sævar töluvert í félagsskap hvors annars. Ekki nefndi Jón Sigurður neitt við mig á hvern hátt Sævar hefði staðið að þessu, eða yfirleitt nokkuð nánar um petta athæfi, ~~XIX~~ ~~XX~~ minnsta man ~~eg ekki~~ ~~eftir~~ ~~XX~~ Ekki man ég eftir því, að við Jón Sigurður tölxuðum frekar um petta atvik, nema þá ef til vill eitthvað vítt og breitt.

Unnur Þóra Jökulsdóttir bekkjarsystir míni sagði mér, að nafn hennar hefði verið notað í sambandi við þessi fjárvík, en ég er viiss um, að hún ~~xxxix~~ hafði þar ~~mergi~~ nærrí komið. Aftur á móti sagði ég henni eitthvað um það, sem Jón Sigurður sagði mér.

Um petta mál veit ég ekkert meir, en ég hef hér skýrt frá.

Unnur Þóra sagði mér frá notkun á nafni hennar í sambandi við fjárvíkin ~~áður~~ en fréttin kom í dagblöðunum, hún mun hafa gert það daginn eftir að mætti hér í skrifstofunni vegna

14.

113

þessa málს.

Yfirheyrslu lauk kl. 22:25.

Upplesið, staðfest:

Vottur:

Sigurður V. Eggersson
Sigurður V. Eggersson.

Guðbjörg Thoroddsen

Guðbjörg Thoroddsen

E. N. Bjarnason
lögreglum.

9. des. 1975 kl. 13:30 er mættur í skrifstofu rannsóknar-lögreglunnar sem vitni í máli þessu Jón Sigurður Thoroddsen teiknari til heimjlis að Vesturbrún 4 hér í borg sími 33394, fæddur 8. 12. 1948 í Rvk.

Eftir að mætta hefur verið gerð ljós vitnaskyldan og til-efni yfirheyrslunnar, það er hver vitneskja hins sé varðandi peninga, sem náð var með svíksamlegum hætti út hjá Pósti og Síma í Ágúst og október á s. l. ári, þá skýrir hann frá eftirfarandi: Eg man eftir því, að einhvern tímann á s. l. vatri las ég frétt í dagblaði, mig minnir í Morgunblaðinu, þess efnis, að töluverð fjárhæð hefði verið svíkin út hjá Pósti og Síma. Ekki man ég til þess, að frá þeim tíma muni ég hversu há fjárhæð þetta var, en í gær barst þetta í tal við föður minn og systur tvær. Þá held ég, að einhver þeirra hafi talað um, að fjárhæðin hafi verið nálægt 1 milljón króna. Um þetta var rætt heima hjá mér eftir að systur mínar Guðbjörg og Halldóra höfðu verið til yfirheyrslu hér í skrifstofunni.

Mér er hér tjáð, að systir mínn Guðbjörg hafi í gær skýrt frá hér í skrifstofunni, að ég hafi í fyrravetur sagt henni, að ég vissi, eða í það minnsta teldi mig vita hver að fjárvíkunum hafi staðið. Ég minnist þess ekki að hafa sagt Guðbjörgu slíkt, enda er mér algjörlega ókunnugt um hver sveik, eða á henn hátt þessir peningar voru svíknir út, fram yfir það, sem fram kom í dagblaðinu.

Yfirheyrslu lauk kl. 16:05.

Upplesið, staðfest:

Vottur:

Sigurbj. V. Eggertsson

E. N. Bjarnason
lögreglum.

lm.gr. 40 gr.?

16.

115

11. des. 1975 kl. 21:10 er mættur hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. í fangelsinu við Síðumúla, Kristján Viðar Kr. Mårs-son núverandi refsifangi, til heimilis að Grettisgötu 82 hér í borg, fæddur 21. 4. 1955 í Rvk.

Kristján Viðar er mættur sem vitni í máli þessu og eftir að honum hefur verið gerð ljós vitnaskyldan, skýrir hann frá eftirfarandi: Mér hefur hér verið tjáð, að ég sé kallaður sem vitni hér vegna kunningsskapar míns og félagsskapar ^{við Sævar Ciselski} ~~xxxxxx~~ i ágústmánuði og október á s. l. ári. Þetta er gert með tilliti til þess, að á þeim tíma voru sviknar tölувvert háar fjárhæð út hjá Pósti og Síma, og ég sé talinn í það minnsta hafa vitneskju um það atriði.

Það er rétt, að í ágúst á s. l. ári vorum við Sævar mikið í félagsskap hvors annars. Nánar til tekið var þetta síðari hluta mnaðarins, en aftur á móti höfðum við ~~xxxxxxxxx~~ engin samskipti í október. Sævar kom eitt sinn heim til míni skömmu eftir hádegi einhvern dag síðari hluta ágústmánaðar og vakti mig. Hann var þá með þykkjan bunka af fimþúsundundkrónaseðlum, sem hann veifaði framan í mig. Hann talaði um, að nú gæti hann aflað sér tækja til kvíkmyndatöku og eitthvað meira talaði hann um, en ekki man ég hvað það var. Ekki talaði Sævar þá neitt um hvar hann hefði aflað þessara peninga ~~þx~~, en talaði eitthvað um að lána Vilhjálmi Knudsen kr. 150.000,00 og held ég hann hafi gert það og fengið í staðinn víxla. Síðar reyndi hann að koma þessum víxlum í peninga í banka, en ekki veit ég hvort honum tókst það. Eftir að Sævar hafði lánað Vilhjálmi þessa peninga, þá hugðumst við Sævar kaupa bifreið í sameiningu. Bifreið var svo keypt og lagði hann til kr. 60.000,00, en ég rúmlega kr. 20.000,00. Þeir peningar, sem ég lagði fram, voru heiðarlega fengin vinnulaun, því á þeim tíma starfaði ég á smurstöð Shell við Laugaveg.

Einkvern tímann eftir að Sævar sýndi mér peningana, þá sagði hann mér, að hann hefði svikið þá út ~~xxxxxx~~ og fengið stúlku, sem mun hafa heitið Guðrún Anna Guðmundsdóttir, til þess að veita þeim viðtöku. Þessi stúlka dó svo nokkru síðar, ég held hún hafi svipt sig lífi, austur í Vík í Mýrdal. Sævar sagði mér, að hann hefði greitt stúlkunni kr. 100.000,00 fyrir vikið. Aldrei sagði Sævar mér hversu há fjárhæð þetta hefði verið, sem svíkin var út, en ég held það hafi verið um kr. 400.000,00, þó vil ég ekkert um það fullyrða.

Hvað Sævar notaði peningana frekar í, veit ég ekki.


Sambýliskona Sævars, Erla Bolladóttir, mun á þessum tíma hafa starfað hjá Pósti og Símá við fjarrita, í það minnsta sagði Sævar pað. Mér skyldist á Sævari, að vegna þekkingar Erlu á starfsaðferðum Pósts og Síma hafi þessi fjársvik verið möguleg.

Mér er ekki kunnugt um hvar Sævar sveik út þessa peninga og eitt er víst, að ég fekk ekkert af þeim peningum, eða naut góðs af því, sem fyrir þá fékkst. Hvoxt Sævar sveik út peninga í einhverju öðru tilviki, það hef ég enga hugmynd um.

Yfirheyrslu lauk kl. 00:25

Upplesið, staðfest:

Vottur:


Sigurður V. Eggerth


Kristján Viðarsson
Kristján Viðar Viðarsson


E. N. Bjarnason

löggreglum.

12. des. 1975 kl. 16:30 er mættur í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar Sævar Marinó Ciesielski kvíkmyndagerðamaður til heimilis að Þverbrekku 4 ~~hárríði~~ í Kópavogi sími 43848, fæddur 6. 7. 1955 að Stóra Hofi í Gnúpverjahreppi, Árness.

Gætt er l. málsgr. 40. gr. laga m meðferð opinberra mála og mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar.


Aðspurður og áminntur um sannsögli skyrir mætti frá eftirfarandi: Mér hefur hér verið tjáð, að rannsóknarlögreglunni hafi borist vitneskja um, að ég sé viðriðin, eða öllu hildur standi bak við ~~fjá~~ svik á peningum hér frá Pósti og Síma. Þetta m á að hafa gerst einhvern tímann á s. l. ári.

Um þetta mál veit ég ekki Annað en það, að á s. l. ári, að ég held í nóvember eða desember, þá var ég staddur í Kaupmannahöfn í viðskiptaerindum. Þá las ég þar í einhverju dagblaði héðan að himan um fjárvík hjá Pósti og Síma. Ekki man ég hversu há fjárhæð þetta var, en ég man, að það var í SAS-byggingunni í Kaupmannahöfn, sem ég las þetta í blaðinu. Annað en þetta veit ég ekki um þessi fjárvík, nema að á s. l. sumri var eiginkona míni Erla Bolladóttir kölluð til yfirheyrlulu hjá rannsóknarlögreglunni hér varðandi þetta. Hún var að sjálf sögðu ekkert viðriðin nein fjárvík og gat því ekkert um þau upplýst.


Frekar get ég ekki um þetta mál sagt.


Yfirheyrlu lauk kl. 17:05.

Vottur:


Sigurbj. V. Eggertss.

Upplesið, staðfest:


Sævar Marinó Ciesielski


E. N. Bjarnason
lögreglum.

13. des. 1975 kl. 14:55 er mætt í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Erla Bolladóttir húsmóðir til heimilis að Þverbrekku 4 í Kópavogi sími 43848, fædd 19. 7. 1955 í Rvk.

Gætt er 1. málsgri. 40. gr. laga ~~m~~ meðferð opinberra ~~máx~~ mál og mættu er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar.

Aöspurð og áminnt um sannsögli skýrir mætta frá eftirfarandi: Mér hefur hér verið tjáð, að tilefni yfirheyrslunnar sé vitneskja, sem rannsóknarlöggreglunni hafi borist um mál það, er há fjárhæð var svíkin út hjá Pósti og Síma í tvennu lagi á s. l. ári. Þessar upplýsingar hafi rannsóknarlöggreglunni borist eftir þann tíma, er ég ræddi mál þetta við Njörð Snæhólm rannsóknarlöggreglumann á s. l.. sumri. Ekki tók Njörður þá af mér skýrslu um mál.

Á s. l. árinum, nánar til tekið frá 4. jan. til í þrjun október, starfaði ég hjá Pósti og Síma. Ég starfaði á ritsímanum við "telex" og var starfsheiti mitt fjarritari. Fyrst í stað var ég aðstoðarstúlka við "telex", en starfaði síðan við "telex"-viðskipti við útlönd. Siðarihluta starfstímans vann ég svo við skeyttaafgreiðslu innanlands, það er á svokölluðum "printerum". Ég vann á "printerunum" aðeins í afleysingum, en fðor svo aftur í "telex". Aður hafði ég starfað hjá Pósti og Síma. Ég starfaði ~~xið~~ fyrst sem bréfberi í afleysingum. Það mun hafa verið sumarið 1972. Siðan starfaði ég ~~xum~~ á rit símanum fram eftir ári 1973. Frá áramótum 1972-1973 starfaði ég, þar til ég ~~mitti~~ við afgreiðslu á símskeytum innanlands, í 06, eins og það er kallað.

I desember á s. l. ári fór ég til Kaupmannahafnar og dvaldi þar til í mars eða apríl á þessu ári. Þá kom ég aftur hingað til lands. Eftir að ég ~~mitti~~ störfum hjá Pósti og Síma, en áður en ég fór af landi brott, þá heyrði um það, að peningar hefðu verið svíknir út hjá stofnuninni og jafnframt, að ég væri bendluð við það. Eftir að ég ~~kom~~ til Kaupmannahafnar heyrði ég þetta einnig og ég las um svíkin í dagblöðum, þótt míni væri þar að sjálfsögðu ekki getið þar.

Aðra vætneskju hef ég ekki um þessi peningasvik og hef enga hugmynd um hver þarf verið að verki.

Yfirheyrslu lauk kl. 16:23.

E. N. Bjarnason
löggreglum.

Upplesið, staðfest:

Erla Bolladóttir

Erla Bolladóttir

18. des. 1975 kl. 13:00 er mætt til yfirheyrslu ~~um~~ hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. í Fangelsinuávið Síðumúla, Erla Bolladóttir húsmóðir ~~um~~ til heimilis að Þverbrekku 4 í Kópavogi sími 43848, fædd 19. 7. 1955 í Rvk.

Gætt er 1. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og mættu er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar.

Aðspurð og áminnt um sannsögli skýrir mætta frá eftirfarandi: Fyrir ca. 2 1/2 ári kynntist ég ungum manni að nafni Sævar Cieseelski. Í október á árinu 1973 fórum við saman til Bandaríkjanna og má segja, að við höfum búið saman síðan. ~~Fyrst~~ bjuggum við saman að Hamarsbraut II í Hafnarfirði, síðan að Alfheimum 40, ~~egxx~~ þarnæst að Hjallavegi 31 og nú síðast að Þverbrekku 4 í Kópavogi. Inni í milli dvöldum við erlendis, heima hjá móður Sævars að Grýtubakka 10 og kom fyrir, að við bjuggum ekki saman tíma og tíma.

Sumarið 1974 komst Sævar í kynni við Vilhjálm Knudsen kvikmyndagerðarmann og hefur síðan ~~umhildið~~ verið í sambandi við Vilhjálm. Í fyrstunni af og til, en hefur starfað hjá eða fyrir Vilhjálm má segja stöðugt frá því á s. 1. sumri.

Skömmu eftir að kynni þeirra Sævars og Vilhjálms hófust, þá sagði Sævar mér, að Vilhjálm vanhagaði nauðsynlega um kr. 200.000,00 en sagði svo síðar, að það væru kr. 300.000,00. Að sögn Sævars, þá þurfti Vilhjálmur á þessum peningum að haldi í stuttan tíma, nánar tiltekið til 26. febr. á þessu ári. Sævari var mjög umfram að útvega Vilhjálmi þessa peninga, því hann átti að fá í staðinn hjá Vilhjálmi að láni nauðsynleg tæki til kvikmyndatöku, þar með talin hljóðupptökutæki o. fl. Sævar hefur alla tíð verið mjög mikill áhugamaður um kvikmyndagerð, en aldrei haft efni á að afla sér sjálfur slíkra tækja. Sævar lagði vægast sagt mjög hart að mér að útvega þessa peninga, því þetta væri gullið tækifæri fyrir hann og þá um leið fyrir framtíð okkar beggja. Ég starfaði á þessum tíma í símstöðinni hér í borginni, á svokölluðum "telex". Ég hafði áður starfað hjá fleiri deildum Pósts og Síma, þar á meðal á "06". Mér var því kunnugt um, khvernig peningesendingar innan kerfis Pósts og Síma gengu fyrir sig og það hafði ég löngu áður sagt Sævari. Hann krafðist þess nú af mér, að ég sviki út úr kerfi Pósts og Síma peninga þá, sem hann ætlaði svo að lána Vilhjálmi. Á endanum féllst ég á að gera þetta. Á þessum tíma bjuggum við að Hjallavegi 31.

Eins og fram er komið, þá vissi ég á hvern hátt peningar voru sendir í gegnum kerfi Pósts og Síma á milli pósthúsa og símstöðva. Ef sendir voru peningar hingað til borgarinnar frá einhverri símstöð utan hennar, þá var ~~kunni~~ gringt þaðan í "06" og texti símaávísunarinnar lesinn í símann. Fyrst er það númer ávísunarinnar og hvert hún á að fara. Síðan kemur hvaðan hringt er, haða dag og klukkan hvað. Þar er einnig númer ávísunarinnar, sem er ~~númer~~ hvar í röðinni ávísunin er í þeim símskeytum, sem send eru frá viðkomandi símstöð. Einnig er tilgreindur orðafjöldi, ein Hann er ætið ~~sáks~~ sáksami, það er 23 orð og skiptir þá ekki máli hversu mörg orð eru í skeytinu í raun og veru. Það er ekki rétt, að svona snemma í textanum komi fram hvað klukkan er, þegar hringt er á milli símstöðvanna, heldur er gefinn upp klukkan, þegar peningarnir voru lagðir inn. Eftir þetta kemur fram skammstöðun á sendingarsímstöðinni, dagsetning og þá kemur fram hvað klukkan var, þegar hringt var á milli símstöðvanna. Texti sá, sem hér hefur verið lýst, er ákveðið formsatriði og ávallt ~~sá~~ sami, nema hvað staðir, dagsetningar, tími og skeytanúmer eru mismunandi. A eftir þessum fasta texta kemur texti sjálfs skeytisins. Í honum er tekin fram fjárhæðin bæði í tölu- stöfum og bókstöfum. Þar er og tilgreindur sendandi og móttakandi. Neðstakemur svo ~~um~~ staðaur sá, sem sent er frá, dagsetning og nafn þess starfsmanns símstöðvarinnar, sem staðfestir skeytíð. Siðar er svo skeytíð stimplað af greiðslupósthusinu og þar kemur kvittun móttakanda. Þegar svona skeyti er sent frá símstöð utan Reykjavíkur til borgarinnar, þá heyrist sér- kennilegt eins og bergmál meðan talað er.

Eg hringdi nú í 06 og létt sem ég væri í Grímsavík og ~~þjórfxi~~ væri að afgreiða skeyti hingað til Reykjavíkur. Eg hringdi úr símanum heima hjá mér á Hjallavegi 31. Til þeks, að svo liti út, sem hringt væri frá stað ~~utan~~ borgarinnar, þá hafði Sævar útbúið plötuspilara þannig, að hljóðið virtist vera inni á línunni. Eg hafði skeytin alls 5. Fjögur þeirra voru hvert að fjárhæð kr. 100.000,00 og eitt að fjárhæð kr. 75.000,00. Sævar sagði mér hvert ég aðtti að láta senda peningana og var það í pósthúsið við Langholtsveg hér í borginni. Hann sagði mér ~~éinnig~~, að vitakandi aðtti að vera Unnur Jökulsdóttir, eða það nafn sagði hann mér að gefa upp. Ekki var Sævar með nein persónuskilríki varðandi þessa Unni, allavega sá ég þau ekki hjá honum. Nafnið Steinunn Stefánsdóttir er þannig tilkomið, að ég mundi eftir einhverjum

eða öllu heldur einhverri hjá Pósti og Síma með nafninu Steinunn, en föðurnafnið er úr lausu lofti gripið, nánar tiltekið kendi mér einu sinni kona með því föðurnafni. Æ Fjárhæð hvers skeytis er 100.000,00 vegna þess, að ekki er hægt að senda ~~fjárhæð~~ hærri fjárhæð í sama símskeyti og vissi ég það. Eitt skeytis hafði ég að fjárhæð kr. 75.000,00 vegna þess, að okkur Sævari kom saman um, að ekki væri eins torttryggilegt, að láta fjárhæðina standa á þeirri tölu, eins og láta hana standa á heilu hundraði.

Pegar ég hafði nú ~~þ~~ hringt, þá fór Sævar út ~~þ~~ en kom aftur rétt strax. Svona fór hann út og kom inn aftur nokkum sinnum, eða þar til hann kom og var æstur mjög. Hann sagði þá, að búið væri að loka pósthusinu og yrði því að bíða til mánudags með að leysa út peningana, en þetta var á föstudagi. Ég hélt satt að segja, að pósthusið væri opið til kl. 18:00, en ~~þ~~ því reyndist vera lokað kl. 17:00. Ekkixx vissi ég þá hvern Sævar ætlaði að fá til þess að taka við peningunum, en komst að því síðar.

A mánudeginum fór svo Sævar til þess að ná í peningana. Pegar hann kom aftur, þá var hann með kr. 375.000,00, sem hann dreyfði um rúmið í svefnherbergi okkar. Þetta var ekki samanlögð fjárhæð allra skeytanna, enda var Sævar búinn að segja mér fyrirfram, að hann myndi greiða þeim, sem vietti peningunum viðtölu fyrir hann, ~~myndi~~ ~~þ~~ ~~gildas~~ kr. 100.000,00 fyrir viðið. Alærei sagði Sævar mér beinlínis hver hefði tekið við peningunum fyrir hann, en síðar taldi ég mig þess vissa, að það hefði gert stúlka að nafni Guðrún Anna Guðmundsdóttir, sem í daglegu tali var kölluð Anna Gunna. Sævar talaði oft um þessa stúlku og meira að segja sagðist hann hafa um tíma búið hjá henni í húsi við Bárugötu, en þar mun Jón Thoroddsen einnig hafa búið. Anna Gunna fór skömmu síðar til Kaupmannahafnar og Jón svo á eftir henni. Ekki var Anna Gunna lengi erlendis, því ekki löngu síðar frétti ég, að hún hefði fundist látin í sjónum við Vík í Mýrdal.

Eftir að Sævar hafði fengið peningana í hendur, þá fórum við heim til Kristjáns Viðars Viðarssonar, en hann og Sævar voru mjög góðir vinir. Sævar sýndi honum peningana og vissi Kristján Viðar þvíkhvað skeð hafði. Sævar létt svo Vilhjálm Knudsen hafa krónur 300.000,00 af þessum peningum, en kr. 60.000,00 lagði hann til vegna bílakaupa. Sævar og Kristján Viðar ætluðu að kaupa í sameiningu Mustang-bifreið af frænda Kristjáns Viðars, sem ~~kald~~

nefndur var Ottar og ég sá nokkrum sinnum. Upp úr þessum sam-skíptum þeirra Sævars og Kristjáns Viðars slitnaði svo síðar og hættu þeir við sameiginlegu bílakaupin. Vilhjálmur létt Sævar hafa víxil að fjárhæð kr. 300.000,00 sem tryggingu fyrir skil-vísri endurgreiðalu á peningunum, til 6 mánaða. Einnig fekk Sævar það skriflegt hjá Vilhjálmi, að hann hefði afnotarétt af tækjum Vilhjálms í 20 daga, sem svo varð mikið lengri tími. Vilhjálmur var samþykkið vífandi, en Sævar útgefandi. Þessa peninga hefur Vilhjálmur nú alla endurgreitt, að frádregnum kr. 90.000,00, sem Sævar mun hafa skuldað honum. Ekki gat Vilhjálmur greitt skuldina á gjaldaga og var þá samið um greiðslufrest í 6 mánuði og Vilhjálmur samþykkti annan víxil. Eftir það slitn-aði upp úr sambúð okkar Sævars um tíma og fór ég þá heim til hans, eða öllu heldur móður hans, og krafði Sævar um víxilinn, þar sem væri míni eign. Sævar félst á það og létt mig hafa ~~vífandi~~ víxilinn. Ég fór svo með víxilinn til Vilhjálms og sagði honum, að peningarnir væru raunverulega ekki frá Sævari, heldur hefði ég átt þá og því bæri að endurgreiða mér þá. Vilhjálmur félst á það, að vísu með frádregnum fyrrnefndum niutíupúsundur. Var nú útfylltur annar víxill, sem nafn Sævars var ekki á. Vilhjálmur var sem fyrr samþykkið, en ég fekk fóður minn til þess að skrifa á víxilinn, sem útgefanda, þar sem ég taldi mig ekki hafa aldur til þess. Það voru einu afskipti föður míns af málínu og vissi hann ekkert um á hvern hátt peningana var aflað. Vilhjálmur hefur nú greitt mér þessar kr. 210.000,00, að vísu ekki allt í einuk, en meirihluti peningana notaði ég til þess að greiða-fyrirfram húsaleigu fyrir íbúð þá, sem við Sævar höfum nú búið í. Ekki man ég til þess, að ég hafi notað afganginn af peningunum í nokkuð sérstakt, nema til daglegs viðrværис, en það voru kr. 90 þásund. Að ~~vífandi~~ vísu greiddi ég annarsstaðar húsaleiguskuld að fjárhæð kr. 10.000,00.

Eftir ~~þeirri~~ lauk kl. 19:30.

Yfirheyrslu lauk kl. 19:30.

Vottur:

Sigrún V. Eggertsson
~~Erla Bolladóttir~~

E. N. Bjarnason
löggreglum.

Upplesið, staðfest:

Erla Bolladóttir
Erla Bolladóttir

6

11. jan. 1975 kl. 13:50 er mættur hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. í fangelsinu við Síðumúla, í máli þessu, Sævar Ciecielski kvíkmyndagerðarmaður til heimilis að Pverbrekku 4 Kópavogi sími 43848 (lögheimili að Grýtubakka 10 Rvk.), fæddur 6. 7. 1955 að Stóra-Hofi í Gnúpverjahrepp, Árnessýslu.

Gætt er 1. mólsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar, en það er vitneskja sú, sem rannsóknarlöggreglunni hefur borist varðandi hlutdeild mætta í því að svíkja út hjá Pósti & Síma alls kr. 475.000,00.

Aðspurður og áminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi: ~~x~~ Æyrir ca. tveim árum kynntist ég Vilhjálmi Knudsen kvíkmyndagerðarmanni og var það vegna áhuga míns á því starfi. Síðar á árinu, nánar til tekið í ágústmánuði, þá barst það í tal milli okkar Vilhjálms, að hann þyrfti á að halda að láni krónum 300.000,00. Ég hafði þá mikið verið að leita fyrir mér um lán eða leigu á tækjum til kvíkmyndagerðar erlendis frá. Nú bauð Vilhjálmur mér afnot af slíkum tækjum, ef ég gæti lánað honum nefnda fjárupphæð.

Ég hóf þegar að leita fyrir mér um möguleika á að útvega þessa peninga, en án árangurs. Sambýliskona míni, Erla Bolladóttir, starfaði ~~og~~ á þessum tíma hjá Pósti & Síma og hafði gert. Hún hafði sagt mér á hvern hátt peningasendingar færðu fram á vegum þeirrar stofnunar og datt mér nú í hug að svíkja út peninga hjá Pósti & Síma með aðstoð Erlu og á grundvelli kunnugleika hennar. Ég ræddi þennan möguleika á fjárlöfun við Erlu og má ef til vill segja, að ég hafi lagt nokkuð að henni til þess að fá hana til þess að taka þátt í verknaðinum.

A þessum tíma bjuggum við Erla í íbúð í húsi við Hjallaveg hér í borginni. Þar var sími og var ákveðið, að Erla hringdi úr þeim síma í 06 hér í borginni og léttist vera á símstöðinni í Grindavík. Til þess að slíkt væri hægt, þá varð að útbúa ákveðinn són, sem myndi heyrast í símanum hér í 06, því slíkur sónn ~~keyxx~~ mun alltaf heyrast, þegar hringt er frá símstöð utan Reykjavíkur. Ég útbjó nú þennan són með hjálp plötuspilara, sem ég átti. Ég sagði Erlu hvern hún ætti að gefa upp sem sendanda peninganna og hvern sem móttakanda. Fjárhæðina ~~Ekvað~~ ég að hafa alls kr. 475.000,00 og varð að skipta ~~kk~~ henni niður í 5 póstávísanir, því hver póstávísun mátti ekki vera hærri en kr. 100.000,00. Fjórar voru því hafðar af þeirri fjárhæð, en ein af fjárhæðinni kr. 75.000,00. Ekki man ég sagði Erlu að gefa upp sem

sendanda peningana, en viðtakandi átti að vera Unnur Jökulsdóttir. Ekki get ég gert mér grein fyrirkum hvers vegna ég valdi petta nafn, ég held ekki hafi verið nein sérstök ástæða til þess fyrir mig. Þegar Erla hringdi í 06 og þóttist vera á símstöðinni í Grindavík, þá bað hún um, að peningarnir yrðu sendir í pósthúsið við Langholtsveg hér í borginni, og gerði hún það samkvæmt mínum fyrirmælum.

A þessum tíma var ég tíður gestur í húsinu Bárugata 14 hér í borginni, en þar áttu þá heima meðal annarra, þau Jón Thoroddsen og Guðrún Anna Guðmundsdóttir, venjulega kölluð Anna Gunna. Þau höfðu í huga að fara saman til Kaupmannahafnar, en skorti fé til þess. Ég fór þess nú á leit við Önnu Gunnu, að hún tæki við peningunum í pósthúsini við Langholtsveg og leysti þá út, en fengi í staðinn kr. 100.000,00 sem þóknun fyrir vikið. Jón vissi um þessa fyrirætlan, enda peningarnir ekki síður ætlaðið honum til utanfararinnar, en Önnu Gunnu. Að vísu var Jón eitthvað "ruglaður" svo ég veit ekki hversu vel hann hefur gert sér grein fyrir hvað um var að vera. Ég fekk nú nafnskírteini Önnu Gunnu og breytti nafninu í því í Unnur Jökulsdóttir og breytti jafnframt einum tölustaf í nafnnúmerinu. Allt gekk svo samkvæmt áætlun og fór Annax ~~Guðmundsdóttir~~ Gunna í pósthúsið, framvísaði nafnskírteininu, fekk fjárhæð símaávisanna greidda í tekka á Landsbankann og leysti svo tékkann út í útibúi Landsbankans við Langholtsveg. Erla hringdi á föstudagi, en það var svo áliðið dags, að ekki reyndist unnt að ná peningunum út þá, heldur urðum við að bíða með það til mánuðags. Meðan Anna Gunna var að ná út peningunum, beið ég þar utanþyra. Þegar hún svo hafði fengið þá í hendur, lét hún mig hafa þá, nema hvað hún sjálf fekk kr. 100.000,00, eins og fyrirfram hafði verið ákveðið. Ég lét svo Vilhjálm hafa kr. 300.000,00 og held ég, að það hafi verið sama daginn og ég fekk peningana í hendur. Kr. 60.000,00 lagði ég svo í bifreiðarkaup með Kristjáni Viðari Viðarssyni og voru þá ekki eftir ~~hema~~ kr. 15.000,00, sem ég man ekki ~~síggxx~~ sérstaklega eftir hvað gert var við. Vilhjálmur samþykkti víxil að fjárhæð kr. 300.000,00 og lét mig hafa til tryggingar á greiðslu skuldar hans við mig. Víxillinn var til 6 mánaða. Þá fekk ég hjá Vilhjálmi skjal upp á það, að ég hefði afnotarétt af kvíkmyndagerðartækjum í hans eigu.

Ekki gat Vilhjálmur greitt mér peningana til baka á tilsettum

tíma og samþykkti þá annan víxli að sömu fjárhæð til annarra 6 mánaða. Aður en ~~ekk~~ til þess kæmi, að hann greiddi hann, þá slitnaði upp úr sambúð okkar Erla, þótt svo við síðar tækjum hana upp aftur. Erla kom þá til míni og krafðist þess af mér, að hún fengi í hendur víxilinn frá Vilhjálmi, því hún hefði ekki síður en ég ~~tekið~~ átt hlut að því að ná peningunum út. Æg létt hana þá hafa víxilinn og mun Vilhjálmur hafa greitt henni víxlinn, að vísu að frádregnum kr. 90.000,00, sem ég skuldaði Vilhjálmi.

Það er að segja af þeim Önnu Gunnu og Jóni, að hún fór rétt eftir þetta til Kaupmannahafnar, en hvort Jón fór eða ekki, það veit ég ekki með vissu. Eftir það frétti ég, að Anna Gunnars hefði um tíma búið í hverfinu Kristjaníu í Kaupmannahöfn, en farið svo til Noregs. Þar hefði hún svo verið handtekin og send hingað heim. Þetta frétti ég að vísu ekki fyrr en eftir að ég frétti, að hún hefði fundist látin í sjó við Vík í Mýrdal og hefði verið talin hafa drekkt sér. Ég vissi ekki fyrr en eftir andlátum hennar, að hún væri komin aftur hingað til lands, og hafði því ekki haft neitt samband við hana frá því áður en hún fór til Kaupmannahafnar.

Yfirheyrslu lauk kl. 15:00.

Upplesið, staðfest:

Vottar:

Sigurbj. Eggertss.
Högni Einarsson

Sævar Ciesielski

E. N. Bjarnason
löggreglum.

5188/14

PÓST- OG SÍMAMÁLASTJÓRNIN



126

Dagsetning vor

5.nóv.1974

Dagsetning yðar

Tilvísun vor

C-1018/2688/74

Tilvísun yðar

Sakadómur Reykjavíkur
Borgartúni 7,
REYKJAVÍK.

Pann 26.ágúst síðastliðinn var gefin út 475.000.- kr. tékki á Póstútibúinu R-4, að Langholtsvegi 82. Tékki þessi var greiðsla vegna fimm símapóstávisana, sem samtals hljóðuðu upp á greiðslu á nefndri upphæð frá Hraðfrystihúsi Grindavíkur til Unnar Jökulsdóttur, Sólheimum 25. Fjögur Póstávisanaskeytin voru að upphæð 100.000.- kr. og eitt 75.000.- kr., en skv. reglum er hámarksupphæð slikra ávíðana 100.000.- kr. Sem nafn starfsstúlkus póststöðvarinnar í Grindavík, er á öllum skeytunum notað nafnið Steinunn Stefánsdóttir. Við afgreiðlu símapóstávisananna á Póstútibúinu á Langholtsvegi, hefur viðtakandi undirritað með nafni Unnar Jökulsdóttur á öll skeytin og á eitt skeytanna einnig nafnnúmerið 8247 - 9995. Einig hefur greiðslutékkinn, sem útgefinn var af Póstútibúinu á reikning þess í útibúi Landsbankans, verið framseldur með sama nafni og nafnnúmeri.

Við endurskoðun kom í ljós að viðkomandi ávíðanir höfðu ekki verið innborgaðar á póststöðinni í Grindavík og við nánari athugun skeytanna reyndust hvorki ávíðananúmer eða skeytanúmer falla inn í númeraraðir sendingardagsins (23.ágúst) í Grindavík. Skeytanúmer 23.ágúst í Grindavík voru frá 123 til og með 130, en póstávisananúmer frá 1586 til og með 1592. Að öðru leyti var það vel frá skeytunum gengið, að þau vöktu ekki torttrygggni.

Engin starfsstúlka að nafni Steinunn Stefánsdóttir er á stöðinni í Grindavík. Nafnnúmerið 8247 - 9995 mun ekki vera til og má því ætla að nafn Unnar Jökulsdóttur sé falsað, (Ein stúlka mun vera til á landinu með þessu nafni og hún býr ekki að Sólheimum 25.). Á Ritsimastöðinni í Reykjavík eru skeytin skráð móttokin í síma 23.ágúst 1974 og eru þau færð þar inn í bók. Síðan hafa þau verið send á Póststofuna í Pósthússtræti og þaðan á Póstútibúið við Langholtsveg, og þar sem skeytin eru árituð "Postrestante" er gert ráð fyrir að þeirra sé vitjað á pósthús.

8

Sakadómur Reykjavíkur

Dagbók Nr. 6340/74

Póstfang

Aðsetur

Sími

Símsnefni

Telex

Pósthólf 270
REYKJAVÍK

við Austurvöll

(91) 2 60 00

Postgen
Gentel2000
gentel.is

Þann 26.ágúst, sem var mánudagur, hafa skeytin svo, eins og áður segir, verið greidd út. Um afgreiðslu þessara ávísana á póstúti-búinu kveðst fólk ið, sem þar starfar, ekki muna sérstaklega. Er þar um að ræða útibústjórann, sem gaf út tékka fyrir upphæðinni og stimplaði skeytin, en segist ekki hafa afgreitt málið að öðru leiti, svo og tvær afgreiðslustúlkur, sem voru við störf þennan dag. Þó kveðst fólk ið halda að viðtakandi hafi haft nafnskýrteini eða önnur persónuskilríki, þar sem aldrei séu greiddar út slikar ávísanir án þess að krafist sé persónuskilríkja.

Þar sem hér virðist vera um falsanir að ræða og Póstur og sími hefur orðið fyrir tjóni óskar Póst- og símamálastjórnin eftir rannsókn í málínu sem allra fyrst og lætur fylgja hér með fram-komin gögn.

f.h. póst- og símamálastjóra

Paxi S. Þorvaldsson
Ólafur Þorvaldsson

- fylgiskjöl: 5 símapóstávisanir.
 1 ljósrit af tékka.
 1 ljósrit úr innfærslubók Ritsimans,
 ásamt kvittunum pósthúss fyrir skeytunum.
 1 yfirlýsing stöðvarstjórans í Grindavík,
 um sendar póstávisanir 23.8.1974.



...ssinn.

Símskeyti 23. Ágúst 1974
 Póstávisun 3282
 Pósthús Reykjavík
 Langholtsútibú

24. ág. 1974



Reykjavík.



Athugasemdir símapjóna.

Símskeyti frá	nr.	orð	dags.	kl.	Meðtekið frá	dags.	kl.	af
Grindavík	lol 23		23/8 74	16.20	Gv	23/8 74	16.50	R.R.

Greiðið 100.000.00 kr Eitt hundrað þúsund krónur oo/loo
 Fyrir Hraðfrystið Grindavíkur
 Til Unnur Jökulsdóttir Sólheimum 25 Postrestante

Grindavík 23/8 74
 Steinunn Stefánsdóttir

Ebl. 1b. — 107320000

GREITT

Reykjavík

Unnur Jökulsdóttir

ssíminn.

Símskeyti 24. ág. 1974
Póstávisun 3281
Pósthús Reykjavík
Langholtsútibú

23. ág. 1974

4



129

Reykjavík.

Athugasemdir símaþjóna.

LANDSSÍMI  ÍSLANDS



Símskeyti frá	nr.	ord	dags.	kl.	Meðtekið frá	dags.	kl.	af
Grindavík	lo2	23	23/8 74	16.20	Gv	23/8 74	16.50	R.R.

Greiðið 100.000.00 kr Eitt hundrað þúsund krónur

Fyrir Hraðfrystið Grindavíkur

Til Unnur Jökulsdóttir Sólheimum 25 Postrestante

Grindavík 23/8 74

Steinunn Stefánsdóttir

G R E E T

Reykjavík

19

Unnur Jökulsdóttir 8247-9995

'ssíminn.

Símskeyti
Póstávísun 3283 23. ágúst 1974
Pósthús Reykjavík
Langholtsútibú 24. ágúst 1974



Reykjavík.

Athugasemdir símaþjóna.



130

Simskeyti frá	nr.	orð	dags.	kl.	Meðtekið frá	dags.	kl.	af
Grindavík loo	23	23/8	74	16.20	Gv	23/8	74	16.50 R.R.

Greiðið loo.000.00 kr Eitt hundrað þúsund krónur 90/100
Fyrir Hraðfrystið Grindavíkur
Til Unnur Jökulsdóttir Sólheimum 25 Postrestante

Grindavík 23/8 74
Steinunn Stefánsdóttir

R-44
GREITT 26.8.74
Reykjavík
Unnur Jökulsdóttir

Landssíminn.

Símskeyti

Póstávisun 3284
Pósthús Reykjavík

23. ág. 1974

Langholtsútibú

24. ág. 1974

Reykjavík.

Athugasemdir símaþjóna.



131

Símskeyti frá	nr.	orð	dags.	kl.	Meðtekið frá	dags.	kl.	af
- Grindavík	99	23	23/8 74	16.20	Gv	23/3 74	16.50	R.R.

Greiði loo.000.00 kr Eitt hundrað þúsund krónur oo/loo
 Fyrir Hraðfrystihús Grindavíkur
 Til Unnur Jökulsdóttir Sólheimum 25 Postrestante

Grindavík 23/8 74
 Steinunn Stefánsdóttir

GREITT

Reykjavík 19

Unnur Jökulsdóttir

siminn.



Símskeyti
Póstávísun 3285 23. ág. 1974.
Pósthus Reykjavík 24. ág. 1974
Langholtsútibú



Reykjavík.

Athugasemdir 132

LANDSSÍMI ÍSLANDS


Simskeyti frá	nr.	orð	dags.	kl.	Meðtekið frá	dags.	kl.	af
Grindavík	98	23	23/8 74	16.20	Gv	23/8 74	16.50	R.R.

Greiðið 75.000.00 kr Sjötíu og fimm þúsund krónur 00/100
Fyrir Hraðfrystihús Grindavíkur

Til Unnur Jökulsdóttir Sólheimum 25 Postreßtante

Grindavík 23/8 74
Steinunn Stefánsdóttir

R-4
26.ág. 1974
GREITT
Reykjavík
Unnur Jökulsdóttir




134

Umur Jókulsdóttir 8247 - 9995

6.1.74 11.15 000.00

6.5.74 11.17 000.00



23. ag. 1974

mánuður 19

Tölunarð	Dags.	Nr.	Sendistóð	Nafn viðtakanda	Afhent sendisveini kl.	Afhent viðtakanda kl.	Athugasemdir
1	29	490		Bilarsala Alla Rik			
2	199	Qb		Postar 6621			
3	3906	R.		vernl. Baldur.			
4	3053	R		raffens Donna m.			
5	3954	-		Söndurinn Þeslug 27			
6	42	bf		Postas 40175 1730			R - 1
7	7	fu		7877			
8	8	-		7878			
9	43	Sj.		— 5884			R 1
370	44	eg.		Orkust. jardb.-d.			
1	98	gs.		Postas 3285			R 4
2	100	f-		— 3283			
3	99	-		— 3284			
4	101	-		— 3282			
5	102	-		— 3281			
6	132	dlw jerssey		Efslor			
7	35	maissarssing		nordiske fotografir.			
8	36	boras		Haukur Björnes			
9	37	wansgawa		eldring			
270				ice sc ice t			

PÓSTUR OG SÍMI

371

Símskeyti nr. 98

meðtekið i dag / 197 kl. 8:30
 23. ag. 1974 All
 24. ag. 1974 All

PÓSTUR OG SÍMI

375

Símskeyti nr. 102

meðtekið i dag 23. ag. 1974 kl. 8:30
 24. ag. 1974 All

löslan
leoun
llara
lou Se
—
nidru
magn
unn.

Ebl. 4 - 773500000

John B. Smith
John B. Smith

John B. Smith
John B. Smith
John B. Smith

John B. Smith
John B. Smith

Reykjavík 4 Nóvember 1974.

Hljóður Þjóðarstjórtækis

Ávisanir, nr. 98-102 að upphæð kr. 475.000 hafa ekki verið innborgaðar í Grindavík og stúlka sú, Steinunn Stefánsdóttir, er sendir þær er ekki og hefur ekki verið starfandi á stöðinni.

Sendar póstávísanir 23. ágúst 1974 voru eins og hér segir:

nr.	sendandi	Móttakandi	kr.
1586	Karl Símonarson	Birgir Sm. Karlsson	Vm 10.000
1587	Einar Hjelm	Erla Jensdóttir	Kf 18.000
1588	Böðvar Halldórsson	Halla Jónsdóttir	Kf 18.000
1589	Hraðfrystihús Þórkötlust.	Steinþór Þóroddsson	R 36.136
1590	Sigurður A. Þórðarson	Verzlunarbanki IslandsR	2.000
1591	Ólafur Arnberg	Húsgagnahöllin	R 4.000
1592	Gunnar Eyjólfsson	Þórdís Jónsdóttir	Kf 10.000

Stöðvarstjórin Grindavík.

Fjóla Jóhannsdóttir.

Hildur Gunnarsdóttir

138

Rithandarsýnishorn Hildar. 12-11-74.

139

Unnur Jókulsdóttir

4098-9803.

140

Unnur Jókulsdóttir.

Drögm Þórmundsdóttir

141

Rithandarsýnishorn Drafnar, 12-11-74.

Ummur Jökulsdóttir.

142

Ummur Jökulsdóttir.

143

144

Unnur Þóra Jökulsdóttir

Unnur Þóra Jökulsdóttir
UNNUR ÞÓRA JÖKULSDÓTTIR

Rithandarsýnishorn Unnar. 11-11-74.

145



Fullt nafn Alexandra Þórhild Þórhildsdóttir

Staða Nemendil Nafnnr. 1 9012-1162

Heimili Hlíðarháls 17

Fædd. og ár 7. júní 1955.

Fæðingarst. Fæðingarárinn er í 26.

Tunga Islensk Hæð 160 cm

Hár 16 1/2 ójós Augu Blágrá

Sérkenndi

Nr. 123456789 Utg. 28.5.69 Gildir til 28.5.74 Gr.

Ádur útg. vegabréf Næ Utgst.

Sýnishorn undirskrifstar Vinnur frá Þórhild Þórhildsdóttir

Ádrar upplýsingar Sampi Þórlaug Þórhildsdóttir

10685000.5000

146

Fulli nafn 6881en Anna Guðmundsdóttir

Stada votkam. Nafnnr. 3247-9995

Heimili Barugata 14 R.

Fædd. og ár 1.05. *54

Fædingarst. Reykjavík


Tunga 'Islenzka Hæd 173.5

Háðr. Hjost Augu grógrón.

Sérkenni

Nr. 12480 Utg. 6. 6. 74 Gildir til ~'84 Gr.

Ádur útg. vegabréf Utgst.



Sýnishorn undirskriftar

Guðrun Guðmundsdóttir

Jóhann 7. 6

Adrar upplýsingar

7725000-5000

Handteken a ferju
~~Óðra~~ Kaufmannshús
 Oslo 17/4-74. með Hall.
 Ísland Horni Ólafsvík.
 Horn 4 manns þoruti.
 Horn slépt.

29/9-74. í fórum
 i Vík i Myrdal. Þau?

Elli hji partí og sema
 Miðri fjar. 2/12-75. Tekk
 73-74.

mihónd NS

Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

Skýrsla

Föstudaginn daginn 29-11- 1974.

Tekin af:

Nirði Snæhólm,
aðalvarðstj.

Efni: Fals og svik.
Kr. 475.000.-

Grunaðir:

Erla Bollandóttir
Þverbrekku 4 Kóp.
19. 7. 1955.
Sævar Marinó Ciesielski
Grytubakka 10 Rvk.
6. 7. 1955.

Settum sem

Settar í varðhald:

N.S. virðin t. alltaf
nota til nill
er með M með dýrum
mislegg

ath. 5108 197

Kom á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar
Ólafur Karlsson, aðaléendurskoðandi hjá
Pósti & Síma, í Reykjavík, tilh. Efstalandi 12.

Hann tilkynnir eftirfarandi:

Í morgun, eða rétt áðan, er eg var við
endurskoðun, kom upp í hendurnar á mér svipað
mál og um daginn. P.e. 5 símskeyti send frá
Grindavík 18-lo-74. kl. 1745. Skeytin eru öll
sögð móttakin í Grindavík kl. 1745, en þau eru
móttakin í Landsímanum hér á sama tíma.

Sú sem hefur móttekið skeytin hér, er HJ. sem
eg veit ekki enn hver er.

Betta eru símskeyti. Póstávísun 1907
til 1911. Pósthús R-6, sem er á Umferðarmiðstöðinni.
Þau eru öll á kr. 100.000.- nema eitt, sem er á
kr. 75.000.- Öll send fyrir Jón Guðmundsson
framkvæmdastjóra. Það er hann sem hefði átt að
greiða inn peningana í Grindavík. Móttakandi
er Guðrún Sigriður Jónsdóttir, nno. 3268-2138
Post Restante. Grindavík 18/lo 1974,

Steinunn Stefánsdóttir.

Fyrir móttöku hefur kvittað, Guðrún S.Jónsdóttir.

Skeytin hafa verið send frá R-6 til
pósthusins á Selfossi, og þar hefur öll upphæðin
verið greidd út þann 22/10, sem er þriðjudagur.

R-6 má ekki senda skeytin frá sér nema
annað pósthús biðji um það. Viðkomandi stúlka
verður því sjálf, að sjá um að fá þetta sent austur.
Það er hugsanlegt að hún hafi sagst vera frá póthúsini
á Selfossi og fengið þetta sent austur.

Seinnihluta nóvembermánaðar, fæ eg ekki
til endurskoðunar fyrr en í næsta mánuði.

Eg er búinn að kanna, að á Melabraut 3 á
Seltjarnarnesi er til Guðrún Sigríður Jónsdóttir,
f.21-8-1956. N.n.3268-2138.

Umrædd upphæð hefur aldrei verið greidd
inn í Grindavík.

Upplesið, játað rétt. Ólafur Karlsson.
N.Snæhólm.

Ólafur Karlsson

Eftir að hafa tekið skýrslu af Ólafi,
fór eg austur á Selfoss og í pósthúsið og talaði við
Kára Forberg, stöðvarstjóra og sýndi honum skeytin.
Hann kannaðist ekki við að hafa séð þessi símskeyti
og sagði að þau hefðu ekki verið greidd út hjá þeim,
þar sem á þeim væri greiðslustimpill frá Reykjavík, en
svona stimpil hefðu þau ekki. (Hinsvegar er skrifð
með penna, Selfoss greitt 22/10 1974) Kári kallaði í
Ingibjörgu Dagsdóttur, yfirpóstafgreiðslumann. Hún

Leit á skeytin og sagðist hafa skrifað þetta sjálf, þar sem hún hefði afgreitt þetta. Hún hefði ekki verið með peninga í kassanum og því farið með skeytin inn til Kára, sem hefði gefið út tékka fyrir upphæðinni.

Ingibjörg sagðist muna sәmilega eftir þessu.

Sagði að engin frá sér hefði hringt til Reykjavíkur til að fá skeytin send austur. Þau hefðu komið í póstávísanaumslagi þann 21-lo-74 frá Reykjavík. (Vorú bókuð inn þá í póstbók hennar). Sagði að úr því að Greiðslustimpillinn væri á skeytunum, þá liti út fyrir að þetta hefði verið gert í Reykjavík vegna þess, að það hefði átt að fara að greiða út, en verið hætt við það, enda væri enginn mánaðardagur tilheyrandi stimplinum.

Ingibjörg sagðist muna að það hefði verið stúlka, sem kom vegna skeytanna og þetta hefði tekið talsverða stund. Sagðist halda að stúlkjan hefði verið ein inni, þ.e. engin með henni, og sagðist vera viss um að hún hefði sýnt nafnskírteini. Sagðist ekki muna hvernig hún leit út, til að lýsa henni.

Sagði að Rannveig Jónsdóttir og Guðfinna Þorsteinsdóttir, hefðu verið í afgreiðslunni með sér, og því tekið eftir stúlkunni, en þetta hefði verið um eftirmiðdaginn, og nokkuð mikið að gera.

Rannveigu og Guðfinnu ber saman um að þær hafi séð umrædda stúlku, og að hún hafi verið á að giska 163 c.m. grønn með frekar skollitað hár. Hugguleg stúlka, 18 til 20 ára og minna að hún hafi verið í rauðri ullarúlpu með hettu. Segja að hún hafi staðið lengi í afgreiðslunni og enginn með henni. Minna að Ingibjörg hafi spurt hana um nafnskírteini, en muna ekki hvort

það var sýnt, en halda það. Segja að stúlka þessi sé ekki frá Selfossi, því þá myndu mær kannast við andlitið.

Rannveig sagðist muna er skeytin komu í póstávísanaumslagi frá Reykjavík. Segja að það komi mjög sjaldan fyrir að svona háar upphæðir komi í skeyetum.

Guðfinna sagðist hafa gert upp um kvöldið og þá hefði sér flogið í hug að það væri skrítio hve mikið svona ung stúlka hefði fengið í peningum.

Stúlkurnar sögðust ekki vera vissar um að þær þekktu stúlku þessa aftur, þó þær ságju hana, en töldu samt góðan möguleika á því.

Tékkinn sem Kári Forberg gaf út fyrir upphæðinni, er C Nr. 286643 á Landsbanka Íslands útibúið á Selfossi, 22-lo-74. Reikningur 1129, og gefinn út á nafnið Guðrún Sigriður Jónsdóttir.

Eg fór nú út í Landsbankaútibúið og talaði við bankastjórn og bað hann um ljósrit af þessum tékka, og fékk það. Hann sagði mér að það hefði verið gjaldkeri nr. 1, Guðmundur Kristjánsson, sem hefði greitt út upphæðina. Eg talaði við Guðmund. Hann sagðist muna eftir þessu. Sagði að það hefði verið stúlka á að giska um 20 ára að aldri, lítil og nett, með lítið andlit, í meðallagi á hæð og frekar grönn, skolhærð.

Sagði að hún hefði verið ein, og hann ekki þekkt hana. Sagðist ekki hafa beðið hana um skírteini. Það hefði verið búið að framselja tékkann og stúlkan því ekki gert það fyrir framan hann. Býst við að geta kanske þekkt hana aftur.

30-11-74. Fór eg út í Umferðarmiðstöð, en þar er Tryggvi Haraldsson, stöðvarstjóri. Hann var ekki við, en eg hitti Þorsteinn Kristjánsson, póstafgreiðslumann, sími 83718. Var eigin á vaktinni. Eg sýndi honum skeytin. Hann sagðist ekki hafa séð þau áður og sagðist ekki vita til að þau hefðu nokkurntíman komið út á R-6, þ.e. Umferðarmiðstöðvar-pósthusið.

Þorsteinn sagðist hafa verið staddur inni í póstafgreiðslunni dag einn, ásamt afgreiðslustúlkunni, Svölu Varmdal, Skúlagötu 64, sími 16118, er þangað hefði komið stúlka og spurt hvort hún ætti þar ekki póstávisanir í símskeyti, en svo hefði ekki verið. Svala hefði hringt í R-1 og verið sagt að skeytin væru þar. Stúlkan hefði spurt hvort hún gæti ekki fengið þau send út á R-6, þar sem hún væri að fara austur á Selfoss. Þorsteinn sagðist hafa spurt hana hversvegna hún gæti ekki tekið peningana á R-1, og þá hefði hún sagt að hún væri að fara á Selfoss með rútunni rétt á eftir, að honum skildist. Hann sagði að þetta hefði sennilega verið um kl. 1430 til 1500. Stúlkan hefði sagt að hún þyrði ekki að fara með svona mikla peninga á milli pósthúsanna. Þorsteinn sagðist hafa bent henni á, að þá væri best að fá pósthúsið til að senda skeytin á Selfoss, svo hún gæti fengið þetta greitt þar, enda hefði Svala sagt stúlkunni að við hefðum ekki svona háar peningaupphæðir hér og gætum því ekki greitt þetta út. Þorsteinn sagði að það hefði verið eitthvert hik á stúlkunni með að fá þetta greitt á Selfossi, en svo hefði hún samþykkt það. Stúlkan hefði þá spurt hvenær þetta yrði komið á Selfoss og Svala sagt að það yrði

um kl.loðo næsta dag.

Þorsteinn sagði að stúlka pessi væri frekar
lítill,grönn og föl í andliti, ljósskollhærð, í kringum
20 ára að aldri, að hann minnti í guldrapplitaðri
poplínkápu. Sagði að hún hefði verið parna í um
 lo til 15 mínútur, á meðan hann var inni. Sagðist
 ekki hafa þekt hana, en möguleiki væri á að hann
 bekkti hana aftur. Þorsteinn sagði að það hefði
 bara verið hann og Svala, sem voru parna og áttu
 orðaskipti við stúlkuna.

Pá talaði eg við Svölu Varmdal.

Hún sagðist ekki geta lýst umræddri stúlku, þar sem
 hún hefði verið að vinna, þótt hún talaði við hana.
 Sagði að stúlkan hefði komið og beðið um að fá peninga,
 sem hún ætti parna í skeytum. Svala sagðist hafa sagt henni, eftir að hafa athugað það, að hún ætti engin skeyti parna. Sagðist svo hafa hringt í R-l og spurt hvort skeyti til stúlkunnar, eða á það nafn, sem hún gaf upp, væru þar, og svo hefði verið. Sagðist því hafa sagt stúlkunni að fara í R-l og fá peningana þar, ~~því~~
~~nán~~ Svala sagðist hafa byrjað á vaktinni kl. 1400 og hélt að þetta hefði verið rétt á eftir. Stúlkan hefði svo farið, en komið aftur seinna um daginn og ennþá spurt hvort skeytin væru ekki komin. Svala sagðist þá aftur hafa hringt í R-l og spurt um upphæðina, sagði að sig minnti að sér hefði verið gefnar upp kr. 450.000.- sagðist þá hafa spurt stúlkuna hvort hún vissi um upphæðina, og stúlkan þá gefið upp sömu upphæð. Sagðist þá hafa sagt henni að svona upphæð væri ekki hægt að fá greidda hérna. Stúlkan hefði verið að tala um að

hún væri að fara með rútunni á Selfoss. Svala sagðist þá hafa stungið upp á því við hana, að þá væri bezt fyrir hana að fá upphæðina senda á Selfoss, því þá þyrfti hún ekki að vera hrædd við að vera með betta á sér. Stúlkun hefði ekki verið með á þetta alveg strax, en Þorsteinn hefði þá farið að benda henni á að þetta myndi vera bezt fyrir hana. Stúlkun hefði þá fallist á þessa lausn. Svala sagðist þá hafa hringt í R-l aftur og beðið um að skeytin yrðu send á Póst og Síma á Selfossi.

Rétt er að geta þess, að til er í Grindavík, Jón Guðmundsson, framkvstj, Skólabraut 4, sími 92-8053. Það er nafn hans og stöðuheiti, sem notað er í skeytin, sem inngreiðandi á upphæðinni kr. 475 000.-

Eg hringdi í Jón Guðmundsson. Hann sagði mér að hann væri framkvstj. í sambandi við bátaútveginn Frystihúsi hjá ~~Frystihúsi~~ Grindavíkur. Sagðist ekki muna hvort Guðrún S. Jónsdóttir, hefði unnið þar, en eg gæti hringt í Loft Jónsson, sími 92-8087, á skrifstofunni.

Eg hringdi í Loft og hann lofaði að athuga þetta.

N. Snæhólm.

2-12-74þ I dag hringdi eg í Loft og spurðist fyrir um stúlkuna. Hann sagðist ekki finna hana í sínum plöggum. P.e. að hún hefði unnið hjá þeim.

N. Snæhólm.

4-12-74. Í dag fékk eg að vita hjá móðir, Guðrúnar
Sigriðar Jónsdóttur, Melabraut 3, Seltjarnarnesi, f.
21-8-1956, nnr. 3268-1238, að hún hefði farið í skóla
á Ísafirði og kæmi ekki heim fyrr en þann 20.þ.m.
En eins og fram er komið, er það nafn þessarrar stúlkus,
sem notað hefur verið á símskeytin.

N. Snæhólsm.

Laugardaginn 7-12-74. Í dag fór eg til
Ísafjarðar og Hnífsdals í þeim tilgangi að tala við
Guðrúnu, en hún býr Heiðarbráut 6 í Hnífsdal, sími þar
94-3962 og er í Iðnskóla Ísafjarðar, sími 94-3815.

Guðrún sagðist hafa farið til Ísafjarðar
þann 6 október s.l. sem er sunnudagur. Kvöldið áður
sagðist hún hafa farið að skemmta sér í Silfurtunglið
og er hún kom þaðan út, hefði hún tekið eftir því að
nún var búin að glata smá veski sem hún var með í ytri
kápuvasa sínum. Sagðist ekki vita hvort þessu hefði
verið stolið á einhvern hátt inni, eða hvort þetta hefði
geta farið uppúr kápuvasanum í þrengslunum er hún fór
út. Sagði að í veskinu hefði verið ökusírteini, nafn-
sírteini með mynd og M.R. sírteini og um kr. l.000.-
Sagðist hafa ~~sagt~~ sagt foreldrum sínum frá þessu og beðið
þau um að senda þetta ef því yrði skilað, en ekki tilkynt
það til lögreglunnar, þar sem hún hefði áliðið að þessu
yrði skilað ef það fyndist, þar sem nafn og heimilisfang
var í því. Sagðist aðeins kannast við Unni Jökulsdóttir.
Sagðist ekki hafa verið í Grindavík.

Ekki verið á Selfossi og ekki unnið hjá Pósti og síma.

Eg sagði Guðrúnu hvað hefði gerst og sýndi henni undirskriftina á skeytunum. Hún sagðist ekki þekkja þessa skrift og ekki þekkja neinn, sem hefði svögglega orðið ríkur, síðan í ágúst s.l. Sagðist ekki hafa lánað neinum nafnskírteini sitt. Lofaði að láta mig vita ef hún yrði einhvers vísari í þessum sambandi. Lét mig hafa prufu af skrift sinni. N.Snæhólm.

9-12-74. Í dag fór eg vestur á Melabraut og talaði við móðir Guðrúnar og skírði henni frá því að eg hefði verið vestur og hversvegna. Hún sagði mér að Guðrún hefði sagt þeim frá því að hún hefði glatað veski sínu með skilríkjum, er hún hefði farið í einhyvern skemmtistað kvöldið áður en hún fór vestur. Sagðist ekki muna mánaðardaginn fyrir vist. Eg lofaði frúnni að sjá undirskriftina á skeytunum, en hún þekkti hana ekki.

N.Snæhólm.

Rétt er að geta þess, að þann 5-12-74. fór eg með nokkrar kvenmyndir, eða mynd af U.J., S.A., H.A. og tvær af E.B. aðra tekna 1973 og hina 1974, og sýndi Svölu þær, til að vita hvort nokkuð neistaði hjá henni. Eftir að hafa skoðað myndirnar, sagði Svala að sér findist sú á neðri myndinni, þ.e. myndin af E.B. frá 1974, ~~vera~~ vera líkust stúlkunni sem spurði um skeytin, en ekki þora að fullyrða neitt í því sambandi. Hún vissi ekki að sama stúlkan var á báðum myndum.

Pá fór eg með myndirnar heim til Þorsteins,

sem sagði eftir að hafa skoðað þær, að E.B. á mynd 1974, væri líkust stúlkunni, en sagði að stúlkan hefði alls ekki verið með rauðbrúnt hár eins og E.B. Það hefði verið ljósleitt.

17-12. fór eg með myndirnar austur á Selfoss og sýndi þær par. Gjaldkerinn í bankanum gat ekkert sagt. Stúlkurnar í pósthúsini sögðu hinsvegar að þeim findist myndin af E.B. vera einna líkust stúlkunni.

N.Snæhólm.

8-1-1975. Þá er mætt í máli þessu sem vitni, Hólmfriður Jónsdóttir, tilh. Álfheimum 31, sími 306661, f. 28-2-1952.

Mættu er birt tilefni yfirheyrlunnar og sýndar þær 5 póstávisanir er liggja hér frammi. Hún skýrir í þessu sambandi svo frá:

Eg sé tryggilega að eg hef tekið á móti og skrifað þessi 5 skeyti, en eg vinn á ritsímanum. Mig rámar í að eg hafi spurt stúkkuna sem sandi skeytin hvort hún væri ný, en það held eg að hafi verið vegna undirskriftarinnar Steinunn Stefánsdóttir, því eg er búin að vera það lengi á ritsímanum og kannaðist ekki við þetta nafn á stúlku í símstöðinni í Grindavík, en stúlkan sem hringdi sagði að þetta væri í Grindavík og að hún ætlaði að senda 5 skeyti. Eg spyr þá fyrst um númer á póstávísunninni og fékk það. Síðan spurði eg um skeytisnúmerið og fékk það, og næst spyr eg um greiðið og þá fæ eg upphæðina og síðan fyrir og þá kemur inngreiðandi. Og næst er til og þá kemur nafn þess sem á að fá greiðsluna.

, Stundum segir ðeir Grindavík í dag og stundum spyr eg um undirskriftina. Mér fannst þetta vera mikil upphæð. Mig minnir að eg hafi spurt stúlkuna um hvort ekki ætti að vera heimilisfang á móttakanda, en eg man ekki svarið við því. Það er ekki hægt að heyra hvort hringt er svona frá símstöðvum, vegna þess að það eru ekki notaðar ritvélar. Svo finnst mér það vera þannig í Grindavík, eða raddir stulknanna þar, að ekki sé hægt að átta sig á þeim, eða þekkja þær í síma.

Þegar eg tekju á móti skeytum, reyni eg að vera eins fljót að því og eg get, til að anna afgreiðslunni, og því er enginn tími til að vera að hugsa út í þetta. Skeytin fara frá mér fram til varðstjóra og þaðan í skeyta útsendingu og þaðan út á pósthús.

Eg hef ekki hugmynd um við hvern eg talaði í umrætt sinn er eg tók á móti þessum skeytum. Eg man ekki hvort nokkurt hik var á stúlkunni, enda njálpaði eg henni með því að spyrja alltaf, og svo tekur maður á móti svo mörgum skeytum á dag. Eg man ekki til að þessi kvenmaður hefði nokkra sérstaka rödd, eða nokkuð í henni sem hægt væri að átta sig á, eða sem eg kannaðist við. Eg var að koma út fjögurra mánaða frii er þetta skeði, eða nýbyrjuð aftur.

Upplesið, játað rétt. Hólmfríður Jónsdóttir.

Hólmfríður Jónsdóttir,

19. des. 1975 kl. 19:50 er mætt hjá rannsóknarlögreglunni í Rvk. í fangelsinu við Síðumúlaæ ~~x~~ Erla Bolladóttir húsmóðir til heimilis að Þverbrekkdu 4 í Kópavogi sími 43848, fædd 19. 7. 1955 í Rvk.

Gætt er 1. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mala og mættu er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar.

Aðspurð og áminnt um sannsögli skýrir mætta frá eftirfarandi: Í skýrslu minni í máli nr. 5188/1974 hef ég hér áður ~~x~~ skýrt frá því, að ég hafi starfað hjá Pósti og Síma hér í borginni. Þar skýrði ég einnig frá því, að mér er og var kunnugt um á hvern hátt peningasendingar fóru fram ~~x~~ á vegum stofunarinnar. Í þeirri skýrslu skýrði ég frá því, að ég hefði í félagi við samþýlismann minn Sævar Ciesielski, ~~x~~ svikið út kr. 475.000,00 hjá Pósti og Síma.

Petta sama framkvæmdum við um tveim mánuðum síðar. Við vorum þá að verða peningalaus ~~x~~ og stakk Sævar þá upp á að svíkja aftur út peninga hjá Pósti og Síma. Sú fjárhæð, sem við nú svikum út, var sú sama og í fyrra skiptið, eða samtals kr. 475.000,00. Peningana notuðum við svo til ýmissa hluta, ~~x~~ skemmta okkur og því um líklt, en ekki til neins sérstaks.

I þessu síðara tilviki þá bjuggum við að Hjallavegi 31, en ekki notuðum við símann þar, heldur heima hjá móður Sævars að Grýtubakka 10. Sævar útbjó þá einnig hljóðið inn á símann og notaði til þess hljómtæki bróðurs síns á staðnum. Ég vil taka það fram, að Sævar var frumkvöðullinn að þessu, sem og í fyrra skiptið. Ég hringdi nú sem áður í 06 og þóttist vera á símstöðinni í Grindavík. Peningasendinguna stílaði ég á nafnið Guðrún Sigkríður Jónsdóttir og sendanda Jón Guðmundsson framkvæmdastjóra. Peningana átti svo að senda í pósthusið í Umferðarmiðstöðinni. Ég held þetta hafi verið á föstudegi sem í fyrra skiptið og of áliðið til þess að leysa út peningana fyrr en á næstkomandi mánu-degi. Þá um morguninn fórum við svo í Umferðarmiðstöðina og ég spurði eftir peningunum. Ekki reyndust peningarnir vera komnir þangað, en afgreiðslustúlkun hringdi í aðalpósthusið og fekk staðfest þar, að ~~þengilið~~ þar væru peningarnir tilbúnir til afgreiðslu. Einnig kom í ljós, að ekki voru fyrir hendi svona snemma dags nægilega miklir peningar í pósthusinu í Umferðarmiðstöðinni til þess að greiða út fjárhæðina. Endirinn varð því sá, að ég bað um, að peningarnir yrðu sendir í pósthusið á Selfossi, en þangað ætti ég erindi og ætti að afhenda peningana þar. Ekki var það fyrirfram ákveðið af hálfu okkar Sævars að láta senda peningana

þangað, heldur var það mín hugdetta á staðnum. Sævar var einnig barna í Umferðarmiðstöðinni, en stóð álegndar meðan ég ræddi við afgreiðslufólkið í pósthúsínu. Aður en við fórum í pósthúsið, þá hafði Sævar sagt mér að láta lita á mér hárið svo ég síður bekktist, en af því varð ekki. Aftur á móti málaði ég mig í andliti að hans fyrissögn og hann létt mig klæðast skinnjakka, sem hann tók heima hjá móður sinni. Systir hans mun hafa átt jakkann, en hún vissi ekkert um petta athæfi okkar. Ekki get ég gert mér grein fyrir hvað svo varð um jakkann síðar, en ég held hann hafi komist á sinn stað aftur.

Við gerðum ~~xix~~ nú ekkert frekar í því að sinni að ná út peningunum, heldur fórum á Selfoss morguninn eftir. Pangar ferðumst við með því að sníkja okkur far með einhverri bifreið, sem var á leið þangað. A Selfessi fór ég í pósthúsið og þangað reyndust peningarnir komnir. Ekki fekk ég þá afhenta í reyðufé, heldur fekk ég tékka á Landsbankann á staðnum að fjárhæð kr. 475.000,00. Þann tékka fór ég svo með í bankaútibúið og fekk hann greiddan. A meðan ég fór í pósthúsið og bankann, þá beið Sævar útandyra. Hingað til borgarinnar fórum svið svo á sama hátt og austur.

Mér hefur hér verið ~~sýnt ljósrit af tékka~~ að fjárhæð kr. 475.000,00 á Landsbanka Íslands útibúið á Selfossi útgefinn til Guðrúnar Sigriðar Jónsdóttur 3268-~~2138~~ á Selfossi 22. 10. 1975 af K. Forberg og stimpluðum Póstur og Sími Selfossi. Tékkinn er framseldur með nafninu Guðrún S. Jónsdóttir ~~xix~~ nnr. 3268-1238. Æg kannast við tékka þann, sem ljósrit petta er af og það tékki sá, sem ég fekk greitt með á Selfossi og útleysti svo þar. Ekki skrifaði ég neitt á tékkann, nema nafn framseljanda og nafnnúmer.

Þá hafa mér hér verið sýnd 5 símskeyti, sem eru póstávisanir nr. 1907, 1908, 1909, 1910 og 1911, allar á pósthús R-6. Texti ~~fjögurra~~ ~~póstávisanana~~ er: Greiðið ~~XXXXXXXXXX~~ 100.000,00 krónur, eitt hundrað þúsund krónur 00/100. Fyrir Jón Guðmundsson framkvæmdastjóra, til Guðrúnar Sigriður Jónsdóttir nno. 3268-2138 Poste Restante. Grindavík 18/10 1974 Steinunn Stefánsdóttir. Texti fimminta tékkans er sá sami, nema þar er fjárhæðin kr. 75.000,00 Sem viðtaknadi hefur verið skrifað á allar póstávisanirnar nafnið Guðrún S. Jónsdóttir.

Æg kannast við rithönd mína á nafni viðtakanda á öllum ~~póst-~~ ávisunum, enda ritaði ég á þær allar, er ég fekk afhentann tékkann á Landsbankann á Selfossi.

Þegar ég ritaði nafnið á póstávisanirnar, þá framvísaði ég ~~nafnuskírtum~~


nafnskírteini með nafni því, sem ég skrifaði. Í því var mynd, en hún var ekki af mér, heldur mun hún hafa verið af réttum eiganda skírteinisins. Ekki var þó gerð nein athugasemd við það, enda held ég, að enginn hafi tekið eftir því.

Nafnskírteini þetta lagði Sævar mér til. Hann aflaði þess á þann hátt, að nokkru áður, raunar áður en til tals kom að framkvæma þetta, þá stal hann kvennveski í samkomuhúsinu Tjarnarbúð hér í borginni. Við vorum þar á dansleik og vorum stödd í anddyrinu á leið út. Þá bað hann mig að bíða og fór inn aftur. Hann kom svo fljóttlega til baka með þetta veski, rétti mér það og sagði mér að fela það. Ég tók við veskinu og faldi það undir yfirhöfn minni. Sævar sagði mér svo að fara út úr húsinu og bíða sín þar í grendinni, havð ég gerði. Hann kom svo til míni rétt á eftir og við gengum saman upp í Grjótaborp. Þar gáði Sævar í veskið og reyndist það hafa inni að halda ýmis persónuskilríki Guðrúnar Sigriðar Jónsdóttur og snyrtidótt. Ekki man ég eftir neinum peningum í því. Ekki man ég hvað við gerðum svo við veskið, en mér finnst líklegast, að við höfum hent því einhvers staðar. Þegar þetta gerðist, þá var Kristján Viðar Viðarsson með okkur og vissi hann allt hvað gerðist.

Yfirheyrslu lauk kl. 21:20.

Upplesið, staðfest:

Vottur:



Sigurbj. V. Eggertss.

Erla Bolladóttir



E. N. Bjarnason

löggreglum.



ll. jan. 1976 kl. 1505 er mættur hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. í málí þessu í fangelsinu við Síðumúla, Sævar Ciesielksi kvíkmyndagerðarmaður til heimilis að Þverbrekku 4 í Kópavogi sími 43848 (lögheimili að Grýtubakka 10 Rvk.) fæddur 6. 7. 1955 að Stóra Hofi í Gnúverjahrepp í Árnesssýslu.

Gætt er 1.málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar.

Aðspurður og ámynttur um sannsögli skýrir mætti frá eftir-farandi: Svo sem fram er komið í framburði mínum Kér á undan í máli nr. 5188/1974, þá sveik ég í ágústmánðui 1974 út kr. 475.000,00 hjá Pósti & Síma og framkvæmdi það f með aðstoð Erlu Bolladóttur samþýlsikonu minnar og Guðrúnar Önnu Guðmundsdóttur. Það sama framkvæmdi ég í október sama ár með aðstoð Erlu, en þá kom Guð-rún Anna þar hvergi nærri, enda þá látin.

Svíkin voru framkvæmd á sama hátt og í hið fyrra sinni, ~~þá~~ nema Erla hringdi úr síma heima hjá móður minni að Grytubakka 10 og Erla veitti peningunum viðtöku. Sem fyrr var þetta framkvæmánlegt vegna pekkingar Erlu á peningasendingakerfi Pósts & Síma. Æg átti sem fyrr hugmyndina að því að gera þetta en fannst það alveg kjörið, því það hafði gengið svo vel í fyrra tilvíkinu. Erla hringdi í 06 og kvaðst vera í símstöðinni í Grindavík og bað um, að peningarnir yrðu sendir í pósthúsið í Umferðarmiðstöðinni hér í borginni. Sem í fyrra skiptið, þá var þetta gert svo síðla á föstudagi, að ekki reyndist unnt að ná peningunum út þá og urðum við að bíða með það til mánudags.

Par sem ákveðið hafði verið, að Erla veitti peningunum viðtöku, þá taldi ég nauðsynlegt, að hún dulbyggi sig á einhvern hátt, eða við gerðum eitthvað til þess að hún myndi síður þekkjast. Erla hafði starfað hjá Pósti og Síma og var því hætta á, að hún rækist á einhvern, sem þekkti hana, þó ekki væri nema í sjón. Æg lagði til, að Erla litaði á sér hárið, en af því varð ekki. Aftur á móti málæði hún sig í andliti og gerði það að minni fyrirsögn og hún klæddist jakka, sem systir mínn átti og ég tók traustataki heima hjá móður minni. Við fórum svo í Umferðarmiðstöðina, en peningarnir voru ekki þangað komnir. Erla fór að afgreiðslunni, en ég stóð álengdar. Í ljós kom, að peningarnir væru í aðalþósthúsínu héryxum og þangað gæti Erla vitjað þeirra, en því treysti hún sér að sjálfsögðu, ekki tið, það því starfsfólk þar hefði að öllum líkendum borið kennsl á hana. Erla bað því um

að peningarnir yrðu sendir í pósthúsið á Selfossi, því þangað væri hún að fara.

Daginn eftir héldum við Erla til Selfoss og ferðuðumst með þeim hætti, að sníkja okkur far með einhverri einkabifreið, sem var á leið þangað. Á Selfossi fór Erla í pósthúsið og spurði um peningana, sem voru komnir þangað. Erla framvísaði nafnskírteini með nafninu Guðrún S. Jónsdóttir, en það nafn hafði hún gefið upp sem nafn viðtakanda, er hún hringdi fyrst íx 06. Erlu ~~xxxxxx~~ gxx var nú greidd samanlögð fjárhæð póstávísanna, það er kr.

475.000,00 með tékka á Landsbankann á Selfossi. Þann tékka fór Erla svo með í bankann þar og fekk hann greiddan í peningum.

~~XXXXXX~~ Meðan Erla var að pessu, þá beið út utandyra bæði við pósthúsið og bankann. Eg sá því aldrei póstávísanirnar, eða tékkann. Hingað til borgarinnar fórum við svo þegar til baka og með sama hætti og við höfðum farið austur.

Tilefnið til þess, að við fórum út í þessi fjárvík öðru sinni, var það, að við vorum í fjárröng og eins hafði þetta tekist svo vel í fyrra skiptið. Ekki man ég fyrir vist til hvers við notuðum pessa peninga, en skömmu síðar, eða í byrjun desember, þá fórum við til Danmerkur gg hafa peningarnir vafalaust verið notaðir að einhverju leiti til þeirrar farar.

Nafnskírteini það, sem ég lét Erlu hafa og hún framvísaði við móttöku peninganna, var þannig komið í mínar hendur, að ég stal kvennveski í samkomuhúsínu Tjarnarbúð nokkru áður. Þá var Erla þar með mér, svo og Kristján Viðar Viðarsson og var þeim báðum kunnugt um það, að vísu held ég ekki fyrr en eftirá. Ekki man ég hvort peningar voru í veskinu, en því, ásamt mestu af innihaldinu var hent einhvers staðar ekki mjög langt frá Tjarnarbúð.

Yfirheyrslu lauk kl. 15:45.

Upplesið, staðfest:

Vottar:

Gunnar Hannesson.
Gunnar Marinsson

Hogni Einarsson.

Samuel Ciesielski
Sævar Ciesielski

E. N. Bjarnason
lögreglum.



LANDSBANKI ÍSLANDS

152
26

163

ÚTIBÚIÐ Á SELFOSSI

Nr. 286643

GREIDÐ GEGN
TEKKA ÞESSUM

KR.

475,000,00

KRÓNUR

Guðrún Sigurðardóttir 3268-2138
Fjögur hundar og sjötta og fimm öflugur
EDA EFTIR FRAMSÁU

H

HLAUPAREIKNINGUR

NR. 1129

Selfossi 22
10 1974

POSTUR OG SÍMI
SELFOSSI

T. Fiskberg

Gudrún S. Jónsdóttir.

Nr. 3268-1238.



164

NR 227-1238-475,000,00

Landssíminn.

Símskeyti

Póstávísun 1907,

Pósthús R-6.

165

18. okt. 1974

Reykjavík

Athugasemdir símaþjóna.

LANDSSÍMI ÍSLANDS



Símskeyti frá	nr.	orð	dags.	kl.	Meðtekið frá	dags.	kl.	af
Grindavík.	32.	23.	18.10.	17.45	Grv.	18.10.	17.45	HJ.

Greiðið 100.000- Krónur Eitt hundrað þúsund krónur oo/100.
Fyrir Jón Guðmundsson framkvæmdastjóra,
Til Guðrún Sigriður Jónsdóttir, nno. 3268-2138 Poste Restante.

Grindavík 18/10 1974,
Steinunn Stefánsdóttir.

GREITT

Reykjavík / 19

Steinunn S. Stefánsdóttir

Landssíminn.

Símskeyti

Póstávisun 1908, 18. okt. 1974

Pósthús R-6.

166

Reykjavík.

LANDSSÍMI  ÍSLANDS

Athugasemdir símaþjóna.

Símskeyti frá	nr.	orð	dags.	kl.	Meðtekið frá	dags.	kl.	af
Grindavík.	31.	23.	18.10	17.45	Grv.	18.10	17.45	HJ.

Greiðið 100.000,00 Krónur Eitt hundrað þúsund 00/100.

Fyrir Jón Guðmundsson, framkvæmdastjóri,

Til Guðrún Sigriður Jónsdóttir Nro 3268-2138, Poste Restante.

Grindavík 18/10 1974,
Steinunn Stefánsdóttir.

GREITT

Self 21.10.1974

Guðrún S. Jónsdóttir

Landssíminn.

Símskeyti

167

Póstávísun 1909,

Pósthús R-8. okt. 1974

Reykjavík.

LANDSSÍMI  ÍSLANDS

Athugasemdir símaþjóna.

Símskeyti frá	nr.	orð	dags.	kl.	Meðtekið frá	dags.	kl.	af
Grindavík.	30.	23.	18.10	17.45	Grv.	18.10	17.45	HJ

Greiðið 100.000,00 Krónur Eitt hundrað þúsund oo/100.

Fyrir Jón Guðmundsson, framkvæmdastjóri,

Til Guðrún Sigriður Jónsdóttir, nno 3268-2138, Poste Restante.

Grindavík 18/10 1974,
Steinunn Stefánsdóttir.

GREITT
Sæf 22.10.1974
Guðrún S. Jónsdóttir

Landssíminn.

Símskeyti

18. okt. 1974

Póstávísun 1910,

Pósthús. R-6.

168

Sent

Selgoss

Reykjavík.

Athugasemdir símaþjóna.



Símskeyti frá Grindavík.	nr. 29.	orð 23.	dags. 18.10	kl. 17.45	Meðtekið frá Grv.	dags. 18.10	kl. 17.45	af HJ
-----------------------------	------------	------------	----------------	--------------	----------------------	----------------	--------------	----------

Greiðið 100.000,00 Krónur Eitt hundrað þúsund oo/100.

Fyrir Jón Guðmundsson framkvæmdastjóri,

Til Guðrún Sigriður Jónsdóttir nno. 3268-2138, Poste Restante.

Grindavík 18/10 1974,
Steinunn Stefánsdóttir.

GREITT
Selgoss 22.10 1974
Lyndið S. Jónsdóttir

Landssíminn.

Símskeyti

169

Póstávísun 1911,

Pósthús R-6. 18. 10. 1974

Reykjavík.

LANDSSÍMI ÍSLANDS



Athugasemdir símaþjóna.

Símskeyti frá	nr.	orð	dags.	kl.	Meðtekið frá	dags.	kl.	af
Grindavík.	28.	23.	18.10.	17.45	Grindavík.	18.10.	17.45	HJ

Greiðis 75.000.- Krónur Sjötu og fimm þúsund oo/100.

Fyrir Jón Guðmundsson framkvæmdastjóri,

Til Guðrún Sigríður Jónsdóttir, nno. 3268-2138, Poste Restante.

Grindavík 18/10 1974,
Steinunn Stefánsdóttir.

GREITT

*Reykjavík 22.10.1974
Selgjá
Guðrún S. Jónsdóttir*

	Póstávísunar-símskeyti	Gjöld 72 -	Athugasemdir	Skeyti nr. 129	Sent til 170
		Orðafjöldi 23	Sent af	Dagsetn. 23-8	Mótt. kl. 30 Sent kl. 40

PÓSTÁVÍSUN

1591

Númer

PÓSTHÚS

R. v. k.

Ákvörðunarpósthus

Greiðið 1.000 Kr. aur.

Uppfædd í bólktöflum

fyrir Kláur Hemberg Íslenskveg 48

Nafn sendanda

Heimili

til Hugðagagnhöllum Langaveg 26.

Nafn viðtakanda

Heimili

Sími 21030

N/1115

ATH. Kalkipappír óparfur.



Rey 23-8-74

Pósthus

Dags/ár

Undirskrift póstmanns

	Póstávísunar-símskeyti	Gjöld 72.-	Athugasemdir	Skeyti nr. <i>130</i>	Sent af <i>JG</i>
			Orðafjöldi <i>23</i>	Sent til <i>KJ</i>	17
		Dagsetn. <i>23-8</i>	Mótt. kl. <i>17.</i>	Sent kl. <i>17.30</i>	

PÓSTÁVÍSUN

Númer

1592.

PÓSTHÚS

Beflaski
Akvörðunarpósthus

Greiðið

10.000 Kr. — aur.

Upphæð i bókstöfum

fyrir Gunnar Egilsson

Nafn sendanda

Helmill


til Jóhanna Jónsdóttir, Faxabraut 16

Nafn viðtakanda

Heimill

Sími

ATH. Kalkipappír óþarfur.

*KR. 23/8'74*

Pósthus Dags/ár

Ólður Gunnarsson
Undirskrift póstmanns

	Póstávísunar-símskeyti	Gjöld 72.-	Athugasemdir	Skeytl nr. 138.	Sent til R 172	
				Orðafjöldi 23	Sent af K8.	
				Dagsein. 26-8.	Mótt. kl. 10.30	Sent kl. 11.00

PÓSTÁVÍSUN

1593.

Númer

PÓSTHÚS

R

Ákvörðunarpósthús

Greiði 10,250 Kr. 00 aur.

Upphæð í bókstöllum

Sýrir Averinn Salomonsen Rípufell 43

Nafn sendanda

Heimili


til Sparisofarið Lundar

Nafn viðtakanaða

Heimili

Síml 12400.

ATH. Kalkipappir óþarfur.



Gre 26/8 74

Posthus

Dags/ár

Undirskrift póstmanns



Fullt nafn Erla Þórhild Ólafsdóttir

173

Staða Eyrarbakki

Nafnnr. 2147 - 0929

Heimili Álfheimars 40

Fædd. og ár 19. 7. 1955

Fæðingarst. Reykjavík

Tunga slerræka

Hæð 168 cm

Hár tannþrumint

Augu brinn

Sérkenni

Nr. 11493

Útg. 2574 Gildir til 84 Gr.

Áður útg. vegabréf

Útgst.

Sýnishorn undirskrifstar

Erla Þórhild Ólafsdóttir

Aðrar upplýsingar

7725000-5000

ísl. f. lökcos v. st. ey

Reykjavík

C. 1955



PÓST- OG SÍMAMÁLASTJÓRNIN

3
Lagt fram í sakadónum
Reykjavíkur 28.1.1971
Dagsetning vor
25.01.77
Dagsetning yðar
Tilvisun vor
C-1018/333/77
Tilvisun yðar
Ld 174

Sakadómur Reykjavíkur
Hr. Haraldur Henrysson
Borgartúni 7
Reykjavík

Vegna rannsóknar Sakadóms á 5 fölsuðum símapóstávísunum, sem út voru gefnar 23. 8. 1974 að upphæð alls 475.000,- kr. sbr. bréf Póst- og símamálastjórnar 5. 11. 1974, og síðar fram komnum fölsunum á öðrum 5 símapóstávísunum, útgefnum 18. 10. 1974 einnig að upphæð 475.000,- kr. skal tekið fram að Póst- og símamálastjórnin gerir kröfur til endurgreiðslu allra ávísananna samtals að upphæð 950.000, kr. auk vaxta og kostnaðar til greiðsludags.

f. h. póst- og símamálastjóra,

Paul V. Danielson
O. Karlsson

Póstfang	Aðsetur	Sími	Símnafni	Telex
Pósthólf 270 REYKJAVÍK	við Austurvöll	(91) 2 60 00	Postgen Gentel	2000 gentel is

E N D U R R I T

úr

S A K A D Ó M S B Ó K R E Y K J A V Í K U R

---ooo000ooo---

Ár 1975, föstudaginn 12. desember var dómþing
sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Erni
Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Yfirheyrsla samkvæmt 65. gr.

stjórnarskráinnar.

Í dóminum liggur frammi ófullgerð rannsóknarlöggreglu-
skýrsla.

Kl. 17.10 kemur fyrir dóminn Sævar Marinó Césielski,
kvíkmyndagerðarmaður, Þverbrekku 4, Kópavogi, fæddur 6.
júlí 1955 að Stóra-Hofi í Gnúpverjahreppi.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærði kveðst neita að vera viðriðinn við svik þau
sem hann er grunaður um.

Kærði kveðst ekki hafa neina vitneskju um mál þetta nema að kona hans hafi verið kölluð til yfirheyrslu vegna þess og svo hafi hann lesið um það í dagblöðum.

Upplesið játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Ár 1975, föstudaginn 12. desember var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 6. nóvember 1974 var kært til rannsóknar-lögreglunnar í Reykjavík vegna þess að sviknar höfðu verið kr. 475.000,- út úr Langholtsútibúi Pósts og síma hér í borg. Hinn 29. sama mánaðar barst svo önnur kæra um samskonar brot og var um að ræða sömu upphæð.

Hringt hafði verið að því er haldið var, frá símstöðinni í Grindavík og send 5 símskeyti, 4 samhljóðandi á kr. 100.000.- hvert, en það 5. á kr. 75.000.-. Sendandi sagður vera Steinunn Stefánsdóttir, Grindavík og móttakandi Unnur Jökulsdóttir, Sólheimum 25, postrestante. Upphæðirnar áttu að gréiðast í Langholtsútibúi. Í síðara skiptið var einnig hringt að haldið var frá Grindavík og send 5 símskeyti, fjögur samhljóða á kr. 100.000.- og eitt á kr. 75.000.-.

Símskeytin voru send fyrir Jón Guðmundsson, framkvæmdastjóra í Grindavík. Móttakandi var Guðrún Sigríður Jónsdóttir, postrestante.

. Við rannsókn málsins kom ekkert það í ljós, hver kynni að hafa staðið að fjárvíkum þessum. Guðrún Sigríður Jónsdóttir, var á Ísafirði, þegar brot þetta var framið. Hún hafði aftur á móti glatað veski sínu, áður en hún

hélt vestur til Ísafjarðar og var í veskinu m.a. Ökusírteini, nafnsírteini með mynd og skólaskírteini. Unnur Jökulsdóttir er ekki til í Sólheimum 25. Einnig hún kvaðst hafa glatað nafnsírteini sínu nokkru áður en fé þetta var svikið út.

Fyrir nokkru bárust rannsóknarlöggreglunni upplýsingar um það, að hér hefði verið að verki maður að nafni Sævar Marinó Ciesielski, Þverbrekku 4, Kópavogi. Hefði hann í fyrra skiptið fengið stúlkum til þess að leysa út fyrir sig féð samkvæmt símskeytinu, en stúlka þessi mun nú vera látin. Við samanburð á rithönd hinnar látnu og kvittun á símskeytinu, virðist vera um sömu rithönd að ræða, auk þess sem sama nafnnúmer er notað með einum staf breyttum. Í síðara skiptið tók einnig stúlka út peningana, í þetta sinn á pósthúsínu á Selfossi. Starfsfólkí pósthússins voru sýndar nokkrar myndir af stúlkum, þar á meðal myndir af Unni Jökulsdóttur og Erlu Bolladóttur. Myndirnar voru sýndar starfsfólkí í pósthúsínu í Umferðarmiðstöðinni, Landsbankanum á Selfossi og pósthúsínu á Selfossi. Allir þeir aðilar sem sáu myndirnar að bankagjaldkeranum undanteknum, kváðu Erlu Bolladóttur líkjast mest stúlkunni, sem leyst hefði út féð. Erla Bolladóttir, er eiginkona Sævars Marinós Ciesielski.

Kristján Viðar Viðarsson, refsifangi á Litla-Hrauni, hefur skýrt rannsóknarlöggreglunni svo frá, að Sævar Ciesielski hafi sagt honum að hann hefði verið parna að verki og að hann hefði meira segja sýnt sér féð. Sævar Marinó hefur hjá rannsóknarlöggreglu í dag og fyrir dómi neitað að hafa staðið að fjárvíkum þessum.

Sævar Marinó Ciesielski er grunaður um brot gegn XXVI.kafla almennra hegningarlaga og getur brot hans varðað hann fangelsisrefsingu og þykir því skilyrðum 65. gr. stjórnarskráinnar nr. 33/1944 um gæzluvarðhald fullnægt. Rétt þykir með vísan til 1. tl. 67. gr. 1. 74/1974 að úrskurða kærða Sævar í gæzluvarðhald á meðan rannsókn í málí þessu fer fram.

Rannsóknin virðist geta orðið bæði tafsöm og erfið og ákveðst gæzluvarðhaldstíminn með hliðsjón af því allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sævar Marinó Ciesielski sæti gæzluvarðhaldi í allt að 30 dögum.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði óskar eftir að Jón Oddsson hdl. verði skipaður réttargæzlumaður sinn.

Kærði kveðst munu hafa samráð við réttargæzlumann sinn um kæru á úrskurði þessum til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 17.27 og var

Vottar: farið með hann í varðhaldið.

Sigurbj.V.Eggertsson. Dómþingi slitið.

E.N.Bjarnason. Örn Höskuldsson.

Rétt endurrit staðfestir:

Skrifstofu sakadóms Reykjavíkur 16. desember 1975.



E N D U R R I T

úr

S A K A D Ó M S B Ó K R E Y K J A V Í K U R

-----ooo-----

Ár 1975, laugardaginn 13. desember var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Yfirheyrsla samkvæmt 65.gr.
stjórnarskrárinnar.

Í dóminum liggur frammi ófullgerð rannsóknarlöggregluskýrsla.

Kl. 16.30 kemur fyrir dóminn kærða, Erla Bolladóttir, húsmóðir, Þverbrekku 4, Kópavogi, f. 19. júlí 1955 í Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærða kveðst ekki hafa verið viðriðin það að svíkja út hjá Pósti og síma á síðastliðnu ári.

Kærða kveðst ekki vita hver stóð að fjárvíkum þessum.

Upplesið játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður:

Ár 1975 laugardaginn 13. desember var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 6. nóvember 1974 var kært til rannsóknar-lögreglunnar í Reykjavík vegna þess að sviknar höfðu verið kr. 475.000.- út úr Langholtsútibúi Pósts og síma hér í borg. Hinn 29. sama mánaðar barst svo önnur kæra um samskonar brot, og var um að ræða sömu upphæð.

Hringt hafði verið að því er halddið var frá símstöðinni í Grindavík og send 5 símskeyti, 4 samhljóðandi á kr. 100.000.- hvert, en það 5. á kr. 75.000.-. Sendandi sagður vera Steinunn Stefánsdóttir, Grindavík og móttakandi Unnur Jökulsdóttir, Sólheimum 25, postrestante. Upphæðirnar áttu að greiðast í Langholtsútibúi. Í síðara skiptið var einnig hringt að halddið var frá Grindavík og send 5 símskeyti, fjögur samhljóða á kr. 100.000.- og eitt á kr. 75.000.-. Símskeytin voru send fyrir Jón Guðmundsson, framkvæmdastjóra í Grindavík. Móttakandi var Guðrún Sigríður Jónsdóttir, postrestante.

Við rannsókn málsins kom ekkert það í ljós, hver kynni að hafa staðið að fjárvíkum þessum. Guðrún Sigríður Jónsdóttir, var á fsafirði, þegar brot þetta var framið. Hún hafði aftur á móti glatað veski sínu,

áður en hún hélt vestur til Ísafjarðar og var í veskinu m.a. ökusírteini, nafnsírteini með mynd og skólaskírteini. Unnur Jökulsdóttir er ekki til í Sólheimum 25. Einnig hún kvaðst hafa glatað nafnsírteini sínu nokkru áður en fé þetta var svikið út.

Fyrir nokkru bárust rannsóknarlöggreglunni upplýsingar um það að hér hefði verið að verki, maður að nafni Sævar Marinó Ciesielski, Þverbrekku 4, Kópavogi. Hefði hann í fyrra skiptið fengið stúlku til þess að leysa út fyrir sig féð samkvæmt símskeytinu, en stúlka þessi mún nú vera látin. Við samanburð á rithönd hinnar látnu og kvittun á símskeytinu, virðist vera um sömu rithönd að ræða auk þess sem sama nafnnúmer er notað með einum staf breyttum. Í síðara skiptið tók einnig stúlka út peningana, í þetta sinn á pósthúsínu á Selfossi. Starfsfólkí pósthússins voru sýndar nokkrar myndir af stúlkum, þar á meðal myndir af Unni Jökulsdóttur og Erlu Bolladóttur. Myndirnar voru sýndar starfsfólkí í pósthúsínu í Umferðarmiðstöðinni, Landsbankanum á Selfossi og pósthúsínu á Selfossi. Allir þeir aðilar sem sáu myndirnar að bankagjaldkeranum undanteknum, kváðu Erlu Bolladóttur líkjast mest stúlkunni, sem leyst hefði út féð. Erla Bolladóttir, er eiginkona Sævars Marinós Ciesielski.

Kristján Viðar Viðarsson, refsifangi á Litla-Hrauni, hefur skýrt rannsóknarlöggreglunni svo frá, að Sævar Ciesielski hafi sagt honum að hann hefði verið parna að verki og hann hefði meira að segja sýnt sér féð.

Erla Bolladóttir, hefur í dag hjá rannsóknarlöggreglu og fyrir dómi neitað að hafa átt hlutdeild í fjárvíkum

pessum.

Erla Bolladóttir, er grunuð um hlutdeild í broti gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga og getur brot hennar varðað hana fangelsisrefsingu og þykir því skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinna nr. 33/1944 um gæzluvarðhald fullnægt. Rétt þykir með vísan til l. tl. 67. gr. laga.nr.74/1974 að úrskurða kærðu Erlu í gæzluvarðhald á meðan rannsókn í mali þessu fer fram.

Akveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærða, Erla Bolladóttir sæti gæzluvarðhaldi í allt að 30 dögum.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærða kveðst óska eftir að Jón Oddsson hdl. verði skipaður réttargæzlumaður sinn.

Kærða kveðst munu hafa samráð við réttargæzlumann sinn um kæru á úrskurði þessum til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærða vék frá kl. 16.41 og var Vottar: farið með hana í varðhaldið.

Eggert N.Bjarnason.

Dómþingi slitið.

Sigurbj.V.Eggertsson.

Örn Höskuldsson.

Rétt endurrit staðfestir:

Skrifstofu sakadóms Reykjavíkur 16. desember 1975.



Nr. 6 Lagt fram í sakadómi
Reykjavíkur

E N D U R R I T

ú r

S A K A D Ó M S B Ö K R E Y K J A V Í K U R

---ooo000ooo---

Ár 1976, sunnudaginn 11. janúar var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu að Siðumúla 28 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál

I dominum liggja frammi 2 rannsóknarlögregluskyrslur.

Kl. 15.45 kemur fyrir dóminn kærði Sævar Marinó Ciecielski gæzlufangi, Þverbrekku 4, Kópavogi, f. 6. júlí 1955 að Stóra-Hofi í Gnúpverjahreppi.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærði viðurkennir að hafa svikið út úr Pósti og Síma kr. 475.000 tvívegis eða samtals kr. 950.000.

Kærði kveðst hafa notið aðstoðar Guðrúnar Önnu Guðmundsdóttur í fyrra tilvakinu og Erlu Bolladóttur í því seinna.

Kærða er kynntur framburður hans hjá rannsóknarlögreglu í dag.

Kærði kveður rétt eftir sér haft í báðum skýrslunum og staðfestir undirskrift sína.

Upplesið, játað rétt bókað

Kærði vék frá kl. 15.52

Dómpingi slitið

Örn Höskuldsson

Vottar:

Eggert Bjarnason

Guðrún Björnsdóttir

Rétt endurrit staðfestir,

skrifstofu sakadóms Reykjavíkur, 14. desember 1976

*I.M.
Guðrún Björnsd.*

